



UMHVERFISSTOFNUN

Skilaskýrsla starfshóps vegna stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum

Skilaskýrsla starfshóps vegna stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum

Aðdragandi

Þjórsárver voru fyrst friðlýst sem friðland þann 3. desember 1981. Smávægilegar lagfæringar voru gerðar á markalýsingu friðlandsins og ný auglýsing um friðland í Þjórsárverum tók gildi þann 10. nóvember 1987 (sjá auglýsingu í viðauka I). Árið 1990 var friðlandið Þjórsárver skráð á lista Ramsarsamningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði, einkum vegna fuglalífs, en Ísland hefur verið aðili að samningnum síðan árið 1978 (Stj.tíð. C, 1/1978).

Í gegnum tíðina hafa verið bornar fram á Alþingi tillögur til þingsályktunar sem fela í sér aukna vernd náttúruminja á hálendi Íslands og einnig um skráningu svæða á heimsminjaskrá UNESCO. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 2007 um yfirlitsskrá yfir framtíðartilnefningar Íslands er ekki fjallað um Þjórsárver.

Á 123. löggjafarþingi 1998-1999 var borin upp eftirfarandi tillaga til þingsályktunar um þjóðgarða á miðhálandinu: „*Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta undirbúa, í samvinnu við skipulagsyfirlönd og hugsanlega rétthafa, stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálandi Íslands er hafi innan sinna marka helstu jökla og aðliggjandi landsvæði. Ráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi 1999 og stefnt verði að formlegri stofnun þjóðgarðanna árið 2000.*“ Þjóðgarðarnir fjórir sem tillagan nær til eru Vatnajökulsþjóðgarður, Hofsjökulsþjóðgarður, Langjökulsþjóðgarður og Mýrdalsjökulsþjóðgarður. Um Hofsjökulsþjóðgarð segir m.a. að áætluð stærð hans sé 2.230 km² og að innan marka hans sé allur Hofsjökull, friðlandið í Þjórsárverum og Kerlingarfjöll, en þau eru á heimsminjaskrá.

Á 132. löggjafarþingi 2005-2006 var borin upp tillaga til þingsályktunar um að undirbúa skráningu á miðhálandi Íslands á heimsminjaskrá UNESCO: „*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn Íslands að setja miðhálandi Íslands á yfirlitsskrá yfir þá staði sem ætluð er að skrá á heimsminjar UNESCO og fela heimsminjanefnd Íslands að undirbúa umsókn þar að lútandi.*“ (Þskj. 1083 -747. mál). Ári síðar, eða á 133. löggjafarþingi var borin fram tillaga til þingsályktunar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum: „*Alþingi ályktar að Þjórsárver, stærsta og gróðurrikasta votlendi á hálendi Íslands, skuli vera vernduð í heild sinni. Í því augnamiði skulu núverandi mörkum friðlandsins breytt og það stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna ásamt Þjórsá og nærliggjandi svæðum að Sultartangalóni. Þá skuli unnið að því að hið stækkaða Þjórsárverafriðland verði tilnefnt á heimsminjaskrá UNESCO. Alþingi felur ríkisstjórn að hefja nú þegar nauðsynlegan undirbúning að framkvæmd ályktunarinnar svo að auglýsa megi hin nýju friðlandsmörk eigi síðar en vorið 2007.*“

Málefni er varða Þjórsárver voru enn tekin fyrir á 141. löggjafarþingi 2012-2013, en þann 14. janúar 2013 var samþykkt þingsályktunartillaga þar sem fram kemur: „*Alþingi ályktar, í samræmi við lög nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd eftirfarandi áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða. Samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætluninni verði tryggt að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið verði tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í verndar- og nýtingaráætluninni skal í samræmi við markmið laga nr. 48/2011 lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif*

nýtingar, þ.m.t. verndunar... “ Í verndar- og orkunýtingaráætluninni sem samþykkt var á Alþingi voru virkjunarkostir flokkaðir í þrjá flokka, orkunýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun falla þeir virkjunarkostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu í verndarflokk. Vegna svæða í þessum flokki er stjórnvöldum ekki heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu. Þá eru aðrar orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar óheimilar. Norðlingaölduveita, 566-567, 5 m.y.s. var flokkuð í verndarflokk. Í sömu grein laganna segir jafnframt að stjórnvöld skuli, þegar Alþingi hefur samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlun, hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða í verndarflokki. Um friðlýsingu vegna náttúruverndar fer samkvæmt lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999) en um friðlýsingu vegna menningarsögulegra minja fer samkvæmt Þjóðminjalögum (nr. 107/2001).

Auk alþingismanna sem hafa lagt fram tillögur um aukna verndun á miðhálandi Íslands hafa félagasamtök einnig látið sig málið varða, m.a. Áhugahópur um verndun Þjórsárvera og Landvernd. Einnig hafa náttúrufræðingarnir Roger Crofts¹ og Jack D. Ives² tjáð sig um verndargildi Þjórsárvera og nágrennis.


Tillaga að stækkun friðlands í Þjórsárverum

Á fundi ríkisstjórnar sem haldinn var þann 21. ágúst 2009 var samþykkt tillaga umhverfisráðherra um að hefja undirbúning að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað og friðun þess lokið hið fyrsta.

Í náttúruverndaráætlun 2009-2013 er einnig lagt til að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað. Sú tillaga byggir á úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands sem birt er í skýrslunni *Vistgerðir á miðhálandi Íslands – Þjórsárver* og kom út í desember 2009 (NÍ-01019) og skýrslunni *Tillögur að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, 14. mars 2007* sem unnin var af starfshóp á vegum umhverfisráðuneytisins. Tillaga Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem miðar fyrst og fremst við vistgerðina rústamýrarvist, er nokkuð frábrugðin endanlegri tillögu í náttúruverndaráætlun sem miðar við vatnasvið Þjórsárvera eins og gert er ráð fyrir í skýrslu starfshóps umhverfisráðuneytisins frá 2007. Í náttúruverndaráætlun er gert ráð fyrir að friðlandsmörkin nái nokkuð sunnar en starfshópurinn frá 2007 leggur til.

¹ Protecting a unique perpetuity, ágúst 2004; Saving the heart of Iceland, ágúst 2009.

² Report on a visit to Þjórsárver, Iceland 23-30 June, 2004



Tillögur að mörkum stækkað friðlands í Þjórsárverum, annars vegar til vinstri skv. náttúruverndaráætlun 2009-2013 þar sem miðað er við að friðlandið nái yfir allt vatnasvið Þjórsárvera, og hins vegar til hægri tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands sem miðar við að friðlýsta svæðið nái yfir allar rústamýrar og votlendi veranna. (Heimildir: Verndun svæða, vistgerða og tegunda. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna náttúruverndaráætlunar 2009-2013. NÍ-08008 og Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Lögð fyrir 137. löggjafarþing.)

Í erindi sem barst Umhverfisstofnun þann 25. ágúst 2009 óskaði umhverfisráðuneytið eftir því við stofnunina að hún hæfi sem fyrst undirbúning að stækkun friðlandsins í samræmi við þær tillögur sem fyrir lágu á þeim tíma í drögum að náttúruverndaráætlun 2009-2013 og voru síðar samþykkt. Skyldi stofnunin leita eftir samráði við landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Þess ber að geta að á fundi forstjóra Umhverfisstofnunar með umhverfisráðherra kom fram hugmynd þess efnis að hafa Hofsjökul allan innan friðlandsmarka og var það samþykkt af samstarfsnefndinni.

Samstarf

Umhverfisstofnun ákvað að vinna með sveitarstjórnnum á svæðinu að endurskoðun friðlýsingarinnar, *Auglýsing um friðland í Þjórsárverum, nr. 507/1987* og óskaði eftir tilnefningum í samstarfsnefnd. Einnig var ákveðið að kalla til samstarfs við sérfræðinga um náttúrufar og verndargildi svæðisins. Þá voru kallaðir til hagsmunaaðilar á svæðinu. Fljótlega eftir að verkefnið hófst var þess óskað að fulltrúi forsætisráðuneytis á sviði þjóðlendumála tæki þátt í verkefninu og var það María Magnúsdóttir.

Tilnefndir fulltrúar sveitarfélaga í samstarfsnefndinni voru:

Jón Vilmundarson, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
 Ísleifur Jónasson, fulltrúi Ásahrepps
 Halldóra Hjörleifsdóttir, fulltrúi Hrunamannahrepps
 Margeir Ingólfsson, fulltrúi Bláskógabyggðar
 Sigurbjartur Pálsson, fulltrúi Rangárþings ytra

Tryggvi Jónsson, fulltrúi Húnavatnshrepps
Einar E. Einarsson, fulltrúi Sveitarfélagsins Skagafjarðar
Þórarinn Magnússon, fulltrúi Akrahrepps
Jónas Vigfússon, fulltrúi Eyjafjarðarsveitar

Eftir sveitarstjórnarkosningar árið 2010 óskaði Umhverfisstofnun upplýsinga um endurnýjað umboð sveitarfélaga. Í kjölfar þess urðu breytingar á vinnuhópnum þar sem Magnús H. Jóhannsson tók sæti Sigurbjarts Pálssonar fyrir hönd Rangárbings ytra og Sigríður Magnúsdóttir tók sæti Einars E. Einarssonar fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð.

Í sérfræðingahópnum voru Sigurður H. Magnússon og Kristinn Haukur Skarphéðinsson frá Náttúrufræðistofnun Ísland og Gísli Már Gíslason frá Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands og formaður Þjórsárveranefndar.

Starf samstarfsnefndarinnar

Ný drög að friðlýsingarskilmálum voru kynnt á fundum með sveitarstjórnnum. Alls voru haldnir sex fundir með fulltrúum sveitarfélaga árið 2010. Í janúar var annars vegar haldinn fundur með sérfræðingum og hins vegar sameiginlegur fundur með öllum fulltrúum sveitarfélaganna, bæði á norður- og suðursvæði. Á seinni fundinum var tekin sú ákvörðun að funda til skiptis með norðan- og sunnanmönnum og voru í framhaldi af því haldnir þrjár fundir á hvoru svæði fyrir sig. Á fundunum voru ræddar ýmsar tillögur að nýjum mörkum friðlandsins, verndar- og nýtingarmöguleikar og tengsl við rammaáætlunarferlið. Teknar voru fyrir mismunandi tillögur að friðlýsingarskilmálum og kynnt ítarleg samantekt um verndun jökla, gildi verndunar og framkvæmd annarsstaðar í heiminum. Skiptar skoðanir voru um ágæti þess að taka jökulinn inn í fyrirhugaða friðlýsingu. Kynnt var flokkunarkerfi alþjóðanáttúruverndarsamtakanna, IUCN, og rætt um slóða og flokkun vega. Samhljómur var meðal sveitarfélaganna um að hefðbundnar veiðar á mink og ref yrðu áfram leyfðar innan friðlandsins.

Unnin var hagsmunaaðilagreining og hagsmunaaðilar kallaðir á fund í byrjun september. Þeir skiptust í eftirfarandi hópa: náttúruvernd, virkjanir, ferðaþjónusta og útivist, skálæigendur og „aðrir“. Á fundum með hagsmunaaðilum voru rædd drög að friðlýsingarskilmálum og farið yfir helstu viðfangsefni friðlýsingarviðræðanna fram að þessu. Óskað var eftir ábendingum og athugasemdum hagsmunaaðilanna.

Á haustmánuðum árið 2010 varð ljóst að sveitarfélögin á suðursvæðinu töldu mikilvægt að niðurstaða rammaáætlunar lægi fyrir áður en ákvörðun væri tekin um mörk hins friðlýsta svæðis.

Þann 7. október 2010 var haldinn fundur með umhverfisráðherra og fulltrúum sveitarstjórna á suðursvæðinu og nefndarmanna þaðan. Eftir fundinn með ráðherra varð hlé á verkefninu þar til haldinn var fundur þann 14. júní 2011. Á þeim fundi var farið yfir athugasemdir frá hagsmunaaðilum varðandi ýmis atriði og drög að friðlýsingarskilmálum auk þess sem verkefnið var rætt í tengslum við rammaáætlun. Á fundinum var ákveðið að nefndin myndi bíða niðurstöðu rammaáætlunar áður en tekin væri afstaða um mörk svæðisins að sunnanverðu.

Þann 14. janúar 2013 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um verndar- og orkunýtingaráætlun þar sem Norðlingaölduveita var flokkuð í verndarflokk áætlunarinnar. Í þann flokk falla þeir virkjunarkostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Vegna virkjunarkosta sem eru í verndarflokki eða svæða sem ástæða er talin til


að friðlýsa fyrir orkuvinnslu er stjórnvöldum ekki heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknnum eða orkuvinnslu og aðrar orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar eru óheimilar. Í 6. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun kemur fram að stjórnvöldum ber að hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem flokkuð eru í verndarflokk þegar Alþingi hefur samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlun. Í samræmi við niðurstöðu verndar- og orkunýtingaráætlunar var lagt til á fundi samstarfsnefndarinnar þann 21. febrúar 2013 að mörk stækkaðs friðlands í Þjórsárverum myndu ná suður fyrir fyrirhugað Norðlingaöldulón. Eftir umræður á fundinum var ljóst að ekki næðist sameiginleg niðurstaða um suðurmörk svæðisins að svo stöddu. Meirihluti nefndarinnar samþykkti þó tillöguna og var því stefnt að því að auglýsa mörkin þannig, að því gefnu að fjármagn fengist til að unnt verði að byggja svæðið upp og rekstur þess væri tryggður.

Þann 12. mars 2013 auglýsti samstarfsnefndin til kynningar drög að friðlýsingarskilmálum vegna stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi aðila. Samhliða kynningunni voru haldnir tveir kynningarfundir, þann 18. mars í Varmahlíð og þann 19. mars í Árnesi, Skeiða og Gnúpverjahrepp. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 3. apríl 2013 og bárust athugasemdir frá 11 aðilum (sjá Viðauki VIII).

Síðasti fundur samstarfsnefndarinnar var haldinn þann 8. apríl 2013. Á þeim fundi var farið yfir innkomnar athugasemdir að loknu kynningarferli og kynnt viljayfirlýsing umhverfis- og auðlindaráðerra um að leggja fram 28 m.kr. til stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum og til styrkingar innviða á Þjórsárverasvæðinu auk þess sem ráðherra mun beita sér fyrir því að fjárheimildir fáist til áframhaldandi uppbyggingar innviða á svæðinu og eflingar landvörslu. Á fundinum var einnig undirritað skilabréf með þremur skilyrðum sem formanni var falið að vinna að:

1. Ná samkomulagi við sveitarstjórnir Ásahrepps og Rangárþings ytra um suðurmörk hins friðlýsta svæðis austan Þjórsár.
2. Kort af reiðleiðum verði í samræmi við aðalskipulag viðkomandi sveitarfélaga.
3. Ganga frá korti vegna aksturs á snævi þakinni jörð í samráði við Gísla Má Gíslason og fulltrúa Ferðaklúbbsins 4x4.

Var kortum sem sýndu reiðleiðir og akstur á snævi þakinni jörð breytt í samræmi við skilyrði skilabréfsins. Hvað varðar mörk hins friðlýsta svæðis náðist samkomulag við sveitarstjórnir Ásahrepps og Rangárþings ytra um að suðurmörk hins friðlýsta svæðis austan Þjórsár voru færð og fylgja nú Kvíslaveituvegi og Svartá að Þjórsá.



Mörk núverandi friðlands í Þjórsárverum (græn lína) og tillögur samstarfsnefndar að mörkum stækkaðs friðlands (blá lína).

Aðrar ábendingar samstarfsnefndarinnar

Varðandi ákvæði þeirra friðlýsingarskilmála sem samstarfsnefndin hefur skilað af sér um vöktun er bent sérstaklega á að Veðurstofan mun annast vöktun Hofsjökuls líkt og verið hefur.

Í 7. gr. auglýsingar um friðlandi í Þjórsárverum og verndun rústamýrarvistar er kveðið á um að vistkerfi og líffræðileg fjölbreytni Þjórsárvera skuli þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum á eigin forsendum. Þá er jafnframt kveðið á um að fjarlægja skuli framandi tegundir plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á svæðið eða berast inn á það. Nefndinni er ljóst að í einhverjum tilfellum geta framandi tegundir borist inn á svæðið með eðlilegum hætti og að það getur verið þáttur af náttúrulegri þróun. Engu að síður telur nefndin að í því skyni að vernda einstætt lífríki veranna ætti að fjarlægja framandi tegundir, þar sem reynslan hefur sýnt að þessar tegundir verða oft ágengar og kæfa aðrar tegundir sem fyrir voru á svæðinu. Dæmi um þessar tegundir eru minkur, lúpína og skógarkerfill.

Þá leggur samstarfsnefndin einnig til að umfjöllun um sérstaklega mikilvæg svæði Þjórsárvera verði í verndaráætlun í samræmi við ábendingar frá Landvernd (sjá Viðauki VIII)

Viðauki I – eldri friðlýsingarskilmálar

Auglýsing um friðland í Þjórsárverum, Stj.tíð. B, nr. 507/1987

Auglýsing um friðland í Þjórsárverum.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Þjórsárver við Hofsjökul og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Lína, sem hugsast dregin frá Eiríksnípu sunnan í Hofsjökli norðaustur í ónefnt jökulsker 1 250 m y. s. norður af Arnarfelli hinu litla. Frá jökulskerinu hugsast dregin lína í öldu 644 m y. s. norðaustur af Þúfuveri. Þaðan suður í öldu 642 m y. s. austur af Þúfuveri, þaðan suðsuðvestur í öldu 634 m y. s. sunnan Þúfuvers, þaðan vestur í öldu 606 m y. s. vestnorðvestur yfir Þjórsá í öldu á Fjórðungssandi 622 m y. s. og þaðan aftur í Eiríksnípu. Línur milli punktanna hugsast beinar og hæðartölur eru samkvæmt uppdrætti Íslands, blöðum 65 og 66, gefnum út af Geodætisk Institut 1954.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Sérstök nefnd er [Umhverfisstofnun] til ráðuneytis um málefni friðlandsins. Hún skal þannig skipuð, að [Umhverfisstofnun], Landsvirkjun, hreppsnefnd Gnúpverjahrepps, stjórn Afréttamálafélags Flóa- og Skeiðamanna tilnefna einn mann hver. Þá tilnefnir Ásahreppur einn fyrir sína hönd og Djúpárhrepps. Starfstímabil fulltrúa hreppanna er hið sama og kjörtímabil þeirra. [Umhverfisstofnun] skipar formann ráðgjafarnefndar.
2. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatna og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema til komi leyfi [Umhverfisstofnunar].
3. Óheimilt er að skaða gróður og trufla dýralíf, svo og að hrófla við jarðmyndunum, gæsaréttum og öðrum minjum.
4. Umferð ökutækja er óheimil utan merktra ökuslóða og skal merking háð samþykki ráðgjafarnefndar samkvæmt 1. tölulið. Þó skal heimilt að nota snjóbíla og vélsleða á jökli og einnig á snjó og hjarni þegar gróðri stafar ekki hættu af.
5. Á tímabilinu 1. maí til 10. júní er umferð um varplönd heiðargæsar bönnuð.
6. Ríðandi mönnum er heimil för um svæðið á hefðbundnum leiðum.
7. Flug neðan 3.000 feta hæðar yfir friðlandinu utan jökuls er óheimilt á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst.
8. Reglur þessar hagma ekki hefðbundnum rétti bænda til umferðar vegna nytja og leita á svæðinu. Um upprekstur á svæðið fer eftir reglum, sem viðkomandi hreppsnefnd eða stjórnir afréttarmála og [Umhverfisstofnunar] setja að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar.
9. Notkun skotvopna er óheimil á friðlandinu.

[Umhverfisstofnun] getur veitt heimild til þessa að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum og kveðið nánar á um vernd svæðisins. Með friðlýsingu þessari er engin afstaða tekin til þess hverjir séu eigendur þess lands sem hún tekur til eða eigi þar takmörkuð eignarréttindi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. að ofan er Landsvirkjun heimilt að veita til Þórisvatns úr upptakakvíslum Þjórsár á Sprengisandi og austurþverám hennar, enda verði kappkostað að halda umhverfisáhrifum mannvirkja í lágmarki.

Ennfremur mun [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti veita Landsvirkjun undanþágu frá friðlýsingu þessari til að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 m y. s., enda sýni rannsóknir að slík lónsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati [Umhverfisstofnunar]. Rannsóknir þessar skulu gerðar á vegum ráðgjafanefndar samkvæmt 1. tl. Skal nefndin ennfremur fjalla um endanleg mörk umræddra mannvirkja, ráðstafanir til að draga úr óæskilegum áhrifum þeirra á vistkerfi Þjórsárvera og hugsanlega endurskoðun á vatnsborðshæð miðlunarlónsins. Nefndin skal og gera tillögu til stjórnar Landvirkjunar og [Umhverfisstofnunar] um nauðsynlegar rannsóknir í þessu sambandi og skal Landsvirkjun kosta þær að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi rannsóknaráætlun hlýtur samþykki stjórnar Landvirkjunar og [Umhverfisstofnunar].


Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 753/1981 um friðland í Þjórsárverum.


Menntamálaráðuneytið, 10. nóvember 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.


Runólfur Þórarinnsson



 UMHVERFISSTOFNUN http://www.ust.is	Friðland í Þjórsárverum	 Relíeðir	 Mörk friðlands í Þjórsárverum	 Blað nr. 1/1 ust2013020501	Plasmál: Kartavörpun: Lambert keliuvörpun Hnitstæða: ISNS3 Kartagerð: Guðni Hannesson LMÍ Dagi: 08-03-2013 © Landmælingar Íslands
		 Vegir með vegnr.  Vegir gerð F1  Vegir gerð F2  Vegir gerð F3			




 UMHVERFISSTOFNUN http://www.ust.is	Friðland í Þjorsárverum	 Reiðleiðir	 Mörk friðlands í Þjorsárverum	 Blað nr. 1/1 ust2013020501	Platamál: Kartavörpun: Lambert keliuvörpun Hnitstíðaði: IGN93 Kartagerð: Guðni Hannesson LMÍ Dagi: 08-03-2013 © Landmælingar Íslands
		 Vegir með vegnr.  Vegir gerð F1  Vegir gerð F2  Vegir gerð F3	 Svæði takmarkaðar umferðar vegna heilögessvæðis		





 UMHVERFISSTOFNUN
<http://www.ust.is>

**Fríðland í
 Þjórsárverum**

- Reibtleiðir
- Vegir með vegnr.
- Vegir gerð F1
- Vegir gerð F2
- Vegir gerð F3
-  Mörk fríðlands í Þjórsárverum

N
 Blað nr. 1/1
 ust2013020501


Plataná: Lambert keliuvörpun
 Hnitstaða: IGN93
 Kortagerð: Guðni Hannesson LMÍ
 Daga: 08-03-2013
 © Landmælingar Íslands



 UMHVERFISSTOFNUN http://www.ust.is	Friðland í Djórsárverum	 Reibléðir	 Mörk friðlands í Djórsárverum	 Blað nr. 1/1 ust2013020501	Plataná:
		 Vegir með vegnr.	 Vetrarakstur		Kortavörpun: Lambert keliuvörpun
		 Vegir gerð F1			Hnitstaða: IGN93
		 Vegir gerð F2			Kortagerð: Guðni Hannesson LMÍ
		 Vegir gerð F3			Daga: 08-03-2013 © Landmælingar Íslands

Viðauki III - Bréfasamskipti

- 25.08.2009 Bréf umhverfissráðuneytisins til Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir að stofnunin hefji vinnu sem fyrst undirbúning að stækkun friðlandsins.
- 20.10.2009 Bréf Ferðaklúbbsins 4x4 þar sem óskað er eftir fullu samráði.
- 24.11.2009 Afrit af bréfi umhverfissráðuneytisins til Landsvirkjunar þar sem vakin er athygli á fyrirætlunum um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og óskað eftir góðu samstarfi.
- 02.02.2010 Bréf Umhverfisstofnunar til Ferðaklúbbsins 4x4 þar sem upplýst er um verkefnið og starfshópin.
- 22.02.2010 Bréf Umhverfisstofnunar til Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir afstöðu um það hvort fallið hafi verið frá Norðlingaölduveitu.
- 08.03.2010 Bréf Landsvirkjunar ásamt greinargerð Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, dags. 15.01.2009.



Umhverfisstofnun
Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566
postur@umhverfisraduneyti.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 25. ágúst 2009
Tilv.: UMH09080101/


Á fundi ríkisstjórnar Íslands þann 21. ágúst sl. var samþykkt að tillögu umhverfisráðherra að hún skuli þegar láta hefja undirbúning að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum skv. ákvæðum náttúruverndarlaga. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað og friðun þess lokið hið fyrsta.

Nú liggur fyrir að Alþingi muni ekki á yfirstandandi þingi ljúka umfjöllun um tillögu umhverfisráðherra til þingsályktunar að náttúruverndaráætlun 2009-2013 sem lögð var fyrir Alþingi sl. vor. Með hliðsjón af stefnu ríkisstjórnarinnar í málinu telur ráðuneytið rétt að hefja nú sem fyrst formlegan undirbúning að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Það er markmið ráðuneytisins að ljúka stækkun friðlandsins eigi síðar en snemma á árinu 2010. Þess má geta að svæði það sem um ræðir er þjóðlenda og afréttur. Í tillögu til þingsályktunar að Náttúruverndaráætlun er sérstök tillaga um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og var það upphafleg ætlun ráðuneytisins að biða með frekari undirbúning að stækkun friðlandsins þar til Alþingi hefði lokið umfjöllun um tillöguna og samþykkt nýja náttúruverndaráætlun nú á sumarþingi eins og stefnt var að. Var talið að samþykkt náttúruverndaráætlunar á Alþingi myndi styðja frekar við undirbúning ráðuneytisins að stækkun á friðlandinu í Þjórsárverum. Hins vegar er samþykkt Alþingis á fyrirliggjandi náttúruverndaráætlun ekki forsenda fyrir því að hefja nú þegar undirbúning að stækkun friðlandsins.

Ráðuneytið óskar eftir að Umhverfisstofnun hefji sem fyrst undirbúning að stækkun friðlandsins í samræmi við þær tillögur sem liggja fyrir í drögum að nýrri Náttúruverndaráætlun. Skal stofnunin leita eftir samráði við landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra þá sem hagsmuni eiga að gæta og geri tillögu til ráðuneytisins um friðlýsingu friðlandsins í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga nr. 44/1999.


Ráðuneytið vill í sambandi við þá vinnu sem fram undan er benda Umhverfisstofnun á skýrslu starfshóps um tillögu að stækkun friðlands í Þjórsárverum frá 14. mars 2007.

Fyrir hönd ráðherra


Magnús Jóhannesson


Sigríður Auður Arnadóttir

Ferðaklúbburinn 4x4



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík


Til þeirra er málið varðar

Samkvæmt fréttum frá 21. ágúst 2009 á vef Umhverfisstofnunar, er stefnt að því að ljúka stækkun friðlandsins í Þjórsárverum snemma á næsta ári.

Stjórn Ferðaklúbbsins 4x4 óskar eftir upplýsingum um framgang fyrirhugaðrar stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum, þar sem Ferðaklúbburinn 4x4 á verulegra hagsmuna að gæta.

Einnig er óskað eftir að fullt samráð verði haft við stjórn Ferðaklúbbsins 4x4 varðandi stækkunina.


Reykjavík 20. október 2009


Sveinbjörn Halldórsson formaður

Ferðaklúbburinn 4x4
Mörkinni 6 108 Reykjavík

Sími / Myndsending: 568 4444
Pósthólf: 8948 128 Reykjavík

Netfang: stjorn@f4x4.is
Heimasíða: www.f4x4.is



LJÓSRIT



Stjórn Landsvirkjunar
Bryndís Hlökkversdóttir, formaður
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566
postur@umhverfisraduneyti.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 24. nóvember 2009
Tilv.: UMH09080101/11-3

Í samstarfsfyrirlysingu ríkisstjórnarinnar segir að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað og friðun þess lokið hið fyrsta. Á fundi ríkisstjórnar Íslands þann 21. ágúst sl. var samþykkt að tillögu umhverfisráðherra að hefja þegar undirbúning að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum skv. ákvæðum náttúruverndarlaga.

Með hliðsjón af stefnu ríkisstjórnarinnar í málinu hefur ráðuneytið nú hafið formlegan undirbúning að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum á grundvelli 53. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Hefur Umhverfisstofnun verið falið í samræmi við 58. gr. laganna að taka upp viðræður við viðkomandi sveitarfélög, landeigendur og aðra þá sem hagsmuni eiga að gæta og gera tillögu að stækkun friðlandsins. Það svæði sem ráðuneytið telur mikilvægt af náttúrufarsástæðum og stækkunin taki til er m.a. það svæði sem Landsvirkjun hafði á sínum tíma gert ráð fyrir að nýtt yrði vegna Norðlingaölduveitu, sbr. meðfylgjandi kort sem sýnir núverandi mörk friðlandsins svo og tillögu ráðuneytisins að nýjum mörkum friðlandsins.

Um leið og vakin er athygli stjórnar Landsvirkjunar á þessum fyrirætlunum er óskað eftir góðu samstarfi við fyrirtækið um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

Svandís Svavarsdóttir

Magnús Jóhannesson

Ferðaklúbburinn 4x4
Mörkinni 6
Pósthólf 8948
128 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
05 FEB. 2010 9.1	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. febrúar 2010
Tilvísun: UST20100100106/gþ


Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum


Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Ferðaklúbbsins 4x4 dags. 20. október síðastliðinn þar sem óskað er eftir upplýsingum um framgang vinnu er varðar fyrirhugaða stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Umhverfisstofnun fagnar áhuga ferðaklúbbsins á málinu og væntir góðs samstarfs við klúbbinn eins og við aðra hagsmunaaðila á svæðinu við stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, bæði hvað varðar mörk og friðlýsingarskilmála.

Eins og fulltrúum Ferðaklúbbsins 4x4 er kunnugt er stækkun friðlandsins í Þjórsárverum meðal svæða sem kynnt hafa verið í tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun sem nú er til umfjöllunar á Alþingi. Því er við að bæta að umhverfisráðuneytið fól Umhverfisstofnuninni með bréfi 25. ágúst síðastliðinn að hefja undirbúning að stækkun friðlandsins í samræmi við tillögu í náttúruverndaráætlun. Umhverfisstofnun óskaði eftir tilnefningu fulltrúa sveitarfélaga sem hafa skipulagsskyldu á svæðinu og hefur, þann 21. janúar síðastliðinn, fundað með fulltrúunum um fyrirhugaða stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Á fundinum var m.a. farið yfir framkomnar hugmyndir að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, ákveðið að fulltrúar sveitarfélaganna upplýsi um alla hagsmunaaðila innan svæðisins, að Umhverfisstofnun leggi fram kort sem sýni mörk að stækkuðu friðlandi sem fram hafa komið á undanförunum árum. Á fundinum var einnig kynning á rústamýravist, sem tekin er fyrir í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands sem er um það bil að koma út hjá stofnuninni.

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að í vinnuhóp um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum verði auk starfsmanna fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem skipulagsskyldu hafa á svæðinu, en jafnframt verður leitað til allra hagsmunaaðila og þeir boðaðir á fundi þegar með þarf innan tíðar.

Virðingarfyllt


Sigrún Águstsdóttir


Guðriður Þorvarðardóttir

Landsvirkjun
Hörður Arnarson, forstjóri
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
23 FEB. 2010 9.1	
Tilv.	_____




UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 22. febrúar 2010
Tilvísun: UST20100100106/k1á

Stækkun friðlandsins í Þjórsáverum.

Umhverfisstofnun hefur verið falið að vinna að stækkun friðlandsins í Þjórsáverum á grundvelli 53. gr. laga um náttúruvernd. Í bréfi umhverfisráðherra dagsettu 24. nóvember 2009 til stjórnar Landsvirkjunar var athygli stjórnar Landsvirkjunar vakin á fyrirætlunum stjórnvalda um stækkun friðlandsins og tillögum að nýjum mörkum. Inn á því svæði sem unnið er að friðlýsingu á er m.a. það svæði þar sem í dag er gert ráð fyrir Norðlingaölduveitu, 566-567, 5 m y.s.

Með vísun til framangreinds bréfs umhverfisráðherra og nýsamþykkrar Náttúruverndaráætlunar 2009-2013 óskar Umhverfisstofnun eftir afstöðu Landsvirkjunar um hvort fallið hafi verið frá ofangreindum virkjunarkosti.

Virðingarfyllt

Kristín L. Arnadóttir
Forstjóri



Umhverfisstofnun
Kristín L. Árnadóttir, forstjóri
Suðurlandsbraut 24

Reykjavík, 08.03.2010
Tilvísun vor: 98.17

108 REYKJAVÍK

Efni: Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar, dags. 22. febrúar sl., þar sem fram kemur að stofnuninni hafi verið falið að vinna að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum á grundvelli 53. gr. laga um náttúruvernd. Nefnt er jafnframt bréf umhverfisráðherra til stjórnar Landsvirkjunar, dags. 24. nóvember 2009, þar sem vakin er athygli stjórnar Landsvirkjunar á fyrirætlunum stjórnvalda um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og tillögum að nýjum mörkum, en inni á því svæði sem unnið er að friðlýsingu á er m.a. svæði þar sem í dag er gert ráð fyrir Norðlingaölduveitu, 566-567,5 metrum yfir sjávarmáli. Með tilvísun til fyrnefnds bréfs umhverfisráðherra og nýsamþykkrar Náttúruverndaráætlunar 2009-2010 óskar Umhverfisstofnun eftir afstöðu Landsvirkjunar um hvort fallið hafi verið frá ofangreindum virkjunarkosti.

Af hálfu Landsvirkjunar hefur ekki verið fallið frá Norðlingaölduveitu sem virkjunarkosti en beðið er eftir niðurstöðu rammaáætlunar og afgreiðslu Alþingis á verndar- og nýtingaráætlun. Við umfjöllun Alþingis um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013 tók Landsvirkjun saman greinargerð um málið sem send var iðnaðarnefnd Alþingis. Fylgir hún með bréfi þessu til frekari upplýsingar um sjónarmið Landsvirkjunar í þessu máli.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri

Fskj.





Skrifstofa forstjóra

15.01.2009

Mál: 98.11

Greinargerð Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013

Inngangur

Í kaflanum *Náttúruverndaráætlun 2009-2013, friðlýsing 13 svæða og forsendur* kemur fram að í tillögu umhverfisráðuneytis er í fyrsta sinn lagt til að beita friðlýsingu á svæðum sem búa yfir fágætum vistgerðum á hálendi landsins. Hér er um að ræða svokallaða rústamýravist er snertir tvö fyrirhuguð virkjunarsvæði (Norðlingaölduveita, Skatastaðavirkjun) og breiskjuhraunavist á friðlandinu við Laka og í nágrenni þess. Er það eina svæðið á miðhálandinu þar sem sú vistgerð hefur fundist. Þá er lagt til að Langisjór og nánasta umhverfi hans verði friðlýst og fellt inn í Vatnajökulsþjóðgarð á grundvelli sérstakrar gígaraðar og náttúrufegurðar. Verði þessi tillaga samþykkt þýðir það í reynd að útilokað verður að veita efstu drögum Skaftár til Tungnaár. Önnur fyrirhuguð friðlýsingarsvæði snerta ekki beina virkjunarhagsmuni Landsvirkjunar og því verður ekki fjallað um þau hér.

Mikilvægt er að allar þær tillögur um friðlýsingu er koma fram í Náttúruverndaráætlun **hvíli á skýrum faglegum grunni bæði hvað varðar þekkingu á náttúrunni og mati á verndargildi hennar**. Raunar má segja að forsenda fyrir óskum um friðlýsingu hljóti lögum samkvæmt að vera þörf fyrir verndun svæðis (og/eða tegunda) vegna fágætis eða sérstöðu á landsvísu eða heimsvísu. Þessi sjónarmið koma fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni og er Landsvirkjun þeim sammála. Því miður hefur að mati Landsvirkjunar viljað brenna við að engan veginn fullnægjandi skýringar hafi komið fram um þörf fyrir aukna verndun eða friðun nokkurra þeirra svæða sem nú þegar eru friðuð.

Þá kemur einnig fram í greinargerð með tillögunni, og er **mikilvægt að hafa í huga þegar fjallað er um fyrirliggjandi tillögur um friðlýsingar að ákveðinn sveigjanleiki sé fyrir hendi við framkvæmd friðlýsinga þó ekki sé hvikað frá þeirri stefnu að setja upp net verndarsvæða út frá vísindalegum forsendum og faglegu mati**. Raunar er þessi skoðun í anda náttúruverndarlaganna en í fyrirliggjandi tillögum koma fram tillögur um hertar verndaraðgerðir án fullnægjandi rökstuðnings þvert gegn anda laganna. Verður nánar vikið að því hér á eftir.

Rústamýravist

Rök fyrir stækkun friðlands Þjórsárvera og friðlýsingu Orravatnsrústa byggist á svokallaðri rústamýravist, sem er nýlegt hugtak yfir gróðurfar á sífrerasvæðum.

Rústamýravist er hallalítið, vel gróið votlendi, hátt til fjalla, samsett úr mörgum gróðurfélögum. Yfirborð er breytilegt með tjörnum, flóa- og mýrasundum, lækjum, lækjadrögum og rústum með klakalínsum. Rústirnar eru sérkennilegar bungur sem lyfst hafa upp úr votlendinu og þornað. Þær eru mismunandi að stærð, lögun og gróðurfari. Rústamýravist er bundin við miðhálandið í yfir 450-500 m hæð á svæðum þar sem

loftslag er kalt, úrkoma lítill, grunnvatnsstaða há, jarðvegur þykkur og að meiri hluta lífrænn.

Í tillögunni er lagt er til að rústamýravist á hálendi Íslands verði friðuð. Vistgerðin er vel afmörkuð á ákveðnum svæðum miðað við þær ytri aðstæður er gera slíkt vistkerfi mögulegt.

Í viðauka með tillögunni kemur fram að **markmiðið** með stækkun friðlands Þjósárvera og Orravatsrústa sé verndun staðbundinnar vistgerðar á hálendinu sem telst alþjóðlega verndarþurfi en rústamýrum fer fækkandi hér á landi. Vistgerðin þykir óvenju fjölbreytt miðað við aðrar þekktar vistgerðir á hálendinu og hefur verulegt vísindalegt gildi. Rústamýrar hafa einnig sérstakt verndargildi vegna þess að þær eru meðal þeirra búsvæða sem talin eru í hættu af aðildarþjóðum Bernarsamningsins og njóta því sérstakrar verndar

Í viðaukanum kemur fram að rústamýravist sé **útbreidd norðan Vatnajökuls á Vesturöræfum, Fljótsdalsheiði, Jökuldalsheiði** og umhverfis Hofsjökul og vestur að Langjökli, þ.e. í Þjósárverum sunnan Hofsjökuls, Orravatsrústum norðan hans og í Guðlaugstungum og Álfgeirstungum norðvestan jökulsins. Rústamýrar með dreifðum rústum er einnig að finna norðan og sunnan þessa aðalsvæðis. Víðáttumestu og fjölbreyttustu rústasvæði á landinu eru í Þjósárverum og í Guðlaugstungum, **sem þegar eru friðlýst svæði. Sú spurning hlýtur að vakna, í ljósi þess hve útbreidd þessi vistgerð hvers vegna er talið nauðsynlegt að friðlýsa svæði, eins og t.d. með stækkun friðlandsins neðan Þjósárvera, þar sem nánast engin rústamýravist er skráð samkvæmt skýrslu frá Umhverfisstofnun.**

Í viðauka er á bls. 30 sagt að núverandi landnotkun vistkerfisins séu *beitarlönd, orkuvinnslusvæði og útivist*. Hvað varðar landnotkunina, orkuvinnslusvæði, er hér ofsagt en einu tengsl orkuvinnslu um víðfeðm rústasvæði landsins eru aðrennslisgöng að Kárahnúkavirkjun á um 150 m dýpi undir Fljótsdalsheiði.

Í framhaldi af því er fjallað um *ógnir* og þar er talið að hugmyndir um virkjanir geti ógnað tilvist sumra rústamýra landsins. Hér er notað hæpið orðalag svo ekki sé sterkar að orði kveðið. Staðreyndin er sú að núverandi tillögur um veitulón í Þjósá neðan Þjósárvera ógna ekki á nokkurn hátt verunum upp með ánni eða hliðarám Þjósár. Sama á við um áhrif Kárahnjúkavirkjunar á rústamýravist á Fljótsdalsheiði. Fyrirhugað Bugslón Skatastaðavirkjunar ógnar ekki á nokkurn hátt þeim rústamýrum er þar finnast. Því er það út í hött og í algjörru mótsögn við anda náttúruverndarlaga og fyrrnefnd almenn sjónarmið um náttúruvernd að fullyrða slíkt.

Loks er í almenna kaflanum um rústamýravist fjallað um framkvæmd friðunar þar sem nánast allar athafnir mannsins verða bannaðar á þessum svæðum. Þar segir (bls. 30): **"Lagt er til að tilgreind verði og vernduð lykilsvæði fyrir rústamýravist á hálendi Íslands. Þar yrðu allar framkvæmdir og athafnir sem leitt geta til röskunar á vistgerðinni fortakslaust bannaðar. Alls er um að ræða þrjú svæði og eru tvö þeirra þegar friðuð að hluta með einhverjum hætti. Breyta þarf mörkum og stækka sum þeirra til að tilætluðum markmiðum um verndun lykilsvæða verði náð."**

Hér er á ferðinni nýtt sjónarmið. Allar athafnir mannsins er leitt geta til breytinga á vistkerfi þessara svæða verða bannaðar, þar á meðal umferð um þessi svæði sem þó þekja aðeins lítinn hluta þessa vistkerfis eins og fram kemur hér að framan. Þetta sjónarmið er algjörlega andhverft við inngangskafila að Náttúruverndaráætlun þar sem lögð er áhersla á sveigjanleika og samstarf. Almennt verður að hafa í huga að margskonar starfsemi getur þrífist á svæðum þar sem þessa vistgerð er að finna og það hefur engin áhrif á verndargildi hennar. Landsvirkjun dregur í efa að ráðuneyti umhverfismála geti í reglugerð um friðlýsingu bannað umgengni og athafnir manna sem hafa augljóslega engin áhrif á það vistkerfi, sem friðlýsing byggist á.

Friðunartillögurnar ná aðeins til lítils hluta af þeirri rústamýravist sem hér á landi er að finna. Eins og kemur fram hér að framan og í viðauka með tillögunni er þessi vistgerð algeng mjög víða á miðhálandinu og því verður ekki séð að þessu vistkerfi í heild stafi ógn af athöfnum mannsins. Meginógnin er hlýnandi loftslag, sem flestir vita að muni breyta þessum vistkerfum. Samt sem áður telja höfundar þessarar tillögu ástæðu til að taka svo til orða.

Hér á eftir verður fjallað um þau tvö svæði sem lagt er til að verði friðlýst á grundvelli rústamýravistar, þ.e. stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og Orravatnsrústir.

Stækkun friðlands í Þjórsárverum

Greinargerð með tillögum um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum er fátækleg. Tillagan í greinargerðinni er svohljóðandi:

“Lagt er til að mörk friðlandsins í Þjórsárverum verði færð út þannig að það nái yfir allt votlendi veranna, sbr. meðfylgjandi kort, og verði alls um 1.152 km², eða um 115.160 ha. Þar með mundu bæstast við nokkur rústamýrasvæði sem eru utan friðlandsins auk þess sem ákvæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar um verndun hins sérstæða votlendis veranna væru uppfyllt. Jafnframt yrðu friðlýsingarskilmálar styrktir og bann lagt við röskun innan svæðisins.”

Sjá meðfylgjandi yfirlitskort.

Eins og kunnugt er felldi settur umhverfisráðherra þann úrskurð í janúar 2003 að fallist væri á framkvæmdina (Norðlingaölduveitu) með þeim skilyrðum að veitumannvirki yrðu utan friðlands Þjórsárvera. Í þeirri tilhögun er fram kom í úrskurði ráðherra var annars vegar gert ráð fyrir veitulóni að mestu í farvegi Þjórsár og hins vegar sérstöku setlóni neðan Þjórsárjökuls þar sem kvíslum frá jöklinum var veitt til Kvíslaveitna. Síðar felldi Héraðsdómur Reykjavíkur þann úrskurð að gera þyrfti sérstakt mat á umhverfisáhrifum fyrir þessa veitu og féll Landsvirkjun þá frá áformum um gerð hennar. Var hönnun Norðlingaölduveitu því breytt og aðeins gert ráð fyrir veitulóni í farvegi Þjórsár austan við Norðlingaöldu.

Ekki kemur fram hvar þau rústasvæði eru sem ætlunin er að friða með hinni miklu stækkun á núverandi friðlandi til suðurs. Það ætti þó að vera forsenda fyrir tillögunni um stækkun friðlandsins lögum samkvæmt. Gróðurfrarsannsóknir hafa aðeins verið gerðar á litlum hluta fyrirhugaðrar stækkunar friðlandsins, í Eyvafeni og nágrenni sunnan núverandi friðlandsmarka. Samkvæmt skýrslu frá Náttúrufræðistofnun sem unnin var á árinu 2004 var rústamýravist ekki merkanleg sem skráð vistkerfi sunnan núverandi friðlandsmarka Þjórsárvera þó svo að stöku ummerki rústa hafi fundist þar í

mýrarsvæðum. Skýrsla Náttúrufræðistofnunar leiðir í ljós að gróðurfar í Eyvafeni tilheyrir að mestu sandmýrarvist. Vistgerð þessi finnst einkum í lægðum þar sem vatn flæðir yfir tímabundið og sandur, vikur og áfoksefni berast að og mynda jarðveg. Einkenni vistgerðarinnar er m.a. há og breytileg vatnsstaða með miklum sandburði og í skýrslunni eru leiddar líkur að því að engin breyting verði á jarðvatnsstöðu eða þessum ytri skilyrðum gróðurs eftir gerð veitulóns. Skýrslan staðfestir að gróðurgerð á þessu svæði er annars eðlis en hið friðaða votlendi Þjórsárveranna norðar.

Allt frá því að umhverfisráðherra felldi úrskurð sinn á árinu 2003 komu fram raddir um að nauðsynlegt væri að stækka friðlandið í Þjórsárverum. Þjórsárver afmarkast að vestanverðu af Hnífá sem sést vel á meðfylgjandi gróðurfarsmynd. Svæðið sunnan Hnífár kallast Fjórðungssandur og var öldum saman harðdrægur ferðakafli á leiðinni um Sprengisand. Núverandi mörk friðlandsins ná yfir meginhluta þess svæðis sem kallast Þjórsárver. Það er einna helst að norðaustanverðu, þ.e. upp með efsta hluta Þjórsár sem vistkerfi finnst sem líkjast stærsta hluta veranna. Eftir að fallið var frá hugmyndum um gerð veitu og setlóns við Þjórsárjökul kom fram eindregnari vilji stjórnvalda til að skoða stækkun friðlandsins.

Umhverfisráðherra skipaði hinn 22. nóvember 2006 sérstakan starfshóp til að fara yfir og kanna möguleika á stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og til að endurskoða núverandi mörk friðlandsins og skilmála friðlýsingar. Í þennan starfshóp voru tilnefndir sérfræðingur frá Umhverfisstofnun sem formaður og auk hans fulltrúar sveitarfélaga á svæðinu. Náði nefndin sátt um stækkun á mörkum friðlands Þjórsárvera, sbr. meðfylgjandi yfirlitskort, og gerði tillögur um breytingu á reglugerð um friðlandið.

Í tillögu til þingsályktunar er þess hvergi getið að náðst hafi sátt við heimamenn um eðlilega stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Þvert ofan í álit ofangreindrar nefndar umhverfisráðherra er í tillögunni lögð til stækkun friðlandsins til suðurs, sem flestir aðilar starfshópsins töldu ekki þörf á og engin fagleg rök mæla með eins og kemur fram hér að framan. Starfshópurinn um náttúruverndaráætlun tekur hins vegar upp í sínum tillögum önnur mörk á stækkun friðlandsins, þ.e. að vestan, norðan og austan, en bætir svo við svæði sunnan veranna, rétt suður fyrir fyrirhugað veitulón í Þjórsárfarvegi. Það er gert á grundvelli rústamýravistgerðar sem afar lítið er um á svæðinu. Fagleg rök eru engin og þessi furðulega tillaga er andstæð ákvæðum 66. gr. náttúruverndarlaga nr.44/1999.

Staðreyndin er sú að sátt hefur náðst um mörk friðlandsins með tillögum til umhverfisráðherra í mars 2007. Sveitastjórnir hafa lagt áherslu á að staðið verði að stækkun friðlandsins á faglegum grundvelli úr því stjórnvöld telja þetta svæði svo mikilvægt að stækka þurfi friðlandið. Það er því áleitin spurning hvers vegna ekki var farið að tillögum starfshóps umhverfisráðherra frá því í mars 2007. Tillaga Landsvirkjunar er sú að fallist verði á tillögur um mörk á stækkun friðlands í Þjórsárverum, í samræmi við það sem samstarfshópur umhverfisráðuneytis og viðkomandi sveitarfélaga lagði til með álitinu sínu í mars 2007.

Orravatnsrústir

Í viðauka með tillögunni er að finna afar fátæklega röksemd fyrir friðlýsingu Orravatnsrústa, sem hafa um langt árabil verið á náttúruminjaskrá en sérstaða þessa svæði er hversu hátt yfir sjávarmáli landið er á þessum slóðum.

Í viðauka með tillögu um náttúruverndaráætlun segir:

“Hér er að finna sérstæðasta freðmýrasvæði landsins. Lagt er til vernda um 73 km² svæði umhverfis Orravatnsrústir. Þar með yrði meginþorri rústamýra á þessum slóðum innan marka friðlands. Austari-Pollar, austan Jökulsár eystri, yrðu þó undanskildir. Mörkin mundu ná frá Jökulsá í suðri, þar sem hún sveigir við Illviðrahnjúka, og norður fyrir Reyðarvatn. Í vestri mundu mörkin teygjast eftir vatnaskilum norður um Bleikáluháls og í austri sömuleiðis fylgja vatnaskilum rústamýrasvæðisins við Orravatn. Verndarákvæði væru hliðstæð þeim sem gilda munu um Þjórsárver og Guðlaugstungur.”

Hugmyndir hafa um áraðir verið um að virkja Jökulsá Austari með gerð miðlunarlóns við Buga. Allar seinni tíma hugmyndir um þá miðlun hafa miðast við að hlífa Orravatnsrústum og svæðinu umhverfis sem er á náttúruminjasrá. Miðað við núverandi tillögu að friðunarmörkum myndi eitt rústasvæði sunnan Orravatns fara undir lónið. Hönnun miðlunar við Buga er á frumhönnunarstigi og því ekki ljóst hver endanleg lónhæð gæti orðið. Landsvirkjun telur því á þessu stigi rétt að draga mörk friðlands nokkru sunnan og vestan við Orravatn og þaðan beint til suðurs í farveg Austari Jökulsár. Með því móti væri langstærsti hluti rústasvæðanna innan friðlandsins og möguleiki væri áfram fyrir miðlun í Bugum vegna Skatastaðavirkjunar. Þannig væru nánast engar rústir á því svæði sem félli utan friðlandsmarka. Eðlilegt væri að fjalla um þessi viðhorf við vinnu 2. áfanga rammaáætlunar.

Sjá meðfylgjandi yfirlitskort af svæðinu.

Friðun á Langasjó og nærliggjandi svæði

Tillaga um friðun á þessu landsvæði er gerð á grundvelli jarðfræðiverndunar. Í tillögunni segir:

“Lagt er til að Langisjór og nánasta umhverfi hans verði friðlýst og fellt inn í Vatnajökulshjóðgarð. Langir móbergshryggir úr basalti, myndaðir við sprungugos undir jökli, einkenna svæðið. Eldgjársprungan liggur um svæðið austanvert, en hún er 60 km löng og er lengsta gígaröð sem gosið hefur á landinu á sögulegum tíma. Langisjór og umhverfi hans er þekkt fyrir náttúrufegurð þar sem dökkbrúnt móbergið ásamt svörtum vikrinum frá Veidivatnagosinu 1477 kallast á við tært fjallavatnið og mosagróður í fjallahlíðum. Á svæðinu er einstakt samspil jarðelds og jökla við mótun landsins.”

Í viðauka kemur fram að markmið með friðlýsingunni sé að friðlýsa svæði sem hefur að geyma einstakar jarðmyndanir og þá einkum móbergshryggi sem hafa búið til og mótað sérstætt landslag, tilkomumikil víðerni og sérstæðar vistgerðir. Svæðið teygir sig langt suðvestur fyrir Langasjó og er yfir 40 km á lengd.

Í minnisblaði sem Kristján Sæmundsson jarðfræðingur hefur unnið fyrir Landsvirkjun um verndargildi móbergshryggjanna við Langasjó á landsvísu segir m.a.

“Að gerð og myndun eru móbergshryggirnir suðvestan Vatnajökuls ekki einstakir. Hið sérstaka við þá er lengdin og landslagið sem þeir móta. Langir og beinir móbergshryggir koma fyrir á Reykjanesskaga (Móhálsar), norður af Kverkfjöllum og í Vestra gosbeltinu norðaustan við Þingvallavatn. Í viðauka við þingsályktunartillöguna

er sagt að einkennissvæði alþjóðlega heitisins tindar í merkingunni móbergshryggur séu hryggirnir á svæðinu sem friða skal. Það er ekki rétt. Þeir eru norðaustan við Þingvelli og í Laugarvatnsfjöllum þar sem eru Tindaskagi, Kálfstindar, Klukkutindar og Skriðutindar.---

Auk móbergshryggja inn af Þingvallasveit og í Laugarvatnsfjöllum eru þar einnig móbergsstapar sem gefa lítið eftir þeim hinum í Norðurgosbeltinu um ferskleika og útlit. Enn eitt sem gefur hryggjum og stöpum austan megin í Þingvallalægðinni gildi umfram Langasjó „og nágreppi“ eru löng misgengi og skörp í landslagi (gjárnar) en slíkt er ekki að finna milli Tungnárs og Skaftár. Þetta hafa þeir séð sem unnu skýrslu um „Verndun jarðminja á Íslandi“. Tillögur vegna náttúruverndaráætlunar 2002“ (Helgi Torfason og Ingvar Atli Sigurðsson, 2002). Þar komst Langisjór og hryggirnir umhverfis hann ekki á blað nema smáskiki norðvestast í ferhyrningi kringum Skaftáreldahraun sem þar er lagt til að friða. Hins vegar er þar lagt til að svæði austan Þingvallalægðar með móbergshryggjum, stöpum og dyngjum verði friðað. Vegna jarðfræðinnar sýnist að eðlilegast sé að fylgja þeirri tillögu.”

Í ljósi þessa er að mati Landsvirkjunar engin forsenda fyrir friðlýsingu á grundvelli þess að hér sé um að ræða einstæða jarðmyndun. Í viðauka með tillögunni kemur fram helsta ógn við það náttúrufar svæðisins sem verið er að friða séu virkjunaráform. Að mati Landsvirkjunar er myndun veitulóns innan við Langasjó og gerð jarðganga yfir í Tungnaárdrög ekki á nokkurn hátt ógn við verndargildi svæðisins sem eru fyrst og fremst hinir löngu móbergshryggir. Hugmyndin um þessa tilhögun á veitulóni gæti einmitt verið skynsamleg málamiðlun við að friða Langasjó fyrir mannvirkjagerð og nýta afrennsli jökulsins í vestustu kvíslar Skaftár til orkuvinnslu.

Viðauki IV – Fundargerðir

FUNDARGERÐ		Síða 1-2
Tílefni fundar Fundur með sérfræðingum vegna undirbúnings stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum		
Dags. fundar 19. janúar 2010	Tími	Staður Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24
Fundarboðandi Kristín Linda Árnadóttir	Fundarritari Guðríður Þorvarðardóttir – Umhverfisstofnun (Hildur Vésteinsdóttir)	Nr. fundar 1-2010
Fundarmenn: Mættir: Gísli Már Gíslason (Þjórsárveranefnd), Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Sigurður Magnússon (Náttúrufræðistofnun Íslands) og Árni Snorrason (Vatnamælingum). Frá Umhverfisstofnun: Anna Kristín Ólafsdóttir, Hildur Vésteinsdóttir, Kristín Linda Árnadóttir		
Afrit sent:		

Liður nr.	Lýsing
1	<p>Virkjanaáform</p> <p>Farið var yfir sögu virkjanaáforma á svæðinu, svo sem Norðlingaöldu með setlónum og núverandi hugmynd að Norðlingaöldulóni, í árfarvegi Þjórsár, skammt sunnan núverandi friðlandsmarka. Það lón er án áður nefndra setlóna. Ekki hefur verið gefið út framkvæmdaleyfi vegna Norðlingaöldulóns en heimildarákvæði er fyrir því.</p> <p>Ef af Norðlingaöldulóni verður mun opnast auðveldari leið inn í Þjórsárver, en gera má ráð fyrir vegabótum á svæðinu í tengslum við framkvæmdina.</p> <p>Skoða þarf áhrif Skrokkölduvirkjunar sem hefur áhrif á rennsli úr Hágöngum.</p>
2	<p>2007 skýrslan</p> <p>Sagt frá skýrslu nefndar sem starfaði árið 2007. Þeir sem skipuðu nefndina voru Egill Sigurðsson (Ásahrepp), Þorgils Torfi Jónsson (Rangárþing ytra), Gunnar Örn Marteinnsson (Skeiða- og Gnúpverjahreppur) og Árni Bragason (Umhverfisstofnun). Tillaga ráðuneytisins að nýjum mörkum friðlandsins í Þjórsárverum byggir að miklu leyti á samþykktri tillögu nefndarinnar.</p> <p>Til að unnt verði að ná fram stækkun friðlandsins í Þjórsárverum taldi nefndin að „...full samstaða gæti skapast... ef nauðsynlegu fé verður varið til uppbyggingar fræðslu og landvörslu samhliða stækkuninni. Nefndin telur nauðsynlegt að friðlandið verði gert sýnilegt með fræðslu og gestastofu í byggð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.“</p> <p>Þá gerði nefndin tillögu um að í reglugerð um friðlandið falli út öll umfjöllun um lónhæð. Skýrsla nefndarinnar fór fyrir ríkisstjórn en var ekki samþykkt.</p>
3	<p>Mörk Þjórsárvera</p> <p>Finnur Guðmundsson, fuglafræðingur, mun fyrstur manna hafa lagt fram tillögu að mörkum Þjórsárvera. Náttúrufræðistofnun Íslands vinnur nú að kortlagningu rústamýrarvistar í Þjórsárverum og er skýrsla væntanleg í lok janúar. Sigurður kynnti helstu niðurstöður og benti á að tillaga Náttúrufræðistofnunar að mörkum stækkaðs friðlands byggir á kortlagningu rústamýrarvistar og allra votlendisbletta. Í verunum er afar fjölbreyttur gróður.</p> <p>Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum út fyrir tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands byggja á öðru en gróðurlendi, þ.e. landslagsheild.</p>
4	<p>Loftslagsbreytingar</p> <p>Spurt var hvað verður um rústamýrarvist vegna hlýnandi loftslags. Upplýst var að gera má ráð fyrir að rústirnar hverfi og eftir standi næringarríkt votlendi.</p> <p>Aðrar afleiðingar loftslagsbreytinga er bráðnun jökla en gera má ráð fyrir að þegar Múlajökull hopar standi eftir um 100 m djúpt vatn.</p>

Liður nr.	Lýsing
5	<p>Landnýting</p> <p>Sauðfjárbreit hefur minnkað verulega í Þjórsárverum. Áður fyrr voru oft um 500 fjár en hefur nú fækkað verulega. Helst er að féð haldi sig við þurrlendisgróðurinn næst jöklinum. Sérfræðingar telja að ekki verði farið í landgræðslu á svæðinu. Á svæðinu eru nokkrir skálar; Setrið (4x4) og nokkrir leitarmannaskálar, t.d. í Nautöldu.</p>
6	<p>Reglur</p> <p>Að mati sérfræðinga þarf að takmarka alla umferð bíla og halda inni reglum um bann við lágflugi yfir verunum sjálfum. Ef til vill þarf hins vegar að svæðisskipa verunum m.t.t. flugbanns. Umferð hesta ætti áfram að vera heimil en hugsanlegt er að setja ætti sérstakar reglur. Þá telja sérfræðingar að takmarka ætti umferð á varptíma.</p>
7	<p>Vinnan framundan</p> <p>Leggja áherslu á að ná sátt um friðlýsinguna Áfangaskipta verkefninu Rökstyðja stækkun svæðisins Leggja áherslu á að takmarka framkvæmdir vestan Þjórsár.</p>

FUNDARGERÐ		Síða 1-2	
Tílefni fundar Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, fyrsti fundur vinnuhóps			
Dags. fundar 21.01.2010	Tími	Staður Umhverfisstofnun	Nr. fundar 2-2010
Fundarboðandi Kristín Linda Árnadóttir - UST	Fundarritari Guðríður Þorvarðardóttir - UST		
Fundarmenn: Mættir: Jón Vilmundarson (Skeiða- og Gnúpverjahreppur), Halldóra Hjörleifsdóttir (Hrunamannahreppur), Margeir Ingólfsson (Bláskógabyggð), Ísleifur Jónasson (Ásahreppur), Tryggvi Jónsson (Húnavatnshreppur), Jónas Vigfússon (Eyjafjarðarsveit) og Þórarinn Magnússon (Akrahreppur). Einar E. Einarsson (Sveitarf. Skagafjörður) boðaði forföll. Frá Umhverfisstofnun: Kristín Linda Árnadóttir, Sigrún Ágústsdóttir, Guðríður Þorvarðardóttir, Hildur Vésteinsdóttir, A. Birna Guttormsdóttir.			
Afrit sent: Öllum boðuðum fundarmönnum			

Liður nr.	Lýsing
1	<p>Vinnan framundan</p> <p>Kynnt var bréf ráðherra og ákvörðun um stækkun friðlýsingar friðlandsins í Þjórsárverum sem samþykkt var á ríkisstjórnarfundum.</p> <p>Ekki er gert ráð fyrir mörgum fundum þar sem allir koma saman en áhersla var lögð á að halda fundi með heimamönnum sunnanlands og norðanlands.</p> <p>Formaður kynnti að áhersla væri lögð á að vinnuhópurinn hafi víðtækt samráð við hagsmunaaðila en að ákveðið hefði verið að í vinnuhópnum sætu einungis fulltrúar sveitarfélaga. Hagsmunaaðilum yrði boðið á fund vinnuhópsins og gefið tækifæri að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.</p> <p>Umhverfisstofnun greiðir ekki fyrir fundarsetu en greiðir útlagðan kostnað vegna ferða skv. framlögðum reikningum.</p>
2	<p>Yfirferð gagna frá fyrri vinnuhópum</p> <p>Sagt var frá skýrslu 2007 nefndarinnar, sem skipuð var Agli Sigurðssyni (Ásahreppi), Þorgils Torfa Jónssyni (Rangárþingi ytra), Gunnari Erni Marteinsyni (Skeiða- og Gnúpverjahreppi) og Árna Bragasyni (Umhverfisstofnun).</p> <p>Tillaga ráðuneytisins að nýjum mörkum friðlandsins í Þjórsárverum byggir að miklu leyti á samþykktum tillögum nefndarinnar.</p> <p>Farið var yfir kort sem sýna mismunandi útfærslu af fyrirhugaðri stækkun friðlandsins.</p> <p>Fram kom að sveitarfélögin sem þátt tóku í verkefninu árið 2007 hafi náð samkomulagi með ákveðnum skilyrðum þó. Til að unnt verði að ná fram stækkun friðlandsins í Þjórsárverum taldi nefndin að: full samstaða geti skapast ef nauðsynlegu fé verður varið til uppbyggingar fræðslu og landvörslu samhliða stækkuninni. Nefndin telur nauðsynlegt að friðlandið verði gert sýnilegt með fræðslu og gestastofu í byggð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.</p> <p>Fram kom að skýrsla nefndarinnar 2007 fór fyrir ríkisstjórn en var ekki samþykkt. Bent var á að brýnt er að fá skýra afstöðu frá stjórnvöldum t.d. varðandi þá uppbyggingu sem lögð er fram í skýrslunni. Með bættum samgöngum inn á Þjórsárverasvæðið hefur þörf á landvörslu og fræðslu aukist verulega.</p> <p>Sagt var frá uppbyggingu Þjórsárverastofu í Árnesi sem sveitarfélagið vinnur að í samstarfi við Landsvirkjun.</p> <p>Farið var yfir nokkrar tillögur sem settar hafa verið fram um mörk svæðisins, m.a. að halda sig við</p>

Liður nr.	Lýsing
	<p>mörkin sem kynnt eru í skýrslunni 2007, taka yfir öll rústamýrarsvæðin sbr. tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, að hafa Hofsjökul inni eða hafa svæðið sem stærst og þess vegna bæta við Kerlingafjöllum, Orravatnsrústum og Austurdal.</p> <p>Bent var á nauðsyn á eftirfylgni eftir að svæði hefur verið friðlýst og kom m.a. fram að ekki hafa verið haldnir fundir í lengri tíma vegna friðlandsins í Guðlaugstungum og Friðlandi að Fjallabaki. Fram kom beiðni um fleiri kort þ.e. sem m.a. sýna hugmynd Guðmundar Páls Ólafssonar og Hjörleifs Guttormssonar að mörkum verndarsvæðis sem tengjast friðun Hofsjökuls og Þjórsárvera.</p> <p>Kynnt var vinna við Rammaáætlun sem er nú á lokastigi og niðurstöður væntanlegar.</p> <p>Kom fram að umrætt svæði sem lagt er til að verði friðlýst er þjóðlenda, en eftir sem áður er skipulagsvaldið viðkomandi sveitarfélags.</p> <p>Kallað var eftir því að Umhverfisstofnun kæmi fram með einhverja „sýn“ í sambandi við friðlýst svæði, t.a.m. á formi fræðslu.</p>
3	<p>Greining á hagsmunaaðilum</p> <p>Farið var yfir mikilvægi þess að greina vel hverjir hefðu hagsmuna að gæta á svæðinu og væri nauðsynlegt að hafa samráð við varðandi vinnuna framundan. Taldir voru upp nokkrir hagsmunaaðilar á svæðinu eins og 4X4, Landsvirkjun, útivistarsamtök. Ákveðið var að fulltrúar í vinnuhópi kæmu fram með á næsta fundi þeirra sýn á hverjir væru hagsmunaaðilar innan síns sveitarfélags og á landsvísu.</p>
4	<p>Kynning Sigurðar Magnússonar NÍ</p> <p>Sigurður Magnússon kynnti skýrslu sem er í vinnslu hjá Náttúrufræðistofnun Íslands um rústamýrsvæði og er væntanleg á næstunni. Ákveðið var að fá eintök af skýrslunni fyrir nefndarmenn. Fram kom m.a. að Þjórsárver væru meðal best rannsökuðu svæða landsins, en þó hafi verið nokkurt hlé frá 1992. Verndargildi svæðisins er afar hátt frá vísindalegu sjónarmiði. Þarna eru miklir og blautir flóar og því erfitt að komast um landið.</p>
5	<p>Fulltrúar kynni við hvaða hagsmunaaðila ber að hafa samráð við.</p> <p>Lagt var fram vinnuskjal þar sem teknir voru saman þeir hagsmunaaðilar sem nefndarmenn frá norðursvæði höfðu bent á. Rætt var um að mikilvægt væri að tilgreina með hvaða hætti skal hafa samráð við mismunandi hagsmunaaðila (bréfaskriftir, samtöl, fundir).</p>
6	<p>Verkefni fyrir næsta fund</p> <p>Útbúa drög að friðlýsingarskilmálum</p> <p>Útbúa fleiri kort í samræmi við mismunandi útfærslur af stærð svæðisins</p> <p>Fá kort frá Landmælingum Íslands af slóðum á svæðinu</p> <p>Óska eftir upplýsingum um hagsmunaaðila frá nefndarmönnum</p> <p>Fá skýrslu NÍ um Þjórsárver</p> <p>Formaður fundi með umhverfisráðherra um skýrslu nefndar frá árinu 2007</p>
	<p><i>Næsti fundur:</i></p>

FUNDARGERÐ		Síða 1-2
Tílefni fundar Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, fyrsti fundur vinnuhóps		
Dags. fundar 25.02.2010	Tími 13:00 – 16:00	Staður Umhverfisstofnun Akureyri
Fundarboðandi Kristín Linda Árnadóttir - UST	Fundarritari Hildur Vésteinsdóttir - Umhverfisstofnun	Nr. fundar 3-2010
Fundarmenn: Mættir: Einar E. Einarsson (Sveitarf. Skagafjörður), Jónas Vigfússon (Eyjafjarðarsveit), Tryggvi Jónsson (Húnavatnshreppur), Þórarinn Magnússon (Akrahreppur) og María Magnúsdóttir (fulltrúi Þjóðlendna). Frá Umhverfisstofnun: Kristín Linda Árnadóttir, Guðríður Þorvarðardóttir, Hildur Vésteinsdóttir		
Afrit sent: Öllum boðuðum fundarmönnum		

Liður nr.	Lýsing
1	Samþykkt 1. fundargerðar Fundargerðin samþykkt án athugasemda.
2	Yfirferð eldri tillagna um friðlýsingarkosti. Lögð voru fram kort sem sýndu eldri tillögur um friðlýsingarkosti, þ.e. tillaga í Náttúruverndaráætlun 2004-2008, mörk skv. skýrslu nefndar frá 2007, tillaga Ní vegna Náttúruverndaráætlunar, tillaga ráðherra nr. 1, tillaga ráðherra nr. 2, tillaga Hjörleifs Guttormssonar og tillaga Guðmundar Páls Ólafssonar. Tillaga náttúruverndaráætlunar felur ekki í sér að allur Hofsjökull sé tekinn með í friðlýsinguna en umhverfisráðherra hefur nú óskað eftir því að allur jökullinn verði tekinn með. Einnig var lagt fram kort frá Landmælingum sem byggt er á slóðakorti sem sýnir vegaslóða á svæðinu og reiðvegakort.
3	Forsendur friðlýsinga skv. nefnd frá 2007, viðræður við ráðherra. Kristín Linda sagði frá fundi sem hún átti með ráðherra. Í framhaldi af því var sent bréf til Landsvirkjunar vegna virkjanaframkvæmda á svæðinu vegna Norðlingaölduveitu þar sem óskað var eftir formlegum upplýsingum um áform Landsvirkjunar vegna virkjanaframkvæmda. Enn hefur ekki borist svar.
4	Drög að friðlýsingarskilmálum, hvað ber að vernda og af hverju - Minnisblað um verndun jökla Kynnt voru helstu rök fyrir verndun jökla og lagt fram minnisblað. Einnig voru kynnt erlend dæmi um friðlýsingu jökla. - Samantekt um flokkun náttúruverndarsvæða Flokkunarkerfi alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN) um friðlýst svæði var kynnt. Svæðum er skipt í 6 megin flokka og nefnd dæmi um friðlýsingu hvers flokks. Lögð fram samantekt. Fjallað var um stærð verndarsvæðis, jaðarsvæði og áréttað var að stjórnun svæða í flokkum 1-3 ætti að vera í höndum ríkisins en svæði í 4-6 flokki geta verið í umsjón svæðisbundinna stjórna. Einnig var ítrekað að friðlýst svæði eru ekki einangruð heldur hluti af umhverfinu og því lögð áhersla á að skipulag og stjórnun friðlýstra svæða þurfi að samræmast skipulagi í víðara samhengi. - Drög að friðlýsingarskilmálum Kynnt voru drög að friðlýsingarskilmálum sem borin voru saman við núverandi friðlýsingu og tillögur nefndar frá 2007 (Árni Bragason, Egill Sigurðsson, Þorgils Torfi Jónasson og Gunnar Örn Marteinson). Farið var yfir skjalið í samræmi við kort 5 þar sem reiknað er með að allur jökullinn verði inni í friðlýsingunni. Upp kom sú hugmynd að friða Hofsjökul alveg fyrir umferð. Einnig voru kynnt ákvæði í nýsamþykktri náttúruverndaráætlun varðandi rústamýrar.

Liður nr.	Lýsing		
5	<p>Fulltrúar kynni við hvaða hagsmunaaðila ber að hafa samráð við. Lagt var fram vinnuskjal þar sem teknir voru saman þeir hagsmunaaðilar sem nefndarmenn frá norðursvæði höfðu bent á. Rætt var um að mikilvægt væri að tilgreina með hvaða hætti skal hafa samráð við mismunandi hagsmunaaðila (bréfaskriftir, samtöl, fundir).</p>		
6	<p>Verkefni Óska eftir greinargerð frá Ní varðandi 6. gr. draga að friðlýsingarskilmálum. Útbúa kort með slóðum, skálum og áningarhólfum fyrir hesta. Samráð við fuglafræðinga vegna tímamarka á umferð um heiðagæsalönd</p>		
	Næsti fundur: Suðursvæðið, Árnesi	1. mars	Kl. 14:00-16:00

FUNDARGERÐ		Síða 1-2
Tilfni fundar Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, fyrsti fundur vinnuhóps		
Dags. fundar 01.03.2010	Tími 14:00 – 16:00	Staður Árnes
Fundarboðandi Kristín Linda Árnadóttir - UST	Fundarritari Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir - Umhverfisstofnun	Nr. fundar 4-2010
Fundarmenn: Mættir: Halldóra Hjörleifsdóttir Hrunamannahreppi, Jón Vilmundarson Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Ísleifur Jónasson Ásahreppi, Margeir Bláskógabyggð, og María Magnúsdóttir (fulltrúi Þjóðlendna). Frá Umhverfisstofnun: Kristín Linda Árnadóttir, Guðríður Þorvarðardóttir, Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir Ekki mættur: Sigurbjartur Pálsson, Rangárþing ytra.		
Afrit sent: Öllum boðuðum fundarmönnum		

Liður nr.	Lýsing
1	Samþykkt 1. fundargerðar Fundargerðin samþykkt án athugasemda.
2	Yfirferð eldri tillagna um friðlýsingarkosti. Lögð voru fram kort sem sýndu eldri tillögur um friðlýsingarkosti, þ.e. tillaga í náttúruverndaráætlun 2004-2008, mörk skv. skýrslu nefndar frá 2007, tillaga Ní vegna náttúruverndaráætlunar, tillaga ráðherra nr. 1, tillaga ráðherra nr. 2, tillaga Hjörleifs Guttormssonar og tillaga Guðmundar Páls Ólafssonar. Tillaga náttúruverndaráætlunar felur ekki í sér að allur Hofsjökull sé tekinn með í friðlýsinguna en umhverfisráðherra hefur nú óskað eftir því að allur jökullinn verði tekinn með. Einnig var lagt fram kort frá Landmælingum sem byggt er á slóðakorti sem sýnir vegaslóða á svæðinu og reiðvegakort. Rætt var um hagsmunaaðila og aðkomu þeirra að ferlinu. Farið var yfir hvaða hús og skálar eru núna innan friðlandsins. Einnig var rætt um slóðana sem sjást á kortinu og fólk var almennt sammála um að þetta væru slóðar sem fólk kannaðist við. LH eru að vinna í því núna að kortleggja reiðleiðir. Rætt var um að það þurfi að koma í veg fyrir þann misskilning vélhjólamanna að þeir megi aka þessar reiðleiðir og kindagötur. Menn voru sammála um það að ferðir vélhjólamanna væri orðið mikið vandamál sem þarf að taka á.
3	Forsendur friðlýsinga skv. nefnd frá 2007, viðræður við ráðherra. Kristín Linda sagði frá fundi sem hún átti með ráðherra þar sem fram kom að þessi stækkun er forgangsatríði hjá ríkisstjórninni sem situr nú. Fram komu athugasemdir um að lítið hafi verið haldið utan um núverandi friðlýst svæði, og því efasemdir um áframhaldandi friðlýsingar á þeim forsendum. Umræður um fræðsluáætlun Umhverfisstofnunar.
4	Drög að friðlýsingarskilmálum, hvað ber að vernda og af hverju - Minnisblað um verndun jökla Kynnt voru helstu rök fyrir verndun jökla og lagt fram minnisblað. Einnig voru kynnt erlend dæmi um friðlýsingu jökla. - Samantekt um flokkun náttúruverndarsvæða Flokkunarkerfi alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN) um friðlýst svæði var kynnt. Svæðum er skipt í 6 megin flokka og nefnd dæmi um friðlýsingu hvers flokks. Lögð fram samantekt. Fjallað var um stærð verndarsvæðis, jaðarsvæði og áréttað var að stjórnun svæða í flokkum 1-3 ætti að vera í höndum ríkisins en svæði í 4-6 flokki geta verið í umsjón svæðisbundinna stjórnna. Einnig var ítrekað að friðlýst svæði eru ekki einangruð heldur hluti af umhverfinu og því lögð áhersla á að skipulag og stjórnun friðlýstra svæða þurfi að samræmast skipulagi í víðara samhengi.

Liður nr.	Lýsing		
	<p>Rætt var um rétt Landsvirkjunar innan svæðisins. Kristín Linda sagði frá bréfi sem sent var til LV og hefur ekki verið svarað. Óskað er eftir mannvirkjagerðakorti, og spurt var hvort það skjóti ekki skökku við að það séu stór mannvirki innan friðlýstra svæða, s.s línulagnir og vegagerð. .</p> <p>- Drög að friðlýsingarskilmálum</p> <p>Kynnt voru drög að friðlýsingarskilmálum sem borin voru saman við núverandi friðlýsingu og tillögur nefndar frá 2007 (Árni Bragason, Egill Sigurðsson, Þorgils Torfi Jónasson og Gunnar Örn Marteinnsson). Einnig fylgdi með skjalið með athugasemdum frá Akureyrarfundinum. Farið var yfir skjalið í samræmi við kort 5 þar sem reiknað er með að allur jökullinn verði inni í friðlýsingunni.</p> <p>Upp kom sú hugmynd að friða jökulinn og einhvern part friðlandsins alveg fyrir ökutækjaumferð. Umhverfisstofnun þarf að afla sér upplýsinga um heiðagæsina og hvort þurfi að seinka lokun og samræma hana við Guðlaugstungur (20.júní). Einnig þarf að setja kort yfir reiðleiðir sem vísað er í í friðlýsingunni.</p> <p>Rætt var um vetrarakstur og hvort ætti að loka svæðinu fyrir allri umferð. Samþykkt að útbúa minnisblað sem tekur á þessum málum.</p> <p>Komið var inn á það að fólk þarf að vita að það er komið inn á friðlýst svæði. Annars er erfitt að ætlast til þess að almenningur framfylgi settum reglum.</p>		
5	<p>Fulltrúar kynni við hvaða hagsmunaaðila ber að hafa samráð við.</p> <p>Guðríður las upp lista með hugsanlegum hagsmunaaðilum.</p>		
6	<p>Verkefni</p> <p>Beðið var um að jökullinn og jöklarökin+hugmyndafræðin bakvið það verði skoðuð frekar. Athuga einnig með Guðlaugstungurnar og með vatnaskilalínuna.</p> <p>Umhverfisstofnun ætlar að athuga frekar með Skrokköldu, Hágöngumiðlun og aðrar framkvæmdir LV samkvæmt rammaáætlun.</p> <p>Mannvirkjagerðarkort.</p> <p>Samráð við fuglafræðinga vegna tímamarka á umferð um heiðagæsalönd.</p> <p>Minnisblað vegna aksturs yfir vetrartímamark.</p> <p>Bréf til kynningar til ferðaþjónustuaðila í Kerlingarfjöllum þar sem þeir eru að skipuleggja gönguferðir á svæðunum í kring.</p> <p>Rætt var að hafa einn stóran fund t.d í uppsveitum sem Umhverfisstofnun kemur að og kynnir sveitastjórnnum. Eftir það þá yrði fundur með hagsmunaaðilum. Liggja þarf fyrir afstaða LV áður en fundurinn með sveitastjórnnum verður.</p>		
	<p><i>Næsti fundur: Umhverfisstofnun sendir út fundarboð</i></p>	<p>14. mars ca</p>	<p>Kl. 14:00-17:00</p>

FUNDARGERÐ	Tilfni fundar Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, annar fundur sérfræðinga		Síða 1-2
Dags. Fundar 12.03.2010	Tími 10:00 – 12:00	Staður Umhverfisstofnun	Nr. fundar 5-2010
Fundarboðandi Kristín Linda Árnadóttir - UST	Fundarritari Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir - Umhverfisstofnun		
Fundarmenn: Mættir: Gísli Már Gíslason formaður Þjórsárveranefndar, Kristinn Haukur Skarphéðinsson Náttúrufræðistofnun Íslands, Sigurður Magnússon Náttúrufræðistofnun Íslands, Árni Snorrason Veðurstofa Íslands, María Magnúsdóttir (fulltrúi Þjóðlendna). Frá Umhverfisstofnun: Kristín Linda Árnadóttir, Guðríður Þorvarðardóttir, Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir og Hildur Vésteinsdóttir			
Afrít sent: Öllum boðuðum fundarmönnum			

Liður nr.	Lýsing
1	Bréf Landsvirkjunar Kristín Linda sagði frá bréfi frá Landsvirkjunar dags. 08.03. 2010 og greinargerð þeirra um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013 sem send var iðnaðarnefnd Alþingis í janúar 2009. Ekki þótti ástæða til að ræða það neitt frekar.
2	Fulltrúi Þjóðlendna María var kynnt og hún sagði stuttlega frá sínu starfi sem fulltrúi eigenda þjóðlenda.
3	Fundir í héraði Kristín fór lauslega yfir efni fundanna sem haldnir voru í héraði.
4	Drög að friðlýsingarskilmálum Farið var yfir friðlýsingarskilmála og þeir betrumbættir. Lagt var til að vísa ætti í núgildandi friðlýsingarskilmála í þeirri nýju. Þar sem friðlýsingin er mjög víðtæk var bent á að bæta við textann hversu stór og fjölbreytileg gróðurvinin í Þjórsárverum er. Bent var á rökstuðning Náttúrufræðistofnunar um þá tillögu að friðlýsingin næði yfir alla rústamýravastina eins og hún er í dag. Rætt var um fundi KLÁ með ráðherra og mörk sem sett voru fram í Árna Braga skýrslunni. Mikilvægt er að halda utan um vísindaleg rök þegar ákvörðuð eru mörk friðaðra svæða en einnig er mikilvægt að setja sér raunhæf markmið um friðlýsingu svæðis og að ná þeim markmiðum. Rætt var um ráðgjafanefnd friðlandsins og hvernig reynslan hafi verið. Komið var inn á hvernig vöktunarplani eigi að vera háttað. Vöktunaráætlun er ekki til en er í undirbúningi. Mikilvægt er að hafa heildstætt plan yfir vöktun á Íslandi. Rætt var um vöktunartilskipunina sem kom frá ráðuneytinu. Hægt væri að vakta grágæsir t.a.m. á 5 ára fresti í Þjórsárverum. Ef við förum í EU þá tilnefnum við svæði í Natura 2000 verkefni, og því fylgir að við verðum að vakta svæðin. Athuganir á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á jökulinn getur verið mjög spennandi vísindaverkefni í alþjóðavísindasamfélaginu. Fulltrúar í vinnuhópnum ætla að fara yfir friðlýsingarskilmálana og koma með ábendingar um það sem betur mætti fara. Fjallað var um náttúrulegt ástand svæðisins og m.a. rætt um sleppingar seiða í vötn á hálendinu og leita í því sambandi til Veiðimálastofnunar, því vilji er til að náttúran fái að þróast eftir eigin

Liður nr.	Lýsing
	<p>lögmaþum. Rætt var um útrýmingu lúpínu á hálendinu og bann við ræktun framandi tegunda á friðuðum svæðum.</p> <p>Lagt var til að umferð um friðlandið verði frá 1 maí til 20 júní vegna seinkaðs varps grágæsarinnar.</p> <p>Landnotkun og mannvirkjagerð: Eðlilegast er að LV skoði setninguna með rennsli vatna og vatnsborðshæð.</p> <p>Fylgja þarf kort af þeim slóðum sem keyra má innan friðlandsins, sama verður með reiðvegi. Sveitafélögin hafa skipulagsvald hvað varðar vegi og slóða.</p> <p>Akstur á snjó: Hafa fundist merki um það að akstur á snjó hafi slæm áhrif á gróðurlendi veranna? Það eru för í gróðurlendunum í verunum þar sem að lindakerfið er og snjórinn gefur sig. Sjá t.d för við Miklukvísl og við Nautöldu og Arnarfell.</p> <p>Ákveðið verði hvaða slóðar verði opnir og hvar á alls ekki að aka. Gott væri að hafa einhverskonar leiðarbelti um leyfilegar akstursleiðir sem fylgir friðlýsingunni.</p>
	<p><i>Næsti fundur: Umhverfisstofnun sendir út fundarboð. Sérfræðingar eru beðnir um að funda með sveitastjórnnum.</i></p>

FUNDARGERÐ	Tilfni fundar Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, fyrsti fundur vinnuhóps		Síða 1-2
Dags. fundar 18.03.2010	Tími 14:00 – 16:00	Staður Árnes	Nr. fundar 6-2010
Fundarboðandi Kristín Linda Árnadóttir - UST	Fundarritari Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir - Umhverfisstofnun		
Fundarmenn: Mættir: Halldóra Hjörleifsdóttir Hrunamannahreppi, Jón Vilmundarson Skeiða- og Gnúpverjahreppi, , Margeir Ingólfsson Bláskógabyggð, og María Magnúsdóttir (fulltrúi Þjóðlendna). Frá Umhverfisstofnun: Kristín Linda Árnadóttir, Guðríður Þorvarðardóttir, Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir Ekki mættur: Sigurbjartur Pálsson, Rangárþing ytra, Ísleifur Jónasson Ásahreppi			
Afrit sent: Öllum boðuðum fundarmönnum			

Liður nr.	Lýsing
1	Samþykkt 3. Fundargerðar Fyrsti dagskrárliður: Samþykkt fundargerðar. Athugasemd kom fram um orðalag í lið 3. 3ja fundar Betra er að orða „Fram komu athugasemdir um að lítið hafi verið haldið utan um núverandi friðlýst svæði, og því efasemdir um áframhaldandi friðlýsingar á þeim forsendum“. Fundargerð samþykkt.
2	Fréttir af öðrum fundum, viðbrögð LV Svar LV er á þá leið að þeir muni bíða eftir niðurstöðum rammaáætlunar. Kristín Linda sagði frá kynningu 4 faghópa sem vinna við Rammaáætlun og flokka svæðin í 3 flokka: Verndunarflokk, nýtingarflokk og biðflokk. Greinargerð frá LV var lauslega kynnt. Spurt var hvort vinnuhópurinn vilji bíða eftir niðurstöðum rammaáætlunar. Svæðið sem hér um ræðir skorar hátt í verndun og hátt í hagkvæmni virkjunar. Kristín Linda sagði frá að mannvirkjakort frá Landsvirkjun væri í undirbúningi, og einnig hefur verið óskað eftir að fá kynningu á gestastofuhugmyndinni.
3	Drög að friðlýsingarskilmálum Farið var yfir friðlýsingarskilmálana lið fyrir lið. Rætt var um athugasemdir og hugtakanotkun og farið yfir tillögur sérfræðinganna. Rætt var um hugsanlega ráðgjafanefnd og hvaða mál gætu komið inn á hennar borð. Sem dæmi þá gæti það verið: verndaráætlun, kynningaráætlun ásamt staðsetningu skilta. Upp kom að jafnvel væri hægt að útfæra 2 ráðgjafanefndir, norður- og suðursvæði. Forstjóri Veðurstofunnar er jákvæður gagnvart rannsóknarverkefnum og er Umhverfisstofnun mjög spennt fyrir því að þróa ný verkefni í tengslum við hopun Hofsjökuls. Ræða á við Veiðimálastofnun vegna fiskisleppinga. Rætt var um umferð á jöklum og hvernig hægt sé að fara millivegin í því að setja reglur. Farið var yfir minnisblað um umferð á jöklum sem var unnið af Umhverfisstofnun og fól í sér úttekt á erlendum upplýsingum. Farið var yfir slóðakort og þau rædd. Umhverfisstofnun mun senda út kort á nefndina þar sem að blásið verður upp það svæði sem á að friðlýsa og nefndarmenn og sveitarfélög munu koma með athugasemdir á þá slóða sem þar eru, hvort þeir eigi að halda sér eða ekki. Rætt var um smölun á vélknúnum farartækjum og kom fram að bændur hafa ekki rétt til smalamennsku á ökutækjum. Reiðhjól, spurning hvernig skal skilgreina reiðhjól og umferð þeirra. Notkun skotvopna, sveitarfélögin eru almennt á móti því að refa og minkaveiðar séu bannaðar. Það sem er framundan er að klára vinnufund með norðanmönnum. Sunnanmenn fá því nýtt plagg

Liður nr.	Lýsing
	með friðlýsingarskilmálum eftir að fundur hefur verið haldinn með norðanmönnum. Einn kynningarfundur verður haldinn með öðrum sveitarstjórnarmönnum eftir vinnufundinn fyrir norðan. Opinn borgarafundur verður svo haldinn í maí í Árnesi eða þegar niðurstaða kemur með rammaáætlun.
6	<p>Verkefni fyrir næsta fund</p> <p>Nýtt friðlýsingarplagg með athugasemdum sunnan og norðan manna, Kort af friðlýsta svæðinu með ökuleiðum. PP sýning fyrir sveitarstjórnarmenn, rök fyrir friðlýsingu, friðlýsingarskilmálar o.s.frv. Klára þarf hagsmunaaðilahópinn sem kalla á saman. Senda staðfestar fundargerðir á nefndarmenn. Ath við Veiðimálastofnun fisksleppingar. Nýtt fundaplan og senda út.</p>
	<p><i>Næsti fundur: Umhverfisstofnun sendir út fundarboð</i></p>

FUNDARGERÐ		Síða 1-2
Tílefni fundar Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, fundur vinnuhóps á Norðurlandi		
Dags. fundar 19.04.2010	Tími 14:00 – 16:00	Staður Akureyri
Fundarboðandi Guðríður Þorvarðardóttir - UST	Fundarritari Hildur Vésteinsdóttir - Umhverfisstofnun	Nr. fundar 7-2010
Fundarmenn: Mættir: Einar E. Einarsson (Sveitarf. Skagafjörður), Jónas Vigfússon (Eyjafjarðarsveit), Tryggvi Jónsson (Húnavatnshreppur), Þórarinn Magnússon (Akrahreppur) og María Magnúsdóttir (fulltrúi Þjóðlendna). Frá Umhverfisstofnun: Guðríður Þorvarðardóttir, Hildur Vésteinsdóttir		
Afrit sent: Öllum boðuðum fundarmönnum		

Liður nr.	Lýsing
1	Samþykkt 2. fundargerðar Fundargerð samþykkt án athugasemda.
2	Fundargerð sunnanmanna, dags. 18. mars: Kynnt var fundargerð 4. fundar sem haldinn var með sunnanmönnum í Árnosi.
3	Svar Landsvirkjunar dags. 8. mars. ásamt greinargerð dags. 15. jan. Kynnt var svar Landsvirkjunar við erindi Kristínar Lindu Árnadóttur þar sem óskað var upplýsinga vegna Norðlingaölduveitu. Í svari Landsvirkjunar kom fram að ekki hefur verið fallið frá Norðlingaölduveitu og beðið sé niðurstöðu Rammaáætlunar. Greinargerð meðfylgjandi bréfinu var kynnt í stórum dráttum. Fundarmenn óskuðu eftir afriti af bréfinu og greinargerðinni og var því dreift á fundinum. Bent var á að í greinargerð Landsvirkjunar væri ekki rétt vísað í niðurstöður skýrslu vinnuhóps um tillögur um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum (Árna-skýrslan) hvað varðar ákvörðun um suðurmörk svæðisins þar sem í skýrslunni kemur skýrt fram að suðurmörk friðlandsins séu óbreytt vegna réttaróvissu um virkjunarframkvæmdir. Í því sambandi var rætt um hver mörk stækkaðs friðlands ættu að vera. Bent var á að svæði það sem nefndin átti að fjalla um friðun á skv. Náttúruverndaráætlun nær suður fyrir umrædda Norðlingaölduveitu. Lagt var til að endanleg ákvörðun um mörk verði tekin fyrir á sameiginlegum fundi með fulltrúum norður- og suðursvæðis.
4	Kort yfir reiðleiðir og slóða Kynnt kort nr. 5c þar sem skráð eru reiðleiðir og slóðar. Fram kom að í Hrunamannahreppi væru menn að skoða slóðakerfið m.t.t. þess hvaða slóðum eigi að halda opnum fyrir umferð og hvaða slóðum eigi að loka nema vegna upprekstrar og smölunar. Nú stendur yfir vinna að aðalskipulagi hjá sumum sveitarfélaganna og er skráning slóða hluti þeirrar vinnu. Fram kom á fundinum með sérfræðingum, dags. 12. mars 2010, að skrá þurfi alla slóða sem heimilt verður að aka með GPS punktum og akstur innan friðlandsins ætti einungis að fara fram á þeim slóðum, hvort heldur sem um er að ræða á snævi þöktu landi eða ekki.
5	Samantekt um jökla og umferð Kynnt upplýsingablað um friðun jökla og umferð farartækja. Til viðbótar voru upplýsingar um að akstur vélknúinna ökutækja er leyfð í Þjóðgarði í Kanada og reynt hefur verið að hafa samband við Þjóðgarðinn þar án árangurs. Rætt um umfjöllun fjölmiðla á því að umferð sé farin að hafa neikvæð áhrif á Snæfellsjökul.

Liður nr.	Lýsing
6	<p>Drög að friðlýsingarskilmálum – eftir viðbætur /ábendingar sérfræðinga</p> <p>Farið yfir drög að friðlýsingarskilmálum frá 12. apríl 2010 með athugasemdum frá Árna Snorrasyni (Veðurstofunni), Gísla Má Gíslasyni (Þjórsárveranefnd), Kristni Hauk Skarphéðinssyni og Sigurði Magnússyni (Náttúrufræðistofnun).</p> <p>Varðandi 2. gr. þarf hugsanlega að stækka svæðið sem skilgreint hefur verið sem Ramsar-svæði í samræmi við stækkað friðland.</p> <p>3. gr.: Mörk friðlandsins þarf að taka fyrir á sameiginlegum fundi norðan- og sunnanmanna. Það sem helst þarf að taka afstöðu til er hvort jökullinn í heild sinni eigi að vera með í friðlýsingunni og hversu langt í suður mörkin eiga að ná.</p> <p>4. gr.: Rætt var um hverjir skulu eiga sæti í nefnd sem hefur umsjón með svæðinu. Upp kom sú hugmynd að vísindamenn og náttúrufræðingar ættu frekar sæti í nefndinni heldur en sveitarstjórnarmenn eða að vægi vísindamanna væri aukið í nefndinni miðað við þær hugmyndir sem fram hafa komið. Einnig kom fram sú hugmynd að sveitarstjórnir myndu sjálfar tilnefna sinn fulltrúa, sem gæti þá hugsanlega verið starfsmaður Náttúrustofu viðkomandi svæðis.</p> <p>6. gr.: Rætt var um að ekki eigi að standa í vegi fyrir því að plöntur berist inn á svæðið með náttúrulegum hætti og að ekki skuli fjarlægja þær, svo fremi sem útbreiðsla þeirra sé náttúruleg. Umræður um hvort setningin „<i>Fjarlægja skal framandi tegundir plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á svæðið eða berast inn á það.</i>“ eigi við og hvort ekki sé nægilegt að láta setninguna á undan standa.</p> <p>9. gr.: Umræður um leyfisveitingar vegna bygginga í friðlandinu. Samkvæmt greininni þarf ekki leyfi til viðhalds mannvirkja sem þegar eru á svæðinu en meiriháttar breytingar á mannvirkjum, m.a. stækkun skála o.þ.h., eru leyfisskyldar. Rætt var um hver skyldi sjá um útgáfu slíkra leyfa og hverjir hefðu neitunarvald. Skv. nágildandi náttúruverndarlögum (38. gr.) þarf leyfi Umhverfisstofnunar áður en sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi.</p> <p>10. gr.: Rætt var um að kortleggja og GPS merkja allar leiðir þar sem heimilt verður að aka. Einnig kom fram það sjónarmið að ekki ætti að banna akstur á snjó né heldur umferð á jöklinum. Upplýsa þarf Flugstoðir um flugbann sem kveðið er á um í 10. gr.</p> <p>11. gr.: Rætt var um aðkomu sveitarfélaga að leyfisveitingu skotveiða og undanþágur frá skotveiðibanni skv. lögum nr. 64/1994.</p>
7	<p>Fundarplan</p> <p>Ákveðið var Gurrý kæmi með hugmyndir af heppilegum tímum fyrir kynningarfundum fyrir sveitastjórnir og yrði í sambandi við sveitarstjóra/oddvita. Ákveðið var að reyna að sameinast um að hafa 2 fundi.</p>
8	<p>Önnur mál</p> <p>Engin</p>
	<p><i>Næsti fundur: Umhverfisstofnun sendir út fundarboð</i></p>

FUNDARGERÐ	Tilfni fundar Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum,		Síða 1-1
Dags. Fundar 25.05.2010	Tími 13:00 – 15:00	Staður Flúðir	Nr. fundar 8-2010
Fundarboðandi Kristín Linda Árnadóttir - UST	Fundarritari Kristín Linda Árnadóttir- Umhverfisstofnun		
Fundarmenn: Mættir: Frá Umhverfisstofnun: Kristín Linda Árnadóttir, Guðríður Þorvarðardóttir,			
Afrít sent			
Ekki sent til samþykktar minnispunktar fyrir vinnuhóp.			

Liður nr.	Lýsing
1	<p>Staða vinnunnar</p> <p>Kristín Linda sagði frá stöðu vinnunnar. Vinnuhópur um stækkun friðlandsins héldi fundi með sveitarstjórnarmönnum og síðan væru áætlaðir fundir með hagsmunaaðilum í haust. Síðan færi tillagan í almenna kynningu. Farið var yfir Náttúruverndaráætlun og stöðu á Rammaáætlun.</p>
2	<p>Drög að friðlýsingarskilmálum</p> <p>Guðríður fór yfir drög að friðlýsingarskilmálum. Góðar umræður urðu um þær og bentu sveitarstjórnarmenn m.a.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Mikilvægi að hafa heimild til umferðarstýringar á svæðinu hvað varðar hestaferðir, slík umferðastýring væntanlega í höndum sveitarfélags eða þeirra aðila sem hafa umsjón með skálum. • Mikilvægt að hafa landvörð • Forsenda að til kæmi upplýsingarmiðstöð um Þjórsárver • Umræður af hverju væri verið að friða jökulinn og af hverju allan jökullinn. Hvort væri betra að tengja á vatnasviði eins og 2007 tillagan gerði ráð fyrir. Tengsl við Guðlaugstungur. • Umræða um reglur um akstur utan vega og akstur á snjó, Tryggja þyrfti að hægt væri að komast að jökli eða komast á snjó. • Mikilvægt að tryggt væri að hægt verði að halda við núverandi skálum. • Skýrt þyrfti að vera hver greiði fyrir fræðslu um svæðið og mikilvægt að það sé gert í góðu samráði við heimamenn. • Bent á að varðandi gr. 10 um umferð í friðlandinu væri betra að vísa til þess að bannað sé að skilja eftir úrgang en ekki að bannað sé að urða hann. • Ábendingar um mikilvægi þess að skýrar reglur séu um áningarhólf og reiðleiðir.
3	<p>Önnur mál</p> <p>Kynnt voru þau tímamörk sem vinnuhópurinn var að stefna að. Lok vinnunnar og skil til ráðherra haust 2010 en ljóst að dráttur í vinnu við Rammaáætlun gæti seinkað þeirri vinnu enda ljóst að sveitarfélög vildu horfa til niðurstöðu þeirra vinnu hvað varðar landsvæði sem félli undir</p>

FUNDARGERÐ	Tilfni fundar Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, kynningarfundur með sveitastjórnun, Varmahlíð		Síða 1-1
Dags. fundar 28.06.2010	Tími 13:00 – 15:30	Staður Varmahlíð	Nr. fundar 9-2010
Fundarboðandi Hildur Vésteinsdóttir - UST	Fundarritari Hildur Vésteinsdóttir - Umhverfisstofnun		
Fundarmenn: Mættir: Frá Sveitarfélaginu Skagafirði: Haraldur Þór Jóhannsson, Sigríður Svavarsdóttir, Viggó Jónsson, Sigurlaug Konráðsdóttir og Sigríður Magnúsdóttir. Frá Akrahreppi: Jón Sigurðsson, Eiríkur Skarphéðinsson, Þorkell Gíslason, Þórarinn Magnússon og Þorleifur Hólmsteinsson. Frá Eyjafjarðarsveit: Jónas Vigfússon. Frá Umhverfisstofnun: Kristín Linda Árnadóttir, Guðríður Þorvarðardóttir, Hildur Vésteinsdóttir			
Afrit sent:			

Liður nr.	Lýsing
1	Kynning: Kristín Linda kynnti formála að vinnu um stækkun friðlands í Þjórsárverum ásamt þeirra vinnu sem fram hefur farið og þeirri vinnu sem er fyrirbyggjandi.
2	Náttúruverndaráætlun: Guðríður kynnti Náttúruverndaráætlun og tengdi við stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Kynntar voru áherslur Náttúruverndaráætlunar, sérstaklega í tengslum við rústamýravist. Eins var farið yfir tengsl Náttúruverndaráætlunar og vinnunnar sem framundan er.
3	Flokkunarkerfi IUCN og friðun jökla: Hildur kynnti flokkunarkerfi IUCN fyrir friðlýst svæði og tvö upplýsingablöð sem Umhverfisstofnun hefur tekið saman um helstu rök fyrir friðun jökla og dæmi um slíkt. Rætt var um hvaða áhrif ferðamenn hafa á jökla og voru áhrif ferðamanna á Snæfellsjökul tekin sem dæmi í því sambandi.
4	Drög að friðlýsingarskilmálum: Farið var yfir drög að friðlýsingarskilmálum og samstarfsaðilar sem einnig hafa unnið að drögum kynntir (Veðurstofan, NÍ, Náttúrufræðistofnun). Í umræðum kom fram að hugsanlega stangast 6. og 7. gr. á vegna þess að í þeirri seinni er sagt að leyfa skuli náttúrunni að þróast eftir eigin lögmálum en í þeirri fyrri sagt að fjarlægja skuli ágengar framandi tegundir. Hugsanlega þyrfti að skýra það nánar. Einnig kom fram athugasemd við 11. gr. varðandi orðalagið „í lögmætum tilgangi“. Hugsanlegt væri í stað þess að setja „almennings er heimil för um friðlandið og dvöl þar“. Rætt var um hvernig aðstaða fyrir ríðandi menn ætti að vera. Ekki eru allsstaðar áningarhólf þegar ríðið er frá Tjarnarveri inni í Arnarfell. Eins er ekki hægt að koma heyi þangað nema með þyrlu þar sem bíslóðar eru engir. Það er eitthvað sem þarf að taka til skoðunar. Umræður voru um hvort nauðsynlegt væri að vernda heiðagæsina sérstaklega en bent var á að hugsanlegt væri að heiðagæsin væri að kæfa varplönd grágæsar sem var mun algengar áður fyrr en nú.
8	Önnur mál Engin

FUNDARGERÐ		Síða 1-1	
Tilfni fundar Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, kynningarfundur með hreppsnefnd Húnavatnshrepps			
Dags. fundar 02.09.2010	Tími 13:00 – 15:00	Staður Húnavellir	Nr. fundar 10-2010
Fundarboðandi Hildur Vésteinsdóttir - UST	Fundarritari Hildur Vésteinsdóttir - Umhverfisstofnun		
Fundarmenn: Mættir: Frá Húnavatnshrepp: Jóhanna Pálmadóttir, Þóra Sverrisdóttir, Jens Jensson, Ingibjörg Sigurðardóttir, Björn Magnússon. Frá Umhverfisstofnun: Guðríður Þorvarðardóttir, Hildur Vésteinsdóttir			
Afrit sent:			

Liður nr.	Lýsing
1	Kynning Guðríður kynnti formála að vinnu um stækkun friðlands í Þjórsárverum ásamt þeirri vinnu sem fram hefur farið og þeirri vinnu sem er fyrirbyggjandi. Mörk fyrirhugaðs friðlands voru kynnt, atriði varðandi Rammaáætlun, reiðleiðir og vegslóðar.
2	Náttúruverndaráætlun Guðríður kynnti Náttúruverndaráætlun og tengdi við stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Kynntar voru áherslur Náttúruverndaráætlunar, sérstaklega í tengslum við rústamýravist. Eins var farið yfir tengsl Náttúruverndaráætlunar og vinnunnar sem framundan er og tengsl við ýmsa alþjóðsamninga, s.s. Bernarsamninginn, Ríósamninginn og Ramsar samninginn. Rætt var um rammaáætlun og fyrirhugaða Norðlingaölduveitu og áhrif þess á vinnu vegna stækkunar friðlandsins.
3	Flokkunarkerfi IUCN og friðun jökla Farið var yfir flokkunarkerfi IUCN fyrir friðlýst svæði og tvö upplýsingablöð sem Umhverfisstofnun hefur tekið saman um helstu rök fyrir friðun jökla og dæmi um slíkt. Rætt var um hvaða áhrif ferðamann hafa á jökla og voru áhrif ferðamanna á Snæfellsjökul tekin sem dæmi í því sambandi.
4	Drög að friðlýsingarskilmálum Farið var yfir drög að friðlýsingarskilmálum Í kjölfarið kom upp sú hugmynd að samnýta fyrirhugaða gestastofu og Hveravöllum þar sem hægt væri að kynna friðland í Þjórsárverum, Guðlaugstungur og náttúruvættið Hveravelli. Kom fram hugmynd um að setja svipuð ákvæði inn í friðlýsingarskilmála um refa- og minkaveiðar og eru í friðlýsingarskilmálum Guðlaugstungna. Rætt var um eftirlit innan friðlýstra svæða og kom fram í þeim umræðum að sérstakur hálendislandvörður sinnir Guðlaugstungum, Hveravöllum og Þjórsárverum. Beinast sjónir manna helst að utanvegaakstri en oft er erfitt að koma upp um brotin og lagaákvæði ekki nægilega skýr til að hægt sé að dæma eftir þeim.
8	Önnur mál Engin

FUNDARGERÐ		Síða 1-2
Tílefni fundar Fundur vinnuhóps um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum		
Dags. fundar 14.06.2011	Tími 11:00 – 14:00	Staður Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24
Fundarboðandi Hildur Vésteinsdóttir - UST	Fundarritari Hildur Vésteinsdóttir - Umhverfisstofnun	Nr. fundar 11-2011
Fundarmenn: Mættir: Fulltrúar Hrunamannahrepps, Rangárþings ytra, Akrahrepps, Húnavatnshrepps, Bláskógabyggðar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Frá Umhverfisstofnun: Anna Kristín Ólafsdóttir, Hildur Vésteinsdóttir, Kristín Linda Árnadóttir		
Afrít sent:		

Liður nr.	Lýsing
1	<p>Staða verkefni og samþykkt fundargerða</p> <p>Farið yfir minnisblað um stöðu verkefnis sem afhent var í vinnuöppu til vinnuhóps. Sérstaklega var fjallað um vinnu við Rammaáætlun og flokkun Norðlingaölduveitu þar. Ákveðið var að nefndin myndi bíða niðurstöðu Rammaáætlunar áður en tekin er afstaða til marka svæðisins að sunnanverðu. Fulltrúi Akrahrepps var ekki sammála þeirri niðurstöðu og telur hann að starf nefndarinnar hafi mistekist takist ekki að stækka friðlandið til suðurs. Hann óskaði þess að fá að gera fyrirvara við friðlýsingarskilmálana ef starfshópurinn skilar af sér þess efnis að Rammaáætlun ráði stærð friðlandsins. Einnig var rætt um hver staðan yrði ef svæðið verður flokkað í biðflokk, en sá flokkur er ætlaður fyrir þau svæði þar sem ekki eru fyrirliggjandi nægar upplýsingar til að meta svæðin. Verði Norðlingaölduveita flokkuð í biðflokk er það starfshópsins að taka afstöðu sem send verður ráðherra.</p> <p>Allar fundargerðir hafa verið samþykktar nema fundargerðin frá fundinum með hagsmunaaðilum. Farið verður sérstaklega yfir þá fundargerð.</p>
2	<p>Athugasemdir frá hagsmunaaðilum</p> <p>Afhentir punktar frá fundi sem haldinn var með hagsmunaaðilum og sköpuðust nokkrar umræður um athugasemdir hagsmunaaðila varðandi eftirfarandi atriði:</p> <p>Akstursleiðir: Nokkur sátt hefur ríkt um akstursleiðir innan friðlandsins og hafa þær verið merktar inn á kort í tengslum við vinnu starfshópsins. Upplýst var að Umhverfisstofnun hefur fengið heimild til að senda Vegagerðinni lista yfir þá slóða innan friðlýstra svæða og myndi friðlandið í Þjórsárverum fara í þann farveg. Áður hafði verið rætt um að sveitarfélögin myndu gefa upp þá slóða sem heimilt er að nota og hverja ekki þannig að samræmi væri milli akstursleiðakorts í friðlýsingarskilmálum og reglum sveitarfélaganna. Þá var rætt um að leggja áherslu á að slóðar liggi upp að snjólinu þar sem akstur á snjó er leyfður.</p> <p>Umferð um friðlandið: Ábending barst vegna umferðar vísindamanna um friðlandið (11. gr.). Rætt var um hvort að bæta ætti við grein sem heimilar Umhverfisstofnun að veita undanþágu frá banni við akstri utan vega en einnig bent á að eldri slóðar freista og og erfitt er að banna umferð þegar sumum er leyft. Samþykkt var að setja almenna undanþáguheimild í 13. gr. friðlýsingarskilmálanna sem veitir Umhverfisstofnun heimild til að veita undanþágu frá banni við akstri utan vega að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ekki þótti raunhæft að leita umsagnar ráðgjafanefndar þar sem nefndin hittist aðeins einu sinni á ári. Ferlið við afgreiðslu umræddra undanþága þyrfti að ganga mun hraðar.</p>

Liður nr.	Lýsing
	<p>Skotveiðar: Notkun skotvopna er óheimil innan friðlandsins nema til refa og minkaveiða á svæðinu sem sveitarfélögin standa fyrir. Rætt var um refaveiðar í tengslum við tilskipanir Evrópusambandsins og einnig um að aðskilja refi og minka og láta þá ekki falla undir sama hatt. Ákveðið var að hafa ákvæði sambærilegt því sem er að finna í reglugerð nr. 608/2008 um Vatnajökulsþjóðgarð.</p> <p>Ráðgjafanefnd: Athugasemdir bárust við þá tillögu sem sett lögð hefur verið fram varðandi ráðgjafanefnd, en samkvæmt henni er hlutverknefndarinnar upplýsingagjöf, skiltamál o.s.frv. Starfshópurinn styður þá tillögu sem sett hefur verið fram en samþykkt var að bæta við fulltrúa sem tilnefndur er af Náttúrufræðistofnun Ísland.</p> <p>Samráðsfundir með sveitarfélögum: Rætt um samráðsfundi og upplýst að Umhverfisstofnun fundar með sveitarstjórnnum sumra friðlanda einu sinni eða tvisvar á ári um málefni friðlandanna.</p> <p>Ágengar tegundir: Rætt um ákvæði í 7. gr. friðlýsingarskilmálanna og bent á að ákvæði í reglugerð taka á þessum málum þar sem kveðið er á um að bannað sé að dreifa ágengum, framandi tegundum. Með ákvæðinu er sett skuldbinding þess efnis að ráðast skuli í aðgerðir gegn ágengum, framandi tegundum, en mjög erfitt getur verið að losna við þær, sbr. baráttu gegn mink og lúpínu. Samþykkt var að láta ákvæðið standa óbreytt að því undanskildu á númer reglugerðarinnar ætti að taka út þar sem það gæti breyst.</p> <p>Mannvirki innan friðlandsins: Gerð var athugasemd við 10. gr. friðlýsingarskilmálanna þess efnis að bæta ætti við ákvæði 10. gr. að heimilt væri að halda við þeim mannvirkjum sem fyrir eru á svæðinu, en Landsvirkjun er með námur inni á svæðinu. Samþykkt að breyta ákvæðinu með þeim hætti að námur verði hluti af leyfisveitingu sveitarfélaga og að leyfi þurfi fyrir námum í samræmi við gildandi lög. Hugsunin er sú að heimilt sé að nota þær námur sem eru nú þegar í notkun og heimilt að nota, en að ekki verði opnaðar nýjar. Einnig var rætt um að breyta þurfi orðalagi greinarinnar þannig að heimilt verði að reisa t.d. fuglaskoðunarhús og samþykkt að bæta við greinina texta sem væri á þá leið að heimilt væri að veita leyfi fyrir t.d. fræðslumannvirkjum á vegum friðlandsins, til að ná fram markmiðum friðlýsingarinnar skv. 2. gr.</p> <p>Flugvöllur: Starfshópnum barst ábending um að flugvöllur er innan svæðisins sem skilgreindur er sem neyðarflugvöllur. Flugvöllurinn er í notkun hefur hann að öllum líkindum alltaf verið í mótsögn við gildandi friðlýsingarskilmála. Starfshópurinn var sammála um að halda ákvæðinu óbreyttu þar sem ekki er talin þörf á neyðarflugvelli þar sem nú er notast við þylur í neyðartilvikum.</p>
3	<p>Yfirferð yfir ný drög að friðlýsingarskilmálum:</p> <p>Við yfirferð nýrra draga að friðlýsingarskilmálum komu fram eftirfarandi ábendingar um úrbætur: 2. gr.: Bæta þarf inn ákvæði um almenningsfræðslu. 13. gr. Eftir umræður um hvort að kallað væri eftir landgræðslu eða hún væri bönnuð með ákvæði í 7. gr. þar sem kveðið er á um að vistkerfi og líffræðileg fjölbreytni veranna skuli þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum á eigin forsendum var ákveðið að bæta inn mjög vandlega orðaðri setningu í 13. gr. sem segir að heimilt sé að vera með verndaraðgerðir á svæðinu.</p> <p>Fjármálablað: Umhverfisstofnun óskaði eftir að bætt yrði inn á fjárhagsáætlunina framkvæmdum fyrir fuglaskoðunarhús og upplýsti að sambærilegt hús við Dalvík kostaði um 3 m.kr.</p>
4	<p>Áframhald – auglýsing til almennings</p>

Liður nr.	Lýsing
	<p>Kristín Linda lagði til að Umhverfisstofnun yrði falið að ljúka við drög að auglýsingu í samræmi við athugasemdir, ljúka gerð korta sem ætlunin er að auglýsa með (nr. 5) og senda texta varðandi fyrirvara vegna Norðlingaölduveitu. Auglýst verður í 6 vikur og stefnt að því að auglýsingu og umsögnum verði lokið áður en þing hefst í október þannig að unnt verði að leggja fram tillögu um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum áður en Rammaáætlun verður tekin fyrir.</p> <p>Rætt við nefndarmenn um hvort vilji væri fyrir því að hafa kynningar fyrir almenning.</p>
5	<p>Önnur mál Engin</p>

FUNDARGERÐ		Síða 1-3
Tilfni fundar Fundur vinnuhóps um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum		
Dags. fundar 21. febrúar 2013	Tími 10:00-14:00	Staður Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24
Fundarboðandi Kristín Linda Árnadóttir - UST	Fundarritari Hildur Vésteinsdóttir - Umhverfisstofnun	Nr. fundar 12-2013
Fundarmenn: Mættir: Halldóra Hjörleifsdóttir, Tryggvi Jónsson, Jónas Vigfússon, Margeir Ingólfsson, Jón Vilmundarson, Þórarinn Magnússon, Ísleifur Jónasson Frá Umhverfisstofnun: Anna Kristín Ólafsdóttir, Hildur Vésteinsdóttir, Kristín Linda Árnadóttir		
Afrit sent: Öllum nefndarmönnum		

Liður nr.	Lýsing
1	<p>Ný drög að friðlýsingarskilmálum</p> <p>Farið yfir ný drög að friðlýsingarskilmálum og samþykkt að gerðar yrðu eftirfarandi breytingar: Fyrirsögn: skal orðast svo: Auglýsing um friðland í Þjórsárverum og verndun rústamýrarvistar með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi aðila. Nefndarmönnum þótti ástæða til að setja fyrirvara um samþykki þar sem auglýsingin verður ekki samþykkt af sveitarstjórnnum eða ráðherra þegar hún verður kynnt fyrir almenningi.</p> <p>3. gr.: Samþykkt að taka út setninguna: <i>Mörk verndarsvæðis miða við mörk skv. náttúruverndaráætlun 2009-2013 og að auki Hofsjökull allur.</i> Í viðauka verður kort af verndarsvæðinu og hnitatafla verður sett inn í skilmálana og voru nefndarmenn sammála um að ekki þyrfti frekari lýsingu.</p> <p>4.gr.: Gerðar orðalagsbreytingar á setningu um skipunartíma fulltrúa ráðgjafanefndar og hljóðar setningin nú svo: <i>Skipunartími nefndarinnar er sá sami og kjörtímabil sveitarstjórna.</i> Rætt var um hvort að samþykki ráðgjafanefndar þurfi eða hvort samráð sé nægilegt. Reynslan hefur sýnt að það hefur ekki reynst vel að samþykki ráðgjafanefnda þurfi en þar sem samráð sé haft við slíkar nefndir sé í lang flestum tilvikum farið eftir álitni nefndarinnar. Ákveðið að láta greinina standa óbreytta þannig að samráð sé haft við ráðgjafanefndina um ítarlegri reglur um umgengni í friðlandinu.</p> <p>6. gr.: Umræður um nauðsyn gestastofu. Áherslur Umhverfisstofnunar í fræðslumálum hafa breyst með þeim hætti að meiri áhersla er lögð á fræðslu á svæðunum sjálfum, t.d. með fræðsluskiltum, en minni áhersla lögð á að setja upp sýningar innandyra. Umhverfisstofnun var falið að breyta greininni með þeim hætti að lögð væri áhersla á að veita sem fjölbreyttasta fræðslu án þess að skilgreina það nánar, heldur ætti nánari útfærsla að vera í höndum ráðgjafanefndarinnar.</p> <p>Rætt var um kostnað vegna fræðslu um friðlandið og stofnkostnað og rekstrarkostnað. Fram komu sjónarmið um að sveitarstjórnir myndu ekki skrifa undir friðlýsinguna ef að ekki fylgdi fjármagn með. Nauðsynlegt er að tryggja fjármögnum fyrir svæði, vegna stofnkostnaðar, rekstrarkostnaðar og fræðslu, án þess að eyrnamerkja það sérstaklega, en slíkt ætti að vera í höndum ráðgjafanefndar.</p> <p>Eins og áður kom fram óttast sveitarfélögin að með friðlýsingunni fylgi ekki fjármagn til reksturs svæðisins. Umhverfisstofnun kynnti dæmi um friðlýsingar þar sem aðilar settu vilýrði um stofn- og rekstrarfjármagn sem skilyrði fyrir friðlýsingu og að möguleiki væri á því að gera slíkt hið sama í þessu tilfalli.</p> <p>Ákveðið var að bæta við viðauka við auglýsinguna þar sem sett væri fram fræðslu- og uppbyggingaráætlun þar sem settar væru fram helstu áætlanir um uppbyggingu og grófar kostnaðartölur.</p> <p>7. gr.: Formanni nefndarinnar hafði borist ábending frá Magnúsi H. Jóhannssyni, fulltrúa Rangárbings ytra, fyrir fundinn að mögulega væri þversögn í 7. gr. þar sem kveðið er á um að friðlandið skuli</p>

Liður nr.	Lýsing
	<p>þróast eftir eigin lögmálum en samt er kveðið á um að eyða skuli ákveðnum tegundum. Umræður. Ákveðið að fjalla um þetta atriði í skýrslunni en að láta greinina í skilmálunum standa óbreytta.</p> <p>9. gr.: Þjóðminjalög nr. 107/2001 hafa verið felld úr gildi. Í stað þeirra voru sett lög um menningarminjar nr. 80/2012. Greininni breytt til samræmis.</p> <p>10. gr.: Varðandi heimildir vegna aðgerða á svæðinu til verndar gróðri og dýralífi þarf leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags. Þá var ákveðið að bæta inn ákvæði um að hefðbundnar nytjar í ám og vötnum séu heimilrar eins og verið hefur, en veiði er í nokkrum vötnum innan svæðisins. Vegna þessa kom fram ábending þess efnis að mönnum þóttu mörkin sem lögð voru til af nefnd sem lauk störfum árið 2007 skynsamlegri heldur en núverandi mörk, en þau fylgdu vegi í stað þess að vera í miðjum Kvíslarvötnum. Ákveðið að hafa mörkin óbreytt frá þeirri tillögu sem lá fyrir fundinum.</p> <p>11. gr.: Rætt um hvort að nota ætti orðið sorp eða úrgangur. Niðurstaðan var sú að nota orðið sorp þar sem úrgangur felur líka í sér seyru.</p> <p>Orðalagi í setningu um umferð vélknúinna farartækja breytt á þá leið að umferð vélknúinna farartækja er óheimil í friðlandinu, nema eftir <i>skilgreindum</i> vegum, en vegir eru sérstaklega skilgreindir á korti í viðauka við auglýsinguna.</p> <p>Umræður um umferð ríðandi manna um friðlandið. Bent var á að í því skyni að beina umferð hestamanna frá viðkvæmustu svæðum Þjórsárvera væri best að útbúa góða aðstöðu fyrir hestamenn á öðrum svæðum sem þola áganginn betur. Ákveðið að setja inn í greinina ákvæði um að í verndaráætlun skuli gera tillögu um skipulag og fjölda áningarhólfa. Jóni og Ísleifi falið að gera tillögu að þessu. Þessu til viðbótar var bætt inn ákvæði um að hefðbundinn réttur bænda til smölunar helst eins og verið hefur.</p> <p>Skoða þarf kort yfir reiðleiðir þar sem það virðist sem svo að sumar leiðanna séu aðeins ónákvæmir punktar og ekki reiðleiðir í raun. Umhverfisstofnun falið að lagfæra kortið og senda nefndarmönnum.</p> <p>12. gr.: Umræður um mikilvægi refa- og minkaveiða, sérstaklega í friðlöndum þar sem markmiðið er að vernda fuglalíf. Ákveðið að sleppa orðunum <i>með viðurkenndum veiðiaðferðum</i> þar sem veiðarnar skulu alltaf vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.</p> <p>Rætt um að í kostnaðaráætlun í tengslum við friðlandið þarf líka að fjalla um kostnað við refa- og minkaveiðar.</p> <p>Viðaukar:</p> <p>Slóðakort: farið yfir slóðakort, ekki gerðar athugasemdir.</p> <p>Akstur á viðkvæmum svæðum á snjó: Kort ekki tilbúið. Kristín Linda mun hafa samband við Sigurð hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og fá ráðgjöf um hvaða svæði þetta eru og hafa samráð við 4x4 í kjölfarið. Þegar kortið verður tilbúið mun það verða sent á nefndina.</p> <p>Reiðleiðakort: Hildur mun fara yfir þær athugasemdir sem gerðar voru (beinar línur) og senda nefndarmönnum niðurstöðuna. Jón og Ísleifur munu leggja fram hugmyndir um áætlaða staðsetningu og upplýsingar um þau hólfa sem eru til nú þegar.</p> <p>Fræðslu og uppbyggingaráætlun: Umhverfisstofnun falið að setja niður helstu áætlanir um uppbyggingu og rekstur svæðisins og grófar kostnaðartölur.</p> <p>Í tengslum við umræður um friðlýsingarskilmála, mörk svæðisins og fjármögnun óskaði Ísleifur Jónasson, fulltrúi Ásahrepps, eftir því að eftirfarandi yrði bókað:</p> <p>„Frá upphafi vinnu við stækkun friðlandsins í Þjórsárverum hefur það verið skýr afstaða Ásahrepps að sveitarfélagið mun ekki samþykkja stækkun friðlandsins til suðurs að öllu óbreyttu. Þau loforð sem gefin hafa verið vegna friðlandsins, sérstaklega varðandi fjármagn og framkvæmdir, hafa ekki verið efnis og á meðan svo er sér sveitarfélagið sér ekki unnt að samþykkja stækkun friðlandsins til suðurs.“</p>
2	<p>Drög að skýrslu um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum</p> <p>Gerðar athugasemdir um orðalag í skýrslunni sem Hildur mun laga og senda nefndarmönnum til samþykkis.</p>

Liður nr.	Lýsing
	Tvær fundargerðir vantar í skýrsluna og verður þeim bætt við þegar þær verða tiltækar.
3	<p>Staða vinnu</p> <p>Ákveðið að kynna tillöguna fyrir almenningi í 4 vikur og senda bréf til skilgreindra hagsmunaaðila þar sem umsagnar þeirra er óskað, en flestir þeirra óskuðu eftir á samráðsfundum að fá að sjá skilmálana áður en þeir yrðu samþykktir.</p> <p>Ákveðið að hafa tvo kynningarfundir um verkefnið, annan á suðursvæði (í Þjórsárstofu í Árnesi) og hinn á norðursvæði (í Varmahlíð). Nefndarmenn munu sitja þessa kynningarfundir, sunnanmenn í Þjórsárstofu og norðanmenn í Varmahlíð.</p>
4	<p>Samþykkt síðustu fundargerðar</p> <p>Ákveðið að taka út ákvörðun um almennan opinn fund einu sinni á ári.</p> <p>Einnig þarf að leiðrétta að Umhverfisstofnun fundar með sveitarstjórnnum <i>sumra</i> friðlanda.</p>
5	<p>Ferlið framundan</p> <p>Í lok fundar var farið yfir ferlið framunda.</p> <p>Umhverfisstofnun mun senda nefndarmönnum fundargerð, ný drög að friðlýsingarskilmálum ásamt viðaukum sem ætlað er til kynningar fyrir sveitarstjórnir.</p> <p>Auglýsingin verður kynnt fyrir almenningi í 4 vikur. Kynningarfundir verða haldnir, bæði fyrir norðan og sunnan, á fyrstu tveimur vikum kynningartímans.</p> <p>Kristín Linda mun eiga fund með ráðherra vegna fjármögnunar uppbyggingar og reksturs friðlandsins. Þegar kynningarferlinu er lokið mun Umhverfisstofnun boða fund með nefndinni til að fara yfir þær athugasemdir sem borist hafa.</p>
6	<p>Önnur mál</p> <p>Engin</p>

FUNDARGERÐ		Síða 1-3
Tilfni fundar Fundur vinnuhóps um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum		
Dags. fundar 8. apríl 2013	Tími 13:00-17:30	Staður Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24
Fundarboðandi Kristín Linda Árnadóttir - UST	Fundarritari Hildur Vésteinsdóttir - Umhverfisstofnun	Nr. fundar 13-2013
Fundarmenn: Mættir: Halldóra Hjörleifsdóttir, Ísleifur Jónasson, Jón Vilmundarson, Jónas Vigfússon, Margeir Ingólfsson, Magnús H. Jóhannsson, Tryggvi Jónsson, Viggó Jónsson, Þórarinn Magnússon, Frá Umhverfisstofnun: Anna Kristín Ólafsdóttir, Hildur Vésteinsdóttir, Kristín Linda Árnadóttir		
Afrit sent: Öllum nefndarmönnum		

Liður nr.	Lýsing
1	<p>Athugasemdir við drög að friðlýsingarskilmálum</p> <p>Farið var yfir framkomnar athugasemdir við drög að friðlýsingarskilmálum sem auglýst voru til kynningar 12. mars sl., en nefndinni bárust athugasemdir og ábendingar frá eftirfarandi aðilum: Gísla Má Gíslasyni, Skotvís, Minjastofnun, Landsneti, Náttúrufræðistofnun Íslands, Vegagerðinni, Ásahrepp, Ferðafélagi Íslands, Landvernd, Ferðaklúbbnum 4x4 og Landsvirkjun.</p> <p>Veiðar: Umræður um veiðar innan friðlandsins á heiðagæs og rjúpu. Samráðsnefndin var sammála um að hafa ákvæðið óbreytt og banna meðferð skotvopna innan friðlandsins nema til refa- og minkaveiða.</p> <p>Mörk friðlandsins: Rætt var um hver væru faglegu rökin fyrir stækkun friðlandsins til suðurs. Fram kom að þessi mörk voru sett fram í náttúruverndaráætlun 2009-2013 og að á suðursvæðinu væri einnig að finna hina mikilvægu rústamýrarvist, einkum þó á vesturhluta þess. Fram komu ábendingar þess efnis að ef til vill væri svæðið orðið það stórt að ekki gætu sömu reglur gilt um svæðið í heild sinni. Einnig rætt um ábendingar vegna legu fyrirhugaðrar Sprengisandleiðar og – línu sem samþykkt hefur verið á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022.</p> <p>Ekki var sátt um suðurmörk fyrirhugaðs friðlands og voru lagðar fram mismunandi tillögur að suðurmörkum austan Þjórsár. Samþykkt var að fela formanni að semja við sveitarstjórnir Ásahrepps og Rangárbings ytra um mörk stækkaðs friðlands að sunnanverðu á landsvæði Ásahrepps. Fulltrúar annarra sveitarfélaga samþykktu mörkin fyrir sitt leyti.</p> <p>Markmið: Samþykkt var að breyta 2. gr. um markmið friðlýsingarinnar á þá leið að verndun rústamýrarvistar væri gert hærra undir höfði. Einnig var samþykkt að bæta við að eitt af markmiðum með friðlýsingunni sé að vernda menningarminjar.</p> <p>Ráðgjafanefnd: Umræður um hvort að bæta ætti við aðilum í ráðgjafanefndina, en ábendingar bárust þess efnis að fulltrúar frjálsra félagasamtaka ættu að eiga sæti í nefndinni. Einnig rætt um hvort að fleiri sérfræðingar ættu að hafa aðkomu að nefndinni og hvort að vægi atkvæða fulltrúa í nefndinni skuli vera jafnt. Niðurstaða nefndarinnar var sú að ráðgjafanefndin skuli vera 10 manna nefnd þar sem hvert sveitarfélag á einn fulltrúa og Umhverfisstofnun einn. Með nefndinni skulu starfa fulltrúar frá Háskóla Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands og skulu þeir fulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðarétt. Fulltrúi forsætisráðuneytis mun ekki sitja í nefndinni þar sem ekki er hefð fyrir því að ráðuneyti eigi fulltrúa í ráðgjafanefndum.</p> <p>Verndun gróðurs og dýralífs: Náttúrufræðistofnun Íslands lagði, í athugasemdum sínum, til umorðun á fyrstu setningu greinarinnar og var hún samþykkt. Fyrsta setning greinarinnar mun því hljóða svo: <i>Vernda skal líffræðilega fjölbreytni veranna, þ.m.t. heildstætt vistkerfi þeirra, svo þau megi þróast</i></p>

Liður nr.	Lýsing
	<p><i>samkvæmt eigin lögmaálum náttúrunnar.</i></p> <p>Verndun menningarminja: Í samræmi við ábendingar Minjastofnunar Íslands var samþykkt að bæta inn í greinina að nánar skuli kveðið á um skráningu menningarminja í verndaráætlun svæðisins.</p> <p>Umferð um friðlandið: Umræður um umferð um friðlandið. Gísli Már Gíslason kom á fundinn og fór yfir atriði varðandi akstur á snævi þakinni jörð og sérstaklega viðkvæm svæði veranna. Samþykkt var að fela formanni að ganga frá korti vegna aksturs á snævi þakinni jörð í samráði við Gísla Má og Ferðaklúbbinn 4x4.</p> <p>Umræður um umferð hrossa innan friðlandsins og að samráðsnefndin legði til að sett verði ákvæði í verndaráætlun um tilkynningarskyldu fyrir þá sem fara ríðandi inn í Arnarfell og önnur sérstaklega viðkvæm svæði og að jafnvel skuli leggja til að þeir sem fari ríðandi um þessi svæði skuli vera með leiðsögumann. Umræður um reiðleiðakort, en á kortið vantar viðurkenndar reiðleiðir. Samþykkt var að fela formanni að ganga frá reiðleiðakorti í samræmi við aðalskipulag sveitarfélaganna.</p> <p>Refa- og minkaveiðar: Umræður um athugasemdir vegna greinar um refa- og minkaveiðar en samþykkt að hafa ákvæðið óbreytt. Hins vegar var ákveðið að bæta inn ákvæði í grein um umferð um friðlandið um umferð vegna refa- og minkaveiða svohljóðandi: <i>Umferð vegna refa- og minkaveiða á vegum sveitarfélaga er heimil eins og verið hefur.</i></p> <p>Landnotkun og mannvirkjagerð: Umræður um athugasemdir Ásahrepps vegna uppbyggingar ferðapjónustumannvirkja. Samþykkt að bæta svohljóðandi setningu í 3. mgr.: <i>Heimildir til mannvirkjagerðar til fræðslu og ferðapjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar.</i></p> <p>Sérstaklega mikilvæg svæði Þjórsárvera: Nefndin leggur til að fjallað verði um sérstaklega mikilvæg svæði í verndaráætlun í samræmi við ábendingar frá Landvernd.</p>
2	<p>Skilabréf</p> <p>Lögð fram drög að skilabréfi. Bréfinu var breytt í samræmi við framkomnar athugasemdir og samþykkt og undirritað með þremur skilyrðum sem formanni var falið að vinna að:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Ná samkomulagi við sveitarstjórnir Ásahrepps og Rangárbings ytra um suðurmörk hins friðlýsta svæðis austan Þjórsár. 2. Kort af reiðleiðum verði í samræmi við aðalskipulag viðkomandi sveitarfélaga. 3. Ganga frá korti vegna aksturs á snævi þakinni jörð í samráði við Gísla Má Gíslason og fulltrúa ferðaklúbbsins 4x4.
3	<p>Viljayfirlýsing ráðherra</p> <p>Kynnt var viljayfirlýsing þar sem ráðherra lýsir yfir fyrirætlunum um að leggja fram 28 m.kr. til stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum og til styrkingar innviða á Þjórsárverasvæðinu. Einnig kemur fram að ráðherra muni beita sér fyrir því að fjárheimildir fáist til áframhaldandi uppbyggingar innviða á svæðinu sem og eflingu landvörslu á svæðinu í samvinnu við Umhverfisstofnun.</p>
6	<p>Önnur mál</p> <p>Engin</p>

Viðauki V – Minnisblað til vinnuhóps um stækkun friðlands í Þjórsárverum

9. júní 2010

Á ríkisstjórnarfundum sem haldinn var þann 21. ágúst 2009 var samþykkt tillaga umhverfisráðherra um að hefja undirbúning að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Tillagan er í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Umhverfisstofnun var falið með bréfi umhverfisráðuneytisins dags. 25. ágúst 2009 að hefja vinnu við stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Þess ber að geta að á fundi með ráðherra kom framhugmynd þess efnis að hafa Hofsjökul allan innan friðlandsmarka.

Markmið um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum er í náttúruverndaráætlun 2009-2013. Tillagan byggir á úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands sem birt er í skýrslunni „Vistgerðir á miðhálandi Íslands – Þjórsárver“ og kom út í desember 2009 (NÍ-09019) og skýrslunni „*Tillögur um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, 14. mars 2007*“, sem unnin var af starfshóp á vegum umhverfisráðuneytisins. Tillaga Náttúrufræðistofnunar Íslands sem miðar fyrst og fremst við vistgerðina rústamýravist er nokkuð frábrugðin endanlegri tillögu í náttúruverndaráætlun sem miðar við vatnasvið Þjórsárvera eins og gert er ráð fyrir í skýrslu starfshóps ráðuneytisins frá 2007. Í náttúruverndaráætlun 2009-2013 er gert ráð fyrir að friðlandsmörkin nái nokkuð sunnar en starfshópurinn 2007 lagði til.

Umhverfisstofnun ákvað að vinna með sveitarstjórnnum á svæðinu að endurskoðun friðlýsingarinnar, *Auglýsing um friðland í Þjórsárverum, nr. 507/1987* og óskaði eftir tilnefningu í samstarfsnefnd. Ákveðið var að kalla til samstarfs sérfræðinga um náttúrufer og verndargildi svæðisins þ.e. Sigurð H. Magnússon og Kristinn Hauk Skarphéðinsson frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Gísli M. Gíslason frá Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands og formann Þjórsárveranefndar. Einnig var ákveðið að kalla til eftir þörfum fulltrúa hagsmunaaðila á svæðinu. Fljótlega efir að verkefnið hófst var þess óskað að fulltrúi forsætisráðuneytisins á sviði þjóðlendumála tæki þátt í verkefninu og er það María Magnúsdóttir.

Ný drög að friðlýsingarskilmálum voru kynnt á fundum með sveitarstjórnnum. Alls voru á árinu 2010 haldnir sex fundir með fulltrúum sveitarfélaga. Í janúar var annars vegar haldinn fundur með sérfræðingum og hins vegar sameiginlegur fundur með öllum fulltrúum sveitarfélaganna, bæði á norður og suðursvæði. Á seinni fundinum var sú ákvörðun tekin að funda til skiptis með norðan- og sunnanmönnum og voru í framhaldi haldnir þrjú fundir á hvoru svæði fyrir sig. Á fundunum voru ræddar ýmsar tillögur að nýjum mörkum friðlandsins, verndar- og nýtingarmöguleikar og tengsl við Rammaáætlunarferlið. Teknar voru fyrir mismunandi tillögur að friðlýsingarskilmálum og kynnt ítarleg samantekt um verndun jökla, gildi verndunar og framkvæmd annars staðar í heiminum. Skiptar skoðanir voru um ágæti þess að taka jökulinn inn í fyrirhugaða friðlýsingu. Kynnt var flokkunarkerfi

alþjóðanáttúruverndarsamtakanna, IUCN, og einnig spunnust miklar umræður í báðum hópum um slóða og flokkun vega. Samhljómur var meðal sveitarfélaganna um að hefðbundnar veiðar á mink og ref yrðu áfram leyfðar.

Unnin var hagsmunaaðilagreining og aðilar kallaðir á fund í byrjun september. Þeir skiptust í eftirfarandi hópa: Náttúruvernd, virkjanir, ferðaþjónusta og útivist, skálæigendur og „aðrir.“ Þar voru rædd drög að friðlýsingarskilmálum og farið yfir helstu viðfangsefni friðlýsingarviðræðnanna fram að þessu. Óskað var eftir ábendingum og athugasemdum hópanna.

Á haustmánuðum varð ljóst að sveitarfélögin á suðursvæðinu töldu mikilvægt að niðurstaða í Rammaáætlun lægi fyrir áður en ákvörðun væri tekinn um mörk hins friðlýsta svæðis.

Hlé hefur verið á verkefninu síðan fundur var haldin hinn 7. október með umhverfisráðherra og fulltrúum sveitarstjórna á suðursvæðinu og nefndarmanna þaðan. Nú hafa verið samþykkt lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun og því ljóst að styttest í að fyrir liggi ákvörðun um hvort Norðlingaöldulón fari í verndar-, nýtingar- eða biðflokk samkvæmt þeim lögum. Á komandi fundi hinn 14. júní 2011 verður rætt hvernig farið verði með niðurstöðu rammaáætlunar með tillit til stækkaðs friðlands. Einn möguleiki er að auglýsa tillögu að stækkun friðlands þar sem tiltekið er að niðurstaða rammaáætlunar ákvarði hvort svæði það sem ætlað eru undir Norðlingaöldulón verði innan friðlands eða utan.

Vinnuhópur um stækkun friðlands í Þjórsárverum var búin að boða að haldin yrði opinber kynning á tillögum hópsins og taka þarf ákvörðun hvenær sú kynning eigi að fara fram.

Viðauki VI – Verndun jökla og flokkun IUCN

Friðun jökla og umferð farartækja

Nýsjálendingar eru framarlega í stofnun þjóðgarða og voru þeir fyrstu stofnaðir árið 1887. Síðan þá hefur þjóðgördum fjölgað, þeir stækkað og eflst og líta Nýsjálendingar á þjóðgarða sem ómetanleg svæði sem standa fyrir náttúrulega-, sögulega,- og menningarlega arfleifð sem eru hluti af réttindum þjóðarinnar og ber að vernda fyrir komandi kynslóðir. Þjóðgarðar eru svæði sem hafa hátt verndargildi vegna sérstöðu í þágu almennings. Þeir samanstanda af sérstaklega fallegu landslagi, vistkerfum eða náttúrulegum fyrirbærum sem eru svo falleg, sérstök eða vísindalega mikilvæg að verndun þeirra er í þágu hagsmuna þjóðarinnar.

Þjóðgarðar og önnur náttúruverndarsvæði veita almenningi tækifæri til að fræðast um náttúruna, samband manns og náttúru og tengja okkur við einstaka vistfræðilega fortíð. Verndun og endurheimt slíkra svæða og þeirra tegunda sem þar hafa búsvæði sín hjálpar okkur að skilja tengsl umhverfis og vistfræði og jafnframt uppfylla skyldur okkar vegna komandi kynslóða. Á Nýja-Sjálandi eru þjóðgarðar stofnaðir m.a. vegna þeirra verðmæta sem þeir hafa að geyma fyrir framtíðina. Afskipti mannsins, breytingar og stjórnun skulu vera í lágmarki og nýting þjóðgarðanna á að vera á forsendum náttúrunnar sjálfar.

Samkvæmt verndaráætlun fyrir þjóðgarða á Nýja-Sjálandi (General Policy for National Parks) skal taka fram í friðlýsingarskilmálum hvort notkun vélknúinna ökutækja eða annarra farartækja sé leyfð innan þjóðgarðsins. Slíkt er því aðeins leyfilegt sé það í samræmi við markmið friðlýsingar og neikvæð áhrif á gildi garðsins hafa verið lágmarkuð. Vélknúin ökutæki skulu ekki koma inn í eða vera notuð innan þjóðgarða nema á vegum sem eru sérstaklega hannaðir og viðhaldið til notkunar fyrir vélknúin farartæki eða á leiðum sem hafa verið samþykktar fyrir viðkomandi gerðir vélknúinna ökutækja. Einnig er á sama hátt hægt að banna umferð annarra farartækja, s.s. reiðhjóla.

Í Westland Tai Poutini þjóðgarðinum á Nýja-Sjálandi eru dæmi um að jöklar hafi verið friðaðir innan þjóðgarðs. Innan þjóðgarðsins er lögð áhersla á að vernda náttúruna en jafnframt veita almenningi aðgang þar sem við á. Lögð er áhersla á að vernda heildarmyndina, náttúrulegt landslag, líffræðilegan fjölbreytileika og heildar vistkerfi svæðanna. Það er gert með því að upplýsa gesti þjóðgarðsins um arfleifð og sögu svæðisins og búa til aðstæður þar sem áhrif gesta á svæðið eru lágmarkuð. Westland Tai Poutini þjóðgarðinum er stjórnað með það að markmiði að vernda svæðið fyrir komandi kynslóðir þannig að nýting í formi afþreyingar og ferðaþjónustu sé í samræmi við verndaráætlanir. Einnig skal hlúa að náttúrulegum-og sögulegum minjum þannig að nota meggi þær við ferðaþjónustu.

Þegar þjóðgarðurinn var stækkaður voru helstu rökin fyrir stækkun hans mikið vistfræðilegt gildi og landslagsheild.

Í Westland Tai Poutini eru fleiri en 60 jöklar. Þeir stærstu eru the Franz Josef Glacier og Fox Glacier. Þessir jöklar eru á mikilli hreyfingu og víða hafa myndast jökulvötn þar sem hægt er að sjá góð dæmi þess hvernig ferskvatnsplöntur og dýralíf þróast. Á háfjallasvæðinu við jöklana er hægt að fylgjast

með þróun gríðarlega fjölbreyttra fjallavistkerfa. Auk þess sem áður hefur verið nefnt er ástæða verndunar einfaldlega sú að landslag svæðisins þykir bera af hvað varðar fegurð. Báðir jöklarnir eru mikið aðdráttarafi fyrir ferðamenn og hafa verið í yfir 100 ár. Við stjórnun svæðanna er jöklunum skipt í 2 svæði – fyrir neðan 900 m hæðarlínuna og fyrir ofan sömu línu. Ferðir á jöklana eru einungis farnar undir stjórn leiðsögumanna. Fyrir neðan 900 m hæðarlínuna er fjöldi ferðamanna takmarkaður við 300 manns á dag og aðeins eru 2 uppgönguleiðir á jökulinn. Fleiri uppgönguleiðir eru taldar spilla umhverfinu. Leyfilegt er að fara með þylum upp á jökulinn og lenda á þar til gerðum landingarpöllum, en aðeins eru leyfðar 4 ferðir með að hámarki 15 manns á hvern jökul á dag. Í yfir 900 m hæð eiga sömu reglur við en að auki eru gerðar sérstakar kröfur um reynslu leiðsögumanna og þekkingu á svæðinu

Heimilt er að banna umferð vélknúinna ökutækja á ákveðnum svæðum innan garðsins, en þar sem hún er leyfð er það einungis á slóðum sem hafa verið skilgreindir til slíkrar notkunar. Ekki er talað sérstaklega um umferð vélknúinna ökutækja á jöklunum sjálfum en ekki er hægt að lesa annað úr textanum en að hún sé bönnuð þar sem uppgangan er takmörkuð við 2 gönguleiðir og enginn viðurkenndur bíslóði þ.a.l. upp á jökulinn. Flugfarartæki eru leyfð á þar til gerðum landingarpöllum innan þjóðgarðsins.

Munurinn á friðlýsingarskilmálum Westland Tai Poutini þjóðgarðsins og þess friðlands sem um ræðir í Þjórsárverum er sá að í Nýja-Sjálandi miðar verndunin að því að varðveita náttúrulegt ástand eins mikið og hægt er, upprunaleg vistkerfi og náttúruleg einkenni. Einnig skal varðveita einkenni þjóðgarðsins eins og frekast er unnt, einstaka fegurð, jarðfræðilegt gildi og líffræðilega fjölbreytni í þágu almennings líkt og ætlunin er hér á landi en stjórn Westland Tai Poutini þjóðgarðsins ber einnig ábyrgð á því að þjóðgarðurinn sé aðgengilegur almenningi á öruggan hátt sem er ekki markmið með friðlýsingunni í Þjórsárverum. Öll stjórnun þar felur í sér að gera upplifun almennings sem besta og takmarka öll þau áhrif sem kunna að hafa áhrif á upplifun almennings. Það er meðal annars gert með því að takmarka gestafjölda, takmarka uppgönguleiðir á jökla, takmarka umferð flugferða o.s.frv.

Annað erlent dæmi um friðlýsingu jökla er innan Glacier National Park í Bandaríkjunum. Sá þjóðgarður var stofnaður til að vernda svæði sem þykir hafa einstakt landslag. Við stofnun garðsins voru um 150 jöklar innan garðsins en þeim hefur fækkað og eru nú 26. Búið er við að þeir verði allir horfnir eftir 10-20 ár. Umferð vélknúinna ökutækja hefur aldrei verið leyfð á jöklunum en gönguferðir með leiðsögn voru í boði en þeim hefur nú verið hætt vegna þess hve sprungnir jöklarnir eru og slysa sem orðið hafa af þeim völdum.

Í friðlýsingaskilmálum garðsins er ekki minnst sérstaklega á verndun jöklanna heldur eru þeir verndaðir undir formerkjum landslagsheildar þar sem þeir eru taldir vera óaðskiljanlegur hluti þeirrar náttúru og þess lífríkis sem þarna er.

Í Sviss eru margir jöklar og nokkrir þeirra hafa verið sérstaklega friðlýstir. Þar má m.a. nefna Jungfrau Aletsch jökulinn í svissnesku Ölpunum. Hann flokkast undir friðlýsingu IV í IUCN flokkuninni. Svæðið komst fyrst inn á lista UNESCO árið 2001 en var stækkað árið 2007. Í friðlýsingarskilmálum sem og forsendum fyrir því að svæðið er á lista UNESCO segir að svæðið sé einstaklega fallett og búi yfir jarðfræðilegum upplýsingum um mótun jökla og fjalla og samspil þessara þátta. Svæðið sé mikilvægt vegna þeirra vistkerfa sem þar séu og hafi mikið vísindalegt gildi þegar kemur að loftslagsbreytingum enda sé hægt að vakta enn betur þær breytingar sem verða á jöklinum. Jökullinn sé því í raun ómetanlegur þegar horft er til þeirra vistfræði- og líffræðilegu ferla sem hann býr yfir. Eftir að svæðið

var stækkað árið 2007 þá hlaut svæðið enn sterkari verndun í svissneskum landslögum (Inventory of Landscapes and Natural Monuments of National Importance). Svæðinu er skipt niður eftir verndargildum og er t.a.m. 41% af heildarsvæðinu sérstaklega verndað m.t.t. vistgerða, landslagsgerðar, ístungna, vatnasviðs o.s.frv. Að friðlandinu koma 26 sveitastjórnir sem unnu friðlýsingarskilmálana um verndun svæðisins í sameiningu. Fyrir utan ferðamannaiðnað þá eru engin afskipti af svæðinu ef frá eru taldir jaðrar þess en þar er vatnsaflsvirkjun. Aðeins má ganga á sérmerktum göngustígum, skógarhögg er bannað og strangar reglur eru um almenna umgengi innan friðlandsins. Árið 2005 var gefin út sérstök aðgerða- og stjórnunaráætlun þar sem skýrt kemur fram að náttúra svæðisins eigi að fá að þróast eftir eigin lögmálum.

Samantekt

Ef horft er til annarra landa sem hafa yfir að ráða svæðum sem eru á einhvern hátt sambærileg íslenskri náttúru og landslagi má sjá að friðlýsingar fóru af stað mun fyrr en hér á landi og eru því komnar lengra á veg. Þegar skoðaðar eru heimasíður og upplýsingar um friðuð svæði annarsstaðar í heiminum þá kemur glögg fram að landslagsheild og gildi fallegra svæða vegur mjög þungt í friðlýsingarskilmálum svæðanna, auk þess sem verndun vistkerfa og líffræðilegra ferla er mikilvæg á friðuðum svæðum. Margir jöklar eru friðaðir í heiminum og má nefna jökla t.d. í Nýja Sjálandi, Bandaríkjunum, Noregi, Kanada, Sviss og á Íslandi. Jöklar hafa mikið vísindalegt gildi þar sem að þeir eru mjög háðir breytingum á loftslagi og taka þátt í að móta landslag, vistkerfi og líffræðilega ferla. Þar að auki geyma jöklar stórkostlegt landslag sem að ferðamenn allsstaðar að úr heiminum koma til að njóta og hefur Aletsch jökullinn í Sviss t.d. fengið viðurkenningu sem UNESCO svæði m.a. vegna stórfenglegs landslags. Á þeim svæðum sem hér hafa verið skoðuð þá gilda sérstakar umgengnisreglur um þau svæði og jökla sem friðuð hafa verið og settar hafa verið strangar reglur um umferð almennings. Í flestum tilfellum þá er umferð ökutækja bönnuð nema á sérstaklega skilgreindum svæðum og leiðum og umferð almennings takmörkuð við gönguferðir á sérmerktum slóðum og helst í för með sérþjálfuðum leiðsögumönnum. Þetta er gert bæði til þess að hlífa náttúru og lífríki svæðanna og til að koma í veg fyrir þau slys sem að geta orðið við þær aðstæður sem þarna eru enda er lögð rík áhersla á það innan þessara svæða að náttúran fái að þróast eftir eigin lögmálum, án afskipta og inngripa frá mannsins hendi.

Friðun jökla

helstu rök

- **Verndun einstakrar náttúru og landslagsheildar** s.s. landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar
- **Jarðfræðilegt verndargildi:** umfangsmikið samspil eldvirkni og jökla sem hefur mótað landslagið meira en nokkuð annað ferli. Auk þess er vert að benda á að eldvirkni undir jöklum hefur óvíða verið meiri en hér á landi.
- **Fjölbreytni:** Mikil fjölbreytni í móbergsmyndunum á Íslandi. Íslenskt móbergslagslag mjög sérstætt. Undir Hofsjökli er einnig að finna mikil líparítfjöll.
- Mikilvægt **rannsóknarsvæði**
 - Myndun og mótun lands.
 - Áhrif jökuls á lífríki.
 - Breytingar sem verða á landi og lífríki þegar jökullinn hopar.
 - Loftslagsbreytingar.
- **Bakhjarl vatnakerfisins** í Þjórsárverum.
 - Koma í veg fyrir mengun jökuls og þar með vatnakerfisins vegna umferðar.
- Verndun svæðis til frambúðar, þannig að náttúra friðlandsins fái að **þróast eftir eigin lögmálum** eins og kostur er.
- Tryggja að allir, þ.m.t. komandi kynslóðir, hafi sama tækifæri til að njóta svæðisins (6. flokkur IUCN).
- **Setja reglur** varðandi öryggismál, umhverfismál, umgengi og mannvirkjagerð þar sem hefð hefur skapast fyrir útivistarsvæðum og ferðapjónustu á jökli til að koma í veg fyrir mengun, slys og annað rask á jöklinum.
- Ráðgjafanefnd lagði áherslu á mikilvægi þess að allt svæðið, jökullinn og áhrifasvæði hans, sé skoðað sem ein heild sem lúti einni yfirstjórn.
- Hnattraæn sérstaða byggir á svæðinu öllu, þ.e. víðáttu þess og fjölbreytni

Erlend dæmi um friðlýsingu jökla: Tilgangurinn með vernd Grænlandsjökuls er að varðveita óspillt umhverfi og endurnýjanlegar auðlindir, landslag, jarðfræði, dýralíf og fornleifar. Stjórn þar miðar að því að vernda náttúrulegt ástand, hvetja til rannsókna og veita almenningi aðgang að svæðinu.

Nokkrir jöklar eru innan Westland Tai Poutini þjóðgarðsins á Nýja-Sjálandi. Markmið með verndun jöklanna þar er að vernda landslagsheild sem og að auðvelda almenningi aðgang að jöklunum en jafnframt takmarka umferð til að varðveita ásýnd jöklanna. Mikil áhersla er lögð á aðgengi almennings sem og að öryggi fólks sem er á ferð á svæðinu sé tryggt. Einnig er lögð áhersla á að vernda landslag sem kemur í ljós þegar jöklarnir hopa. Rannsóknir á áhrifum ferðamanna á jöklum fara fram í þjóðgarðinum.

Dæmi um friðlýsingu jökuls á Íslandi: Vatnajökull sem staðsettur er innan Vatnajökulspjóðgarðs. Í 2. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulspjóðgarð segir um markmið verndunar:

- Markmiðið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins.
- Verndarstig einstakra svæða eða landslagsheilda innan Vatnajökulsþjóðgarðs skal taka mið af verndarmarkmiðum þjóðgarðsins og annarri landnýtingu á viðkomandi svæði í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir um þjóðgarða og friðlýst svæði.

Í 2. gr. reglugerðar nr. 608/2008 um Vatnajökulsþjóðgarð segir meðal annars að markmið friðlýsingarinnar sé að vernda náttúru svæðisins, s.s. landslag, lífríki og jarðmyndanir og menningarminjar. Auk þess að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru svæðisins, menningar þess og sögu. Í þjóðgarðinum skal veita fræðslu um náttúru og náttúruvernd, sögu, mannlíf og menningarminjar svæðisins og stuðla að rannsóknum til að efla þekkingu á þessum þáttum. Þessi landnýting er til þess fallin að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og ber því enn fremur að líta á Vatnajökulsþjóðgarð sem mikilvæga aðgerð til eflingar byggðar á svæðinu.

Flokkunarkerfi IUCN

Leiðbeiningar alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna IUCN miða að því að auðvelda og stuðla að réttri og samræmdri notkun kerfisins og leiðir á sama hátt til rökréttar og sambærilegrar flokkunar friðlýstra svæða á milli landa. Samtökin telja það mjög mikilvægt að markmið friðlýsinga samræmist flokkuninni og að allar aðstæður, þ.á.m. stjórnun, séu til staðar þannig að markmið friðlýsinga náist.

IUCN hafa skilgreint friðlýst svæði á eftirfarandi hátt: *Land eða hafsvæði sérstaklega ætlað til verndar og viðhalds líffræðilegrar fjölbreytni og náttúruauðlindum ásamt menningu sem því tengist og er stjórnað með löggjöf eða á annan haldbæran hátt.*

Svæðum er skipt niður í eftirfarandi 6 megin flokka og er flokkunin byggð á gerð og verndargildi svæðanna.

Flokkur	Verndarflokkur	Skilgreining	Tegund Íslenskrar friðlýsingar	Dæmi um friðlýsingu
1a	Ströng náttúruverndunar-ákvæði.	Svæði í flokki 1a lúta stöngum náttúruverndarákvæðum sem eru til þess fallin að vernda líffræðilegan fjölbreytileika og þær jarðmyndanir og landmótunarform sem þar geta verið. Umferð manna, nýting og áhrif eru á þessum svæðum háð ströngum skilyrðum og takmörkunum í því skyni að tryggja verndargildi svæðanna. Slík svæði geta haft ómetanlegt gildi fyrir vísindarannsóknir og vöktun.	Friðland	Eldey Surtsey
1b	Friðlýst víðerni	Stórt svæði til lands og/eða sjávar sem nýtur verndar, óbreytt eða lítið breytt, með náttúrulegum einkennum sínum og áhrifum án varanlegrar eða umtalsverðar búsetu og stjórnað er til að náttúrulegt horf þess varðveitist.	Friðland	Þjósárver(IV)
2	Þjóðgarður (svæði þurfa þó ekki að vera þjóðgarðar til að flokkast hér undir)	Svæði í verndarflokki II eru stór ósnortin eða lítt snortin landsvæði sem ætluð eru til verndunar á heildstæðum vistfræðilegum ferlum, til viðhalds þeim tegundum og vistkerfum sem eru einkennandi fyrir svæðið en eru að sama skapi grundvöllur fyrir ýmis tækifæri á sviði umhverfismála, menningar- og andlegra málefna, vísinda, fræðslu, tómsunda og ferðamennsku.	Þjóðgarður Friðland	Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull Lónsöræfi
3	Náttúruvætti eða minjar	Svæði sem eru tekin frá til að vernda tilteknar afmarkaðar náttúruminjar sem geta verið landslagsþættir, neðansjávarfjöll, neðansjávarhellar, jarðmyndanir	Náttúruvætti	Steðji Surtarbrandsgil Hveravellir Valhúsahæð

s.s. hellar eða jafnvel lifandi fyrirbæri eins og skógarlundur.

4	Búsvæða eða tegundaverndarsvæði	Verndarsvæði sem hafa það að markmiði að vernda sérstakar tegundir eða búsvæði og er stjórnað með þeim tilgangi að tryggja viðhald þeirra. Mörg svæði í þessum flokki þurfa á reglulegri virkri stjórnun að halda til að tryggja viðhald verndargildis en það er þó ekki krafa á öllum svæðum.	Búsvæðis-, vistgerða-, vistkerfis- eða tegundaverndarsvæði	Hvanneyri (VI) Guðlaugstungur
5	Verndað landslag eða hafsvæði	Verndarsvæði þar sem þar sem samskipti manns og náttúru í gegnum tíðina hafa gert svæðið sérstætt, jafnt á vistfræðilegan, líffræðilegan, menningarlegan og fagurfræðilegan hátt. Varðveisla þessara hefðbundnu samskipta í heild sinni er nauðsynleg fyrir verndun, viðhald og þróun svæðisins	Fólkvangur	Kasthúsatjörn Hrútey í Blöndu Ósland
6	Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda	Svæði í flokki VI innihalda friðuð vistkerfi og búsvæði ásamt tengdum menningarlegum gildum og hefðbundnu auðlindastjórnunarkerfi. Þessi svæði eru yfirleitt stór og að mestu leyti í óröskuðu náttúrulegu ástandi en hluta þeirra er stjórnað með tilliti til sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda. Gert er ráð fyrir hóflegri og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda sem ekki leiða til iðnaðar eða stóriðju. Nýting sé ávallt í samræmi við náttúruvernd og að það sé eitt af aðalmarkmiðum svæðisins.	Friðland	Vífilsstaðavatn Vestmannsvatn Svarfaðardalur

Tafla 1: Flokkun friðlýstra svæða, skilgreiningar og tegund þeirra.

Nánari skilgreining flokkanna byggist á tilgangi friðlýsinga og stjórnunarlegum markmiðum sem eru:

- Vísindarannsóknir
- Verndun náttúrulegra svæða/víðerna
- Varðveisla tegunda og erfðafjölbreytileika
- Viðhald auðlinda umhverfisins
- Verndun tiltekinna náttúru- og menningarminja
- Ferðamennska og útivist
- Fræðsla
- Sjálfbær nýting náttúrulegra vistkerfa
- Viðhald hefða/menningar

Stærð verndarsvæðis:

Verndarsvæði þarf að vera nægilega stórt til að fullnægja markmiðum friðlýsingar. Svæði í 1. flokki þarf að ná yfir nægilega stórt til að tryggj sé að náttúrufar þess breytist ekki meira en svo að stjórnunarlegum markmiðum verði fullnægt, þ.e. sem viðmiðunarsvæðis fyrir náttúrufar, vísindalegar rannsóknir eða sem víðernis. Á sama hátt þarf svæði í 2. flokki (þjóðgarðar) að ná yfir eitt eða fleiri heildstæð vistkerfi sem eru óháð nýtingu mannsins og búsetu. Af hagkvæmnisástæðum þurfa slík svæði að vera a.m.k 1000 hektarar að stærð eða 100 hektarar ef um eyjar er að ræða.

Að auki þarf að tryggja að aðgerðir eða framkvæmdir á aðliggjandi svæðum hafi ekki neikvæð áhrif á verndarsvæði. Því getur verið nauðsynlegt að hafa áhrif á eða stjórna nýtingu og aðgerðum á jaðarsvæðum, jafnvel þó að þau hafi ekki verið friðlýst til að ná markmiðum hins verndaða svæðis.

Svæðisskipting:

Markmið friðlýsingar segir til um í hvaða friðlýsingarflokk friðlýst svæði eru flokkuð. Ekki er þar með sagt að svæðin í heild sinni flokkist undir einn flokk, heldur geta svæði fallið undir fleiri flokka eftir eðli sínu. Miðað er við að $\frac{3}{4}$ hlutar svæðisins samræmist friðlýsingarmarkmiðunum sem friðlýsingarflokkurinn segir til um og að friðlýsingarmarkmið annarra svæða gangi ekki gegn meginmarkmiðum friðlýsingarinnar.

Stjórnun (ábyrgð):

IUCN telja að ríkisstjórnir beri megin ábyrgð á því að setja upp og viðhalda kerfi friðlýstra svæða sem er mikilvægur hluti náttúruverndaráætlana og sjálfbærrar þróunar. Stjórnun og umsjón friðlýstra svæða getur hins vegar verið í höndum ríkisins, svæðisbundinna stjórna eða sveitarstjórna, áhugasamtaka eða einkaaðila. Mestu máli skiptir að þeir sem fara með stjórnun viðkomandi svæða geri það í samræmi við markmið og tilgang friðlýsingarinnar. Reyndar ætti stjórnun svæða í flokkum 1-3 yfirleitt að vera í höndum ríkisins en svæði í 4-6 flokki geta verið í umsjón svæðisbundinna stjórna, þó samkvæmt lögum.

Eignarhald á landi:

Grundvallaratriði varðandi eignarhald á landi er að eignarhaldið sé samrýmanlegt markmiðum friðlýsingar og stjórnun svæðisins. Sums staðar hefur eignarhald einkaaðila eða frjálsra félagasamtaka, sem hafa verndun náttúrunnar að leiðarljósi, styrkt stjórnun svæða og því hægt að mæla með því í sumum tilvikum fyrir svæði í 1-3 flokki. Það er hins vegar algengast að þetta eigi við um svæði sem flokkuð eru í 4-6 flokki og er oft á tíðum algengasta eignarhaldsfyrirkomulagið í þeim flokkum. Hver sem eignarhaldið er, þá er mikilvægt fyrir stjórnun svæða að umsjónaðilar eigi gott samstarf við staðbundin yfirvöld.

Svæðisbundinn breytileiki:

Flokkunarkerfinu er ætlað að gefa samræmda mynd af friðlýstum svæðum í heiminum en hins vegar er það viðurkennt að aðstæður til að stofna friðlýst svæði séu mismunandi eftir löndum.

Samsett flokkun:

Flokkunarkerfið býður upp á að mismunandi flokkar friðlýsinga liggi saman eða falli innan hvers annars og því geti t.d svæði í 5. flokki umlukið svæði í 1. og 4. flokki eða verið aðliggjandi svæði í 2. flokki. Á sama hátt geta svæði 1a og 1b fallið innan þjóðgarðs í 2. flokki.

Svæðið umhverfis verndarsvæði:

Ítrekað er að friðlýst svæði séu ekki einangruð heldur vistfræðilega, hagfræðilega, stjórnmálalega og menningarfræðilega hluti af umhverfinu. Því er lögð áhersla á að skipulag og stjórnun friðlýstra svæða þurfi að samræmast skipulagi í víðara samhengi.

Heimildir

Dudley, N. (Editor), 2008. *IUCN Guidelines for Applying Protected Area Management Categories*. Gland Switzerland, IUCN.

Skýrsla ráðgjafarnefndar umhverfissráðuneytisins um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs. *Vatnajökulspjóðgarður*. Umhverfissráðuneytið, 2006.

Skýrsla nefndar um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls. *Þjóðgarður norðan Vatnajökuls*. Umhverfissráðuneytið, 2004.

Viðauki VII – Hagsmunaaðilagreining

Hagsmunaaðilagreining

vegna stækkunar friðlands í Þjórsárverum

Hagsmunir	Hagsmunaaðilar
Náttúruvernd	Sveitarstjórnir Þjórsárveranefnd Áhugamannafélag um friðun Þjórsárvera Landvernd Náttúruverndarsamtök Íslands
Virkjanir	Sveitarstjórnir Þjórsárveranefnd Landsvirkjun Héraðsvötn ehf (50% RARIK og 50% Kaupf. Skagfirðinga og Akrahrepps) Villinganesvirkjun Skatastaðavirkjun
Ferðaþjónusta og útivist	Sveitastjórnir Ferðamálastofa Ferðaklúbburinn 4x4 Ferðafélag Íslands Ferðafélag Akureyrar Landsamband íslenskra vélsleðamanna SAMÚT Landsamband hestamanna
Skálaeigendur	Sveitastjórnir 4x4 Ferðafélag Akureyrar LÍV
Aðrir	Landsbjörg Flugstoðir Samvinnunefnd miðhálandisins

Viðauki VIII – Athugasemdir og ábendingar

Þann 12. mars 2013 auglýsti samstarfsnefnd um stækkun friðlands í Þjórsárverum til kynningar drög að friðlýsingarskilmálum vegna stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum. Frestur til að skila athugasemdum var til 3. apríl 2013. Samhliða kynningunni voru haldnir tveir kynningarfundir, þann 18. mars í Varmahlíð og þann 19. mars í Árnesi, Skeiða- og Gnúpverjahrepp.


Athugasemdir bárust frá eftirfarandi aðilum:

- Ásahreppur
- Ferðafélag Íslands
- Ferðaklúbburinn 4x4
- Gísli Már Gíslason
- Landsnet
- Landvernd
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Skotvís
- Vegagerðin
- Landsvirkjun (frestur til að skila inn athugasemdum var til 3. apríl 2013 en athugasemdir Landsvirkjunar bárust þann 8. apríl 2013)

Umhverfisstofnun

Laugalandi 3 apríl 2013

Kristín Linda Árnadóttir forstjóri.



Athugasemdir Ásahrepps vegna stækkunar friðlandsmarka í Þjósárverum

Í ljósi þess að fundur með fulltrúum Umhverfissráðuneytis og Umhverfisstofnunar, sem haldinn var á Laugalandi 27. mars 2013 hefur leitt af sér efasemdir um að hægt sé að gera bindandi samkomulag um fjármagn til uppbyggingar á Þjósárverasvæðinu þá vill hreppsnefnd Ásahrepps koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri, til viðbótar við þær sem áður hafa komið fram:

Fyrir liggur að Ásahreppur hefur fylgt þeirri stefnu sem samþykkt var einróma af Þjósárveranefnd og skilað var 2007, um að mörk friðlands í Þjósárverum eigi ekki að færast til suðurs frá því sem verið hefur. Í nefndinni sátu m.a. fulltrúar Ásahrepps, Rangárþings ytra og Skeiða og Gnúpverjahrepps. Niðurstaða nefndarinnar og full sátt allra hlutaeigandi var um að friðlandsmörk Þjósárvera yrðu óbreytt að sunnan. Áhersla yrði lögð á það að sinna vel uppbyggingu á því svæði sem fyrir var innan friðlandsmarkanna áður en kæmi til stækkunar. Engin uppbygging hefur átt sér stað þrátt fyrir þessa niðurstöðu sem full sátt var um.

"Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022 var staðfest af núverandi umhverfissráðherra í nóvember 2010. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir þremur skálasvæðum sem lenda innan friðlands Þjósárvera verði af fyrirhugaðri stækkun þess. Þessi svæði eru í Þúfuveri, sunnan Þúfuvatna og Þjósárstíflu. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að byggst geti upp ferðapjónusta á þessum stöðum og að þeir þjóni fyrst og fremst göngu- og hestamönnum. Þjónustusvæðið í Þúfuveri er mjög vel staðsett í mörgu tilliti. Það er í jaðri Þjósárvera og eru verin mjög aðgengileg frá því. Um það liggur gönguleið og reiðleið er örskammt frá. Aðkoma að Þúfuveri er um vegslóða frá Kvíslaveituvegi, þannig að samgöngur eru greiðar m.v. það sem gerist á hálendinu.

Ásahreppur hefur kortlagt útivistarmöguleika á Holtamannaafreitti og þar eru m.a. merktar inn göngu- og reiðleiðir. Ásahreppur hefur einnig stutt við hóp sjálfbóðaliða úr sveitinni sem hafa endurhlaðið allar vörður á þjóðleiðinni um Sprengisand. Leiðin var upphaflega vörðuð árið 1905.

Hvort sem verður af stækkun friðlands í Þjósárverum eða ekki þá ætlast Ásahreppur til að tekið verði tillit til og gert ráð fyrir ofangreindri uppbyggingu á ferðapjónustu innan friðlandsins.

Á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 er gert ráð fyrir bæði Sprengisandsvegi og Sprengisandslínu. Bæði þessi mannvirki lenda að hluta til innan stækkaðs friðlands Þjósárvera. Framtíðarlega Sprengisandsvegur er eftir svokölluðum Kvíslaveituvegi, vestan Kvíslaveitu. Hugsanlegt er að m.v. nútíma veghönnun þá þurfi að gera einhverjar breytingar á legu vegarins. Á aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að Sprengisandslína liggji austan við Kvíslaveitu. Hún lendir samt sem áður á kafla innan stækkaðs friðlands. Verði af fyrirhugaðri stækkun friðlandsins þarf að gera ráð fyrir báðum þessum mannvirkjum og að hægt verði að hliðra þeim til eftir því sem þarf, enda hefur ekki farið fram endanleg hönnun á legu þeirra.


Ásahreppur hefur flokkað alla vegi og slóða á afréttinum og hefur sú flokkun verið samþykkt af Umhverfisstofnun. Ásahreppur ætlast til að sú flokkun gildi áfram þó friðlandið verði stækkað. Hreppsnefnd Ásahrepps finnst óeðlilegt að Kvíslaveita sé innan friðlandsins, enda engin náttúrufræðileg rök fyrir verndun hennar."

F. h. Hreppsnefndar Ásahrepps. Egill Sigurðsson vara oddviti.



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík



3. apríl 2013.

Efni: Auglýsing um friðland í Þjórsárverum og verndun rústamýrarvistar með fyrirvara

Ferðafélag Íslands hefur fengið til umsagnar auglýsingu að stærra firðlandi í Þjórsárverum. Ferðafélag Íslands fagnar stækkun friðlandsins og endurskoðun á umgengnisreglum í því. Ferðafélagið telur að þarna sé stigið mikilvægt skref í því að öll Þjórsárver, votlendi þess ásamt landslagsheildinni vestur í Kerlingarfjöll verður eitt stórt friðland. Auk þess geta Guðlaugstungur og Hofsafrétt orðið hluti af stóru Hofsjökulfriðlandi í framtíðinni.

Ferðafélag Íslands telur ekki æskilegt að heimila akstur yfir Nautöldu og norðan hennar svo og um Arnarfellsmúla og austur um Arnarfellsmúla austur í gróðurverði sunnan Þjórsárjökuls. Snjórfýkur oft ofan af Nautöldu og er hún ber, svæðið norðan hennar og í Jökulkrika er mjög blautt og mikið um lindir í því og þolir það því illa akstur, þó á snjó sé, vegna þess að snjóþekjan er veik og allt svæðið austan Nauthagajökuls, Arnarfellsmúlar og Arnarfellsver austur í ónefnt gróðurver sunnan Þjórsárjökuls eru mjög viðkvæm svæði vegna vætu. Arnarfellsmúlar eru sérstaklega viðkvæmir fyrir akstri vegna þykks jarðvegjar og sérstæðra landslagsmyndana og gróðurfars og þar má ekki heimila neinn akstur, enda eiga þeir ekki samsvörun í hálendi Íslands. Í meðfylgjandi korti hefur verið strikað yfir þau svæði sem Ferðafélag Íslands telur að varhugavert sé að heimila akstur á.


Ferðafélag Íslands telur brýnt að komið verði upp kömrum í Nautöldu og við Arnarfell til að draga úr raski sem fylgir stórum gönguhópum. Kamrarnir eiga að vera þeirrar gerðar að þau valdi liltu raski þegar þau eru sett niður og meðan dvalist er á þessum tveimur stöðum, en þetta eru jafnframt bestu tjaldstæðin í Þjórsárverum.


Virðingarfyllt,

fh. Ferðafélag Íslands,

Páll Guðmundsson

Framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands



 UMHVERFISSTOFNUN http://www.ust.is	Bjórsárver Tillaga að stækkuðu friðlandi	- - - Stíkaður vegur — Vegir með vegnr. - - - Vegir gerð F1 - - - Vegir gerð F2 - - - Vegir gerð F3	[Dashed box] Núverandi friðland [Dotted box] Tillaga að stækkuðu friðlandi [Hatched box] Akstur óheimill	N Blað nr. 1/1 ust2013020501	Flátmál: Kartavörpun: Lambert keiluvörpun Hnitstaða: ISN93 Kartagerð: Guðni Hannesson LMI Dags: 06-03-2013 © Landmælingar Íslands




Ferðaklúbburinn 4x4 gerir athugasemdir við drög að friðlýsingarskilmálum friðlandsins í Þjórsárverum.

Ferðaklúbburinn 4x4 lýsir yfir ánægju sinni með að samráð hafi verið haft um akstursleiðir á svæði því sem fellur undir tillögur að stækkuðu friðlandi í Þjórsárverum og að athugasemdir klúbbsins endurspeglast í drögum um friðlýsingarskilmála. Jafnframt hefur klúbburinn eftirfarandi athugasemdir við drög að friðlýsingarskilmálum friðlandsins.

- Ferðaklúbburinn 4x4 gerir athugasemdir við að allur Hofsjökull er settur undir friðland og telur engin haldbær rök fyrir því. Sé nauðsynlegt að jökull falli innan friðlands væri nóg að hluti jökulsins færi þar undir.
- Ferðaklúbburinn 4x4 gerir athugasemdir við að Setrið fjallaskáli klúbbsins skuli lenda innan stækkunar friðlandsins. Engin rök eru fyrir að staðsetja mörk friðlandsins þannig að skálinn falli innan þess.
- Ferðaklúbburinn 4x4 gerir athugasemdir við það á hvaða formi (hnitakerfi) mörk stækkunar eru sett fram og telur réttara að notuð séu baughnit sem unnt er að skrá beint í GPS tæki. Algengast hjá íslenskum ferðamönnum er að nota Datum: WGS84 og framsetningarformið $ddd^{\circ}mm.mmm'$ (deg,mín). Lagt er til að það form verið notað til birtingar. Staðsetningin á Setrinu á þessu formi er $64^{\circ}36,9200' N$ og $19^{\circ}01,1900' W$.
- Ferðaklúbburinn 4x4 telur nauðsynlegt að fá tilnefndan aðila í ráðgjafanefndina, þar sem klúbburinn rekur skála á svæðinu og hefur því verulegra hagsmuna að gæta. Aðili F4x4 í ráðgjafanefnd hefði þannig aðkomu að fræðslumálum, merkingum og skiltum. Allar aðgerðir til lokunar og takmörkunar umferðar auk annara hagsmuna fari einnig í gegnum ráðgjafanefndina og þar með kæmi Ferðaklúbburinn 4x4 sjálfkrafa að þeirri vinnu.
- Ferðaklúbburinn 4x4 hafnar því að notuð verði eiturefni eða aðrar aðferðir sem skaðilegar eru náttúru og umhverfi ef/þegar framandi tegundir eru fjarlægðar.
- Ferðaklúbburinn 4x4 fagnar verndun menningarminja og leggur í því samhengi áherslu á mikilvægi þess að vernda þær slóðir sem liggja innan svæðisins.

- Ferðaklúbburinn 4x4 gerir athugasemd um akstur á snævi þakinni jörð og óskar eftir breytingu á orðalagi þannig að greinin verði svohljóðandi: „ Heimilt er að aka á jöklum og snævi þakinni jörð svo fremi sem jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum“.
- Ferðaklúbburinn 4x4 gerir athugasemd við banni við lausagöngu hunda, þar sem ógerningur er að framfylgja því ákvæði.
- Ferðaklúbburinn 4x4 gerir athugasemd við undanþágur í 13. grein og telur eðlilegt að ákvæðið sé einfaldað og verði eftirfarandi: „Umhverfisstofnun er heimilt að veita undanþágu frá banni við akstri utan vega.“.
- Fari svo að að Setrið, skáli Ferðaklúbbsins 4x4, falli innan friðlandsins þá fer Ferðaklúbburinn 4x4 fram á að fá úthlutað landsvæði til umsjónar við skálann, í samráði við Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,
f.h.. Ferðaklúbbsins 4x4


Hafliði Sigtryggur Magnússon
formaður Ferðaklúbbsins 4x4

Frá: Gísli Már Gíslason <gmg@hi.is>
Dags: 03.04.2013 09:16:28
Til: <kristinlinda@umhverfisstofnun.is>, <hildurv@umhverfisstofnun.is>
Efni: Umsögn um Þjórsárverafriðland

Ágæta Kristína Linda og Hildur.

Þar sem ég tók að mér ásamt Sigrúnu Valbergsdóttur að skrifa umsögn fyrir Ferðafélag Íslands um nýja auglýsingu að friðlandi fyrir Þjórsárver þá er ég ekki viss hvort það sé rétt að ítreka það sem kemur þar fram með sérstakri umsögn. Ég er að sjálfsgöðu sammála því sem þar er skrifað, en vil einnig árétta að það þetta sérstaka túndruvistkerfi með rústamýrum, sem hvergi eru algengari á landinu er nauðsynlegt að vernda.

Ég vil einnig benda á að þó að heiðargæs hefur fjölgað mjög mikið og stærsta varpið er núna í Guðlaugstungum, þá vil ég taka fram að verð aftur snjópungir vetur í hálendinu eins og voru á fyrri hluta 20. aldar og á fyrri öldum, þá yrðu rústir og árbakkar Þjórsárvera einu svæðin sem standa upp úr snjó í byrjun maí þegar heiðargæsin kemur, meðan önnur svæði (Guðlaugstungur, Brúaröræfi og Eyjabakkar) hafa ekki slíkt mishæðótt landslag og því munu þau liggja að mestu undir snjó. Það sem gerir Þjórsárver sérstök sem heiðargæsaland í öllu árferði, að það fýkur snjór ofan rústakollum og af árbökkum, en þar eru þéttasta varpið.

Með kærri kveðju,
Gísli

Gísli Már GÍSLASON
Professor of limnology
Life and Environmental Sciences
University of Iceland
Askja - Sturlugata 7
IS-101 Reykjavík
Iceland

Tel.: +354 5254617

Mobile: +354 8615422

Email: gmg@hi.is

Website: www.uni.hi.is/gmg

Google Scholar site: <http://scholar.google.is/citations?hl=en&user=vPRo0P8AAAAJ>

Private

Heidarsel 6

IS-109 Reykjavík

Tel.: +354 5578422

Frá: Gísli Már Gíslason <gmg@hi.is>

Dags: 04.04.2013 09:07:39

Til: <kristinlinda@umhverfisstofnun.is>, <hildurv@umhverfisstofnun.is>

Efni: athugasemdir um drög að friðlýsingu Þjórsárvera

Komið þið sælar Kristín Linda og Hildur.

Ferðafélag Íslands hefur ekki enn sent athugasemdir sínar en gera það væntanlega í dag. Ég er ekki sammála drögunum frá Umhverfisstofnun. Ég átti fund með ykkur skildist mér að Ferðaklúbburinn 4x4 hefði sóst eftir 2 akstursleiðum á snjó í Verin og fór ég yfir þær með ykkur. Önnur var yfir Sóleyjarhöfðavað og norður Tjarnarver og Hnífárver og yfir Blautukvíslareyrar í Setur. Fórum við yfir svæðið og athuguðum hvort þar væri um lindasvæði að ræða sem ekki frýs yfir á vetrum, og bílar geta sokkið niður um snjóinn og vorum við sammála því að leyfa þeim að fara þá leið. Hin leiðin var um Blautukvíslareyrar og um Nautöldu og austur í Ólafsfell að austanverðu við Nauthagajökul, en þar hafa 4x4 komið sér upp fiskikari sem þeir láta heitt vatn leka í og hægt er að fara niður í það á vetrum því þá er hægt að bera snjó í karið og kæla vatnið. Vorum við sammála að leyfa akstur sunnan Nautöldu og austur í Ólafsfell yfir á Miklukvíslarvaði og á eyrunum ofan við Illaver. Þegar ég sá prentun á korti yfir svæði sem ekki mátti aka á kom í ljós að allt svæði norðan Helgabotna (sunnan Nautöldu) og austur úr var orðið að akstursvæði þá fannst mér vera gengið lengra en 4x4 höfðu farið fram á og þeir höfðu ekki beðið að fá að aka austur úr Þjórsárverum í Þjórsárjökul og áfram austur á Sprengjusandsleið. Hins vega hafði ég frétt að þeir vildu fá að aka upp á Nautöldu (til hvers?), en snjór fýkur oftast ofan af henni og aðeins fól er þar nema í lautum. Þess vegna lagði ég til að akstur yrði leyfður á þeim slóða sem kominn er á melnum sunnan Nautöldu og austur í Ólafsfell og ekki yrði leyft að aka um Jökulkrika og Nautöldu. Einnig tók ég skýrt fram að Arnarfellsmúlum yrði hlíft við akstri, enda er auðvelt að eyðileggja þá og óþarfi fyrir 4x4 að aka þar á Sprengjusandsleið, þegar þeir geta ekið suður Tjarnarver á leiðina. Arnarfellsmúlar eru sérstök landslags- og gróðurfyrirbæri sem ber að vernda. Þarna hefur jökull ýtt upp jökulgarði með þykkum jarðvegi á (sennilega fyrir 2.000- 4.500 árum) og þarna meiri fjölbreytileiki gróðurs og meiri gróska en annars staðar í hálendinu. Það verður að hafa í huga að drög Umhverfisstofnunar eru tilslökun á núverandi auglýsingu um friðlandið, þar sem aðeins má aka á snjó á beltatækjum („þó er heimilt að að nota snjóbíla og vélsleða á jökli og einnig á snjó og hjarni þegar gróðri stafar ekki hætta af“). Því miður hafa 4x4 brotið þá auglýsingu og finnst mér alveg á mótis við óskir þeirra þó að aksturleiðin í Ólafsfell sé skilgreind um þann slóða sem hefur myndast og Arnarfellsmúlum og Arnarfellsveri verði hlíft.

Kv. Gísli

Gísli Már GÍSLASON

Professor of limnology

Life and Environmental Sciences

University of Iceland

Askja - Sturlugata 7

IS-101 Reykjavík

Iceland

Tel.: +354 5254617

Mobile: +354 8615422

Email: gmg@hi.is


Website: www.uni.hi.is/gmg

Google Scholar site: <http://scholar.google.is/citations?hl=en&user=vPRo0P8AAAAJ>

Private

Heidarsel 6

IS-109 Reykjavík



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

3.4. 2013
71.0

Efni: Athugasemd við auglýsta tillögu að stækkun friðlands í Þjórsárverum

Í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, sem staðfest var 1999, er gert ráð fyrir að Sprengisandslína liggja nokkru austan við Kvíslaveitur og fari inn á fyrirhugað friðland norðan Fjórðungskvísar, í Þingeyjarsveit. Þessi lega Sprengisandslínu er einnig í Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, sem staðfest var 2010 (sjá meðfylgjandi uppdrátt). Í gildandi aðalskipulagi er einnig tekið frá hugsanlegt línustæði nokkru vestar í formi frestaðs skipulags, en þá myndi línan lenda í enn ríkara mæli innan fyrirhugaðs friðlands.

Vinnuhópur fulltrúa Vegagerðarinnar, Landsvirkjunar og Landsnets sem vinnur í samráði við viðkomandi sveitarfélög að forathugun fyrir vegi, línur og virkjanir á Holtamannafrétti, telur koma til greina að línan færast nokkuð austar en gert er ráð fyrir í gildandi skipulagi. Endanleg lega línunnar verður ekki ákveðin fyrr en að afloknu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, en þangað til verður að gera ráð fyrir að línan muni liggja þar sem lega hennar er auðkennd í staðfestu aðalskipulagi.

Virðingarfyllst,

f.h. Landsnets
Árni Jón Eliasson

Afrit:

- Ásahreppur
- Rangárþing ytra
- Þingeyjarsveit

Bls 1 af 1



3. apríl 2013

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

EFNI: Athugasemdir við drög að mörkum og skilmálum friðlýsingar Þjórsárvera.

Umhverfisstofnun sendi Landvernd til umsagnar drög að mörkum og skilmálum friðlýsingar Þjórsárvera með bréfi dags. 13. mars sl. Athugasemdir Landverndar fara hér á eftir.

Stjórn Landverndar fagnar framkomnum drögum að friðlýsingarskilmálum við stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Landvernd telur að með tilkomu stækkunarinnar sé mikilvægt skref stigið í náttúruvernd á Íslandi.

2. gr. Markmið friðlýsingar

Stjórn Landverndar tekur undir markmiðslýsingu, en telur þó, sbr. athugasemd við 3. gr., að æskilegt væri að nefna landslagsheild Kerlingarfjalla og gróðursvæði umhverfis Hofsjökul. Með því móti fæst heildrænni markmiðslýsing fyrir friðlandið.

Landvernd bendir jafnframt á að æskilegt væri að nefna sérstaklega vernd menningarminja í markmiðum friðlýsingarinnar. Má því til rökstuðnings nefna gæsaréttir í Þjórsárverum og rústir útilegumanna í Eyvindarverri, sbr. 9. gr. draganna.

3. gr. Mörk verndarsvæðisins

Stjórn Landverndar telur að stækka beri mörk verndarsvæðisins þannig að þau taki meira mið af samþykkt þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða, svæðum á náttúruminjaskrá í nágrenni Þjórsárvera og Hofsjökuls og af þingsályktunartillögu um stofnun Hofsjökulþjóðgarðs, sem lögð var fram á 140. löggjafarþingi (2011-2012). Það er því tillaga Landverndar að innan verndarsvæðis heyri, að auki við tillögu samstarfsnefndar, eftirtalin svæði:

- i) **Kerlingarfjöll.** Svæðið er á náttúruminjaskrá og í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.
- ii) **Orravatnsrústir á Hofsafrétti.** Svæðið er á náttúruminjaskrá og einstakt fyrir rústavist.
- iii) **Guðlaugstungur.** Friðlýst svæði og eitt þriggja nýrra Ramsarsvæða á Íslandi.

Verndarsvæðið myndi því stækka frá Hofsjökli og ná einnig yfir ofangreind svæði.

Að auki leggur stjórn Landverndar til að mörk friðlandsins nái lengra niður með Þjórsá og að fossarnir Kjálkaversfoss, Dynkur og Gljúfurleitarfoss ásamt

gróðurlendum með ánni allt að virkjunarlónum verði hluti af friðlandinu. Með þessu móti má ná mun heildstæðara verndarsvæði sem endurspeglar betur vistfræðilega heild og sérstöðu Þjórsárvera og nærsvæða.

4. gr. Umsjón með hinu friðlýsta svæði

Stjórn Landverndar leggur ríka áherslu á að í ráðgjafanefnd eigi sæti fulltrúi frjálsra félagasamtaka á sviði náttúruverndar.

5. gr. Vöktun

Í 10. gr. draganna er talað um að hefðbundnar nytjar í ám og vötnum verði áfram heimilaðar eins og verið hefur. Landvernd tekur undir það, en bendir jafnframt á að vöktun þurfi einnig að taka til lífríkis í ám og vötnum, þannig að bregðast megi við ef visbendingar koma fram um neikvæð áhrif nytja. Þá telur Landvernd að nefna þurfi sérstaklega vöktun gróðurs- og jarðvegsauðlindar í Þjórsárverum, en áfok er þar víða.

10. gr. Landnotkun og mannvirkjagerð

Stjórn Landverndar gerir athugasemd við að heimilt sé að halda við mannvirkjum, svo sem virkjanamannvirkjum, skálum, vegum og námum sem þegar eru í notkun, án þess að leita samþykkis Umhverfisstofnunar. Landvernd telur að viðhald slíkra mannvirkja geti falið í sér umtalsverðar breytingar á umhverfi og náttúru, ekki síst sjónrænar og áhrif á gróður og jarðminjar. Samtökin beina því til samstarfsnefndarinnar að herða kröfur varðandi þetta atriði. Sem fyrstu tillögu (kröfu) leggur Landvernd til að leyfi Umhverfisstofnunar þurfi að koma til vegna viðhalds mannvirkja og sem varatillögu að hið minnsta verði gerð krafa um samráð og umsögn Umhverfisstofnunar varðandi viðhald mannvirkja innan verndarsvæðisins. Eftir sem áður færi um slíkar framkvæmdir/viðhald leyfisveitingar skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um mannvirki nr. 160/2010. Leyfisveitendum bæri að líta til umsagnar Umhverfisstofnunar við ákvarðanir sínar.

11. gr. Umferð í friðlandinu

Umhverfisstofnun í samráði við viðkomandi sveitarfélag ætti að vera heimilt að setja takmarkanir á fjölda hrossa í reiðhópi fyrir vissar reiðleiðir ef þörf krefur að mati stofnunarinnar. Algengt er að sérstakar reglur gildi um fjölda hrossa í hverjum reiðhópi á náttúruverndarsvæðum, t.d. í Vatnajökulsþjóðgarði. Það er gert til að draga úr áhrifum á gróður og landslag.

Þá telur stjórn Landverndar að óþarfi sé að heimila umferð vegna viðhalds mannvirkja og til rannsókna á tímabilinu 1. maí til 20. júní.

12. gr. Refa- og minkaveiðar

Stjórn Landverndar tekur undir þá stefnu að útrýma skuli mink í friðlandinu. Varðandi refaveiðar, bendir Landvernd á að refurinn er eina landspendýrið sem var á Íslandi við landnám og órjúfanlegur hluti af íslenskri náttúru. Landvernd telur því að setja þurfi sérstakar reglur varðandi refaveiðar. Án slíkra reglna gæti 12. gr. brotið í bága við 7. gr. draganna þar sem talað er um að vernda skuli „vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni veranna þannig að þau þróist samkvæmt náttúrulegum lögmálum á eigin

forsendum“. Auðvitað er erfitt að tryggja ákvæði eins og það sem er í 7. gr. en auka má líkur þess með reglum eins og hér eru lagðar til.

13. gr. Undanþágur

Stjórn Landverndar tekur undir að sækja þurfi um leyfi til Umhverfisstofnunar til aksturs utan vega vegna rannsókna og verndaraðgerða. Landvernd tekur einnig undir að leita skuli umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Landvernd telur þó að ákveðin svæði innan friðlandsins séu það viðkvæm og hætta það mikil á gróður- og jarðvegsskemmdum að völdum aksturs utan vega, að ekki ætti undir neinum kringumstæðum að leyfa umferð um þau, nema þá til björgunarstarfa þar sem ekki verði komið við þyrlu. Þessi svæði eru í hjarta Þjórsárvera: Nauthagi, Illaver, Oddkelsver, Arnarfellsmúlar, Múlaver, Arnarfellsver og við Arnarfell. Ef koma þarf þungum tækjabúnaði vegna rannsókna ber að nota þyrlur til slíkra verka.

Fyrir hönd Landverndar,

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Framkvæmdastjóri Landverndar.

Notandi: Uggi Ævarsson <uggi@fornleifavernd.is>
Dagsetning: 3.4.2013 15:41:40
Til: ust@umhverfisstofnun.is
Afrit til: petur@sudurland.is, birgir@ry.is
Efni: Fw: Þjórsárver: stækkun friðlandsins

Bréf

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

, 2. apríl 2013
2013040001

Efni: Þjórsárver: stækkun friðlandsins


Minjastofnun Íslands barst umsagnarbeiðni vegna „draga að mörkum og skilmálum friðlýsingar“ Þjórsárvera. Minjastofnun gerir hreint ekki athugasemdir við stækkun friðlandsins í Þjórsárverum en minnir á menningarminjar í því samhengi. Fyrirhugað friðland hefur ekki verið fornleifaskráð kerfisbundið og mælist Minjastofnun til að sætt verði lagi og fornleifar skráðar á stækkuðu friðlandi, á vettvangi. Hnit minjastaða yrðu svo færð inn á skipulagsuppdrátt svæðisins.

Í drögum að friðlýsingarskilmálum er í 9. grein minnst á „verndun menningarminja“ og þar vísað til laga um menningarminjar nr. 80 frá 2012. Í þeim lögum kemur m.a. fram:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar.(24. grein). Ennfremur kemur fram í 21. grein sömu laga: Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllt

Umhverfisstofnun
Kristín Linda Árnadóttir,
forstjóri
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK



Garðabær, 27. mars 2013
2013010041/41-0
TB

Drög að friðlýsingarskilmálum um friðland í Þjórsárverum, stækkun friðlandsins

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun dags. 19. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að friðlýsingarskilmálum fyrir Þjórsárver.


Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. 3. gr. Náttúrufræðistofnun Ísland telur að mörk friðlandsins eigi að vera þannig að votlendi og rústamýrar austan við Kvíslavatn verði einnig innan friðlandsmarka, sjá kort á bls. 70 í skýrslu Náttúrufræðistofnunar vegna náttúruverndasráætlunar 2009-2013, NÍ-08008.
2. 5. gr. Náttúrufræðistofnun vill benda á að notkun á orðinu fagstofnanir er ekki mjög markviss þar sem að allar stofnanir geta flokkast undir það hver á sínu sviði.
3. 7. gr. Samkvæmt skilgreiningu eru vistkerfi hluti líffræðilegrar fjölbreytni. Laga má fyrstu setningu 7. greinar og orða þannig: *Vernda skal líffræðilega fjölbreytni veranna, þ.m.t. heildstætt vistkerfi þeirra, svo þau megi þróast samkvæmt eigin lögmálum náttúrunnar.*
4. 11. gr. Náttúrufræðistofnun telur að kort sem sýnir bann við akstri á snævi þakinni og frosinni jörð ekki nægjanlega víðtækt og ekki kemur fram hvað liggur til grunddallar kortinu þó lesa megi úr því að kjarni votlendis og rústamýra sé innan baun svæðisins. Svo virðist sem að einungis sé verið að koma til móts við sí auknar kröfur þess hóps fólks sem vill stunda akstur á vélknúnum farartækjum svo til út um allt. Þessi aukni akstur utan vega hefur haft og muna hafa í för með sér röskun á óspilltri náttúru og röskun á víðernum en ein megin forsenda víðerna er að þar sé hægt að njóta einveru og náttúruþar án truflunar af mannvirkjum **eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu.** Að opna fyrir umferð umfram það sem áður var leyft í friðlandinu Þjórsárverum er því í beinni andstöðu við markmið friðlýsingarinnar.
5. Í markmiðum friðlýsingarinnar kemur fram að grundvallar atriði verndunar sé vernd líffræðilega fjölbreytni í Þjórsárverum og að náttúra veranna fái að þróast samkvæmt eigin lögmálum. Refur er hluti af íslenskri náttúru og er hluti af upprunalegri líffræðilegri




fjölbreytni íslenskrar náttúru. Refur er hluti af eigin lögmálum náttúrunnar. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru engin rök sem mæla með því að veiða ref innan friðlandsins til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni. Þvert á móti eru refaveiðar innan friðlandsins í beinni andstöðu við markmið friðlýsingarinnar. Þessi heimild til veiða á ref er því óútskýrð og henni ber að hafna. Bannað hefur verið að veiða ref í friðlandi Þjórsárvera árum saman og ekki hefur verið sýnt fram á nokkuð tjón þess vegna. Refaveiðar eru einnig bannaðar skv. reglugerð um refa- og minkaveiðar nr. 437/1995. Hvort refur er veiddur utan friðlandsins er önnur saga. Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að refaveiðar séu leyfðar innan friðlands Þjórsárvera.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



Umhverfisstofnun
Samstarfsnefnd um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 3. Apríl 2013

Athugasemdir SKOTVÍS við drög að friðlýsingarskilmálum vegna stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum.

SKOTVÍS gerir athugasemdir við skort á aðkomu hagsmunaaðila að ferlinu en margir hópar eru notendur að umræddu svæði og þurfa þeirra raddir að heyrast í ferli svona mála. SKOTVÍS hefur aldrei verið formlega boðið að taka þátt í umræddu ferli og eina tækifæri SKOTVÍS til að koma fram með athugasemdir voru fundur með forstjóra UST árið 2010 þar sem félagið lagði fram athugasemdir við þau drög að friðlandinu sem þá lágu fyrir.

SKOTVÍS eru einu landssamtök skotveiðimanna sem gæta hagsmuna rúmlega 12.000 veiðikortahafa sem stunda skotveiðar í íslenskri náttúru, þ.m.t. á fyrirhugaðri stækkun núverandi friðlands. Það eitt að afgreiða þennan útivistarhóp sem afgangsstærð í undirbúningsferlinu vekur miklar áhyggjur og efasemdir um hvernig staðið er að þessu máli í heild sinni.

SKOTVÍS gerir einnig athugasemdir við skort á aðkomu annara hagsmunaaðila þ.e. félagasamtaka sem eru fulltrúar stór hóps almennings sem nýtir sér svæðið til útivista. Þessar raddir þurfa líka að heyrast í ráðgjafanefnd friðlandsins.

SKOTVÍS gerir athugasemdir við þær greinar í drögum að friðlýsingarskilmálum sem taka til skotveiða og umferðar skotveiðimanna á stækkaða svæðinu. Hér eru þau vinnubrögð gagnrýnd að núverandi lög um friðlandið í Þjórsárverum að er því er virðist heimfærð í heild sinni yfir á stækkaða svæðið án sýnilegrar umræðu um nauðsyn þess að beita sömu takmörkunum þar og í núverandi friðlandi.

Það skal tekið sérstaklega fram að SKOTVÍS er hlynnt núverandi friðlandi Þjórsárvera og þeim takmörkum sem eru á skotveiðum í friðlandinu. Hinsvegar hafa ekki komið fram nein rök sem liggja að því að banna eigi allar skotveiðar í stækkuðu friðlandi, hvorki vistfræðilegar né önnur.

Megin athugasemdir SKOTVÍS snúa að greinum 4, 7, 11 og 12 í fyrirbyggjandi drögum að verndaráætlun. Þær eru svohljóðandi:

4 gr. Umsjón með hinu friðlýsta svæði.

Mikilvægt er að fulltrúar útivistarfélaga hafi fulltrúa í þeirri nefnd sem ætlað er vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar vegna friðlandsins. Útivistargildi fyrirhugaðs friðlands er mikið og sér í lagi vegna hefða fyrir nýtingu heiðargæsa á svæðinu. Því er mikilvægt að útivistarhópar sem verða sérstaklega til umfjöllunar hafi aðkomu og rödd sem heyrir innan þessarar nefndar.

7. gr. Verndun gróðurs og dýralífs.

Þar sem rík hefð er fyrir skotveiðum á svæðinu og sér í lagi heiðargæsaveiðum, er mikilvægt að í 7. grein komi fram að sjálfbærar veiðar séu hluti af líffræðilegri þróun dýralífs á stækkaða svæðinu. Mikilvægt er líta til ástands heiðargæsastofnsins í þessu samhengi, þar sem stofninn hefur verið í örum vexti á s.l. 30 árum (þreföldun). Sú stofnun sem fer með stjórn fuglaveiða – Umhverfisstofnun – hefur hvatt til frekari nýtingar á heiðargæsnum auk þess skilja skotveiðar ekki eftir sig óafturkræf ummerki, m.t.t. vistgerðar, umfram aðra útivistarhópa s.s. gönguhópa.

SKOTVÍS leggur því til að grein 7 verði svohljóðandi:

Vernda skal vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni veranna þannig að þau þróist á sjálfbæran hátt þar sem veiðar eru hluti af þeirri eðlilegu þróun sem eru á líffræðilegu fjölbreytni sem þar rúmast inni. Þar sem rústamýravist þolir illa rask eru allar athafnir sem leitt geta til röskunnar á vistgerðinni óheimilar.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum á verndarsvæðinu þ.m.t. rækta framandi plöntutegundir í friðlandinu sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Fjarlægja skal framandi tegundir plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á svæðið eða berast inn á það. Nánari útfærslu er að finna í verndaráætlun.

11 gr. Umferð í friðlandinu

Í 11. gr segir „Óheimilt er að vera með lausa hunda í friðlandinu“, Skotvís leggst alfarið gegn þessu ákvæði þar sem hundar eru nauðsynlegir veiðimönnum við gæsaveiðar og tryggja þeir m.a. að særðir og dauðir fuglar íla sér í hendur veiðimanna og vandséð er að lausaganga þeirra valdi meira raski í friðlandi en lausaganga smalahunda.

SKOTVÍS leggur því til að grein 11 taki tillit til þessara sjónarmiða.

12 gr. Refa- og minkaveiðar

SKOTVÍS leggst alfarið gegn því að 12. grein gildi um stækkað hluta friðlandsins þar sem með henni er verið að **banna** alla skotveiði á því svæði. Þessari grein er á lævísan hátt breytt úr heitinu meðferð skotvopna sem kom fram í fyrstu drögum að friðlýsingar stækkuninni yfir í


kafla um Refa og – minkaveiðar. Hefðir fyrir skotveiðum meðfram Þjórsá og svæðunum í kringum núverandi friðland eru miklar. Heiðargæsveiðar eru mikið stundaðar meðfram allri Þjórsánni og hafa verið stundaðar þar á einn eða annan hátt í ár hundruð. Heiðargæsveiðin er stunduð í tvær til þrjár vikur frá 20. ágúst og fram í byrjun september úr sterkasta gæsastofni Íslands en heiðargæsastofninn hefur ríflega þrefaldast á síðustu 30 árum. Rjúpnaveiðar hafa verið stundaðar á svæðinu meðal annars í jaðri Hofsjökuls og er þeim veiðum nú þegar settar strangar skorður af Umhverfisstofnun. Enginn haldbær rök, hvorki líffræðileg né vistfræðileg hafa verið sett fram sem styðja bann eða aðrar takmarkanir á veiðum á fyrirhuguðu stækkuðu friðlandi.

Mikilvægt er að veiðimenn geti stundað veiðar á ref og mink innan svæðisins án sérstaks leyfis frá Umhverfisstofnun og um það gildi almennar reglur frekar en sértækar. Mikilvægi þessara veiða er mikið til að viðhalda eðlilegu jafnvægi í fuglalífi á svæðinu og koma í veg fyrir að vargur höggvi stór skörð í varp til að mynda heiðargæsar en núverandi friðland er mjög mikilvægt varpland fyrir heiðargæs.

Það er von SKOTVÍS að tillögurnar eins og þær líta út í dag taki eðlilegum breytingum, sem byggja á málefnalegri umræðu þeirra hagsmunaaðila sem eiga eðlilega aðkomu að störfum nefndarinnar, þar með talið fulltrúar skotveiðimanna, SKOTVÍS, eins stærsta útivistarhóps á Íslandi (12.000 veiðikortahafar sem endurnýja kort sitt árlega).

f.h. SKOTVÍS

Elvar Árni Lund, formaður



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK
ÍSLAND

Reykjavík, 3. apríl 2013
Tilvísun: 2013040007
EBj/BH

Efni: Athugasemd við auglýsta tillögu að stækkun friðlands í Þjorsárverum.

Vegagerðin, Landsvirkjun og Landsnet hafa um nokkurt skeið unnið að forathugun fyrir Sprengisandsveg, Sprengisandslínu og virkjanir á Holtamannafrétti og Bárðdælafrétti. Þessir aðilar telja mikilvægt að skoða þessi mannvirki í samhengi, bæði af umhverfis- og hagkvæmnisástæðum. T.d. er horft til þess að nauðsynlegir vegir vegna virkjanaframkvæmda falli að áformum um framtíðarveg yfir Sprengisand þannig að ekki verði að óþörfu ráðstafað landi undir vegi á mörgum stöðum. Þá er einnig mikilvægt að skoða í samhengi staðsetningu vegar og línu, ekki síst með tilliti til sjónrænna áhrifa.

Helstu markmið með þessari vinnu eru:

- *Stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda þ.e. orkuauðlinda, jarðvarma og vatnsafls.*
- *Tryggja umhverfisvernd viðkvæmra svæða m.a. með bættu skipulagi.*
- *Stuðla að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða sem m.a. styrkir ferðaþjónustu á afréttinum.*
- *Finna hagkvæma staðsetningu mannvirkja með tilliti til veðurfars og rekstraröryggis.*
- *Lágmarka áhrif af fyrirhuguðum mannvirkjum.*
- *Lágmarka kostnað við mannvirkjagerð.*
- *Leita hagkvæmustu lausna í vegagerð til að stuðla að umferðar- og rekstraröryggi og til að efla ferðaþjónustu.*

Sprengisandsvegur

Lengi hefur verið gert ráð fyrir því að Sprengisandsvegur muni liggja um Kvíslaveitur og að verulegu leyti innan þess svæðis sem fyrirhuguð stækkun friðlands í Þjorsárverum nær yfir. Í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, sem staðfest var 1999, er gert ráð fyrir að vegurinn liggji um þetta svæði. Sama gildir um Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022. Niðurstaða vinnuhóps, sem vinnur að forathugun fyrir línur, virkjanir og vegi á Holtamannafrétti er, að sú lega Sprengisandsvegar sem er í staðfestu aðal- og svæðisskipulagi er í meginráttum heppileg sem framtíðarleið fyrir Sprengisandsveg.

Vegagerðin telur eðlilegt að austurmörk friðlandsins taki mið af því að Sprengisandsvegur liggji utan fyrirhugaðs friðlands. Til vara gerir Vegagerðin kröfu um að í friðlýsingarskilmálum komi fram heimild til að byggja upp framtíðarveg um Sprengisand skv. staðfestu aðalskipulagi.

Virðingarfyllst,




Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri

Afrit:
Ásahreppur,
Rangárþing ytra,
Þingeyjarsveit.



Landsvirkjun



Nefnd um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum
b.t. Kristínar Lindu Árnadóttur, forstjóra
Umhverfisstofnun
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08.04.2013
Tilvísun vor: 62 NOR-000

Efni: Þjórsárver - umsögn um drög að mörkum og skilmálum friðlýsingar

Vísað er til bréfs yðar, dags. 13. mars 2013, sem barst Landsvirkjun þann 15. mars sl. um ofangreint efni.

Landsvirkjun þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma á framfæri ábendingum og upplýsingum vegna áforma umhverfisráðuneytisins um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, sunnan við Hofsjökul. Eftir því sem við á er hér í umsögninni stuðst við fyrri umsögn Landsvirkjunar til nefndarinnar, dags. 29. september 2010, en fjallað sérstaklega um tillögu að mörkum friðlands og skilmála eins og óskað er eftir í bréfi yðar.

Hér að neðan verða rakin helstu sjónarmið Landsvirkjunar um málið.

1. **Stækkun friðlands til suðurs ekki í samræmi við ályktun Alþingis:** Fyrirætlanir um stækkun friðlands Þjórsárvera byggjast á gildandi náttúruverndaráætlun 2009-2013. Í greinargerð með tillögu að áætluninni segir að mikilvægt sé að allar þær tillögur um friðlýsingu er koma fram í náttúruverndaráætlun hvíli á skýrum faglegum grunni bæði hvað varðar þekkingu á náttúrunni og mati á verndargildi hennar og forsenda fyrir óskum um friðlýsingu hljóti lögum samkvæmt að vera þörf fyrir verndun svæðis (og/eða tegunda) vegna fágætis eða sérstöðu á landsvísu eða heimsvísu. Ekki hafa verið sett fram skýr rök fyrir stækkun friðlands Þjórsárvera langt suður fyrir mörk veranna inn á Fjórðungssand en á þessu svæði finnst varla vottur af svokallaðri rústamýrarvist, sem stækkun núverandi friðlands samkvæmt ályktun Alþingis byggist á. Þessi viðmið ganga þvert á þau sjónarmið er komu fram í greinargerð með tillögu að náttúruverndaráætlun og vitnað er til hér að ofan.
2. **Stækkun friðlands á Hofsjökli virðist ekki byggja á grunni náttúruverndarlaga:** Landsvirkjun vekur athygli Umhverfisstofnunar og nefndarinnar á því að í gildandi náttúruverndaráætlun er aðeins í greinargerð sýndur austurhluti Hofsjökuls innan marka friðlandstillögunnar. Það vekur spurning um það á hvaða grunni náttúruverndarlaga þessi stækkun friðlandsins yfir allan jökulinn er gerð miðað við fyrirnefndar faglegar forsendur fyrir stækkuninni.
3. Landsvirkjun telur mikilvægt að vekja sérstaka athygli á, eins og áður hefur komið fram í umsögnum Landsvirkjunar til nefndasviðs Alþingis, dagsettum 15. janúar 2009 og 18. júní 2009, að Landsvirkjun styður stækkunartillögu þá sem samstarfshópur umhverfisráðuneytis og viðkomandi sveitarfélaga náði samkomulagi um á árinu 2007. Þar var lagt til að friðlandið verði stækkað til norðausturs og til vesturs en ekki til suðurs. Sveitarfélögin á svæðinu lýstu yfir stuðningi við þá tillögu og óskuðu eftir að



tillit yrði tekið til þeirra við afgreiðslu náttúruverndaráætlunar. Í samhljóða álitum umhverfisnefndar Alþingis um náttúruverndaráætlun á 136. löggjafarþingi (þskj. 864-192. mál) segir m.a. orðrétt um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum þar sem fjallað var um m.a. stækkun svæðisins til suðurs: „Nefndin telur mikilvægt að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum verði í áætluninni og ítrekar að endanleg mörk hins friðaða svæðis verði ákveðin í samráði við heimamenn og hagsmunaaðila. Nefndin áréttar jafnframt að samþykkt tillögunnar hefur engin áhrif á þegar útgefin virkjunarleyfi í Þjórsá og Tungnaá.“

4. Landsvirkjun á og rekur mikilvæg veitumannvirki til orkuframleiðslu, Kvíslaveitu, í austanverðu friðlandinu. Um er að ræða stíflur ásamt botnrásum og yfirföllum, veituskurði og vegi. Einnig eru reknar margar vatnamælistöðvar í friðlandinu. Nauðsynlegt er að heimila aðgengi til vöktunar þessara mannvirkja og viðhalds og annarra öryggisráðstafana. Vakin er athygli á því að eðlilegt viðhald getur falið í sér efnistöku úr námum í nágrenni mannvirkjana en námur þessar voru notaðar við gerð mannvirkjana.
5. Úr Hofsjökli falla árnar Blanda og Þjórsá, sem báðar eru nýttar til orkuframleiðslu. Áframhaldandi mælingar og vöktun á breytingum á Hofsjökli eru mikilvægar fyrir skammtíma- og langtíma rekstraráætlanir Landsvirkjunar og könnun á áhrifum loftslagsbreytinga á jökklum á Íslandi. Því er lögð áhersla á að aðgengi starfsmanna Landsvirkjunar og sérfræðinga að Hofsjökli til hvers konar mælinga verði ekki takmarkað.
6. Áform um stækkun friðlandsins til suðurs byggir eins og áður segir ekki á skýrum rökum. Nauðsynlegt er að sýna fram á að stækkunin byggi á lögmætum og málefnalegum grundvelli því að hún takmarkar að fundin verði ásættanleg lausn á mögulegri orkunýtingu í efri hluta Þjórsár. Veita úr farvegi Þjórsár undir Kjalöldu yfir í Illugaverskvísl og til Þórisvatns er einn hagkvæmasti orkuöflunarkostur sem Landsvirkjun hefur unnið að enda er fyrst og fremst verið að auka nýtingu eldri virkjana með veitunni. Allar rannsóknir, áætlanir og undirbúningur undanfarinna ára og áratuga hafa miðað að því að finna lausn sem sætt gæti sjónarmið orkunýtingar og náttúruverndar. Þótt niðurstaða rammaáætlunar hafi verið sú að setja Norðlingaölduveitu í núverandi mynd í verndarflokk þá eru líkur á að unnt sé að finna annarri útfærslu á orkunýtingu farveg með þessi sjónarmið að leiðarljósi. Að minnsta kosti ætti ekki að útiloka rannsóknir á breyttri tilhögun þar sem tekið er tillit til þeirra athugasemda er upp komu í rammaáætlunarferlinu.
7. Minnt er á að Alþingi samþykkti á sínum tíma heimild til handa Landsvirkjun að reisa og reka vatnsmiðlun við Norðlingaöldu. Þann 15. mars 2003 samþykkti Alþingi lög nr. 67/2003 um breytingu á raforkulögum nr. 60/1981 eftir ítarlega umfjöllun umhverfis- og iðnaðarnefnda. Með lögunum var kveðið á um heimild iðnaðarráðherra til útgáfu leyfis fyrir Norðlingaölduveitu en ákvæðið var svohljóðandi:

“Landsvirkjun er enn fremur heimilað að fengnu leyfi iðnaðarráðherra að reisa og reka vatnsmiðlun, Norðlingaölduveitu, í samræmi við skilyrði er fram koma í úrskurði setts umhverfisráðherra, dags. 30. janúar 2003.”

Þann 7. september 2004 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir Norðlingaölduveitu. Var leyfið gefið út eftir auglýsingu þess efnis samkvæmt ákvæðum vatnalaga nr. 15/1923. Þann 9. september 2004 veitti forsætisráðherra Landsvirkjun heimild til framkvæmdanna innan þjóðlendu.

Í kjölfar niðurstöðu 2. áfanga rammaáætlunar hefur Landsvirkjun skoðað hvernig breyta mætti tilhögun virkjunarhugmynda til að draga úr þeim umhverfisáhrifum sem



faghópar hafa sett fyrir sig og lagt til grundvallar röðun sinni. Í tilfalli Norðlinga-ölduveitu telur Landsvirkjun eðlilegt að færi sé gefið á að endurskoða núverandi tilhögun m.a. mismunandi rekstrarhæðir veitulóns, þ.e. hvort þörf sé á að reka lónið við hærri vatnsborð á veturna, eða halda sömu rekstrarhæð allt árið og tryggja þannig að lón veitunnar nái ekki inn í Eyvafen. Áform um stækkun friðlandsins til suður myndi útiloka slíka breytta tilhögun. Enn fremur myndi Landsvirkjun útfæra þær hugmyndir um rennslisstýringar sem lagðar voru fyrir faghópa rammaáætlunar við kynningu á tilhögun veitunnar. Þar var sýnt hvernig haga mætti rekstri þannig að dregið yrði úr áhrifum veitunnar á fossa neðan hennar. Að mati Landsvirkjun er veita úr efri hluta Þjórsár yfir í Þórisvatn bæði hagkvæmari og umhverfisvænni kostur en aðrar útfærslur á virkjun efri hluta Þjórsár í einu eða tveimur þrepum niður í Sultartangalón.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri

Fylgiskjöl: Vísað er til fylgiskjala er send voru nefndinni í bréfi, dags. 20.09.2010.